

**Veðurstofa Íslands
Snjóflóðavarnir**

SNJÓFLÓÐASAGA NESKAUPSTAÐAR

Svanbjörg Helga Haraldsdóttir tók saman

Júlí 1997

EFNISYFIRLIT

INNGANGUR	5
Endurminningar Ingvars Pálmasonar	5
Skipulag um 1930	6
Um gagnasöfnun	6
Kort og gagnavinnsla.....	8
Störf snjóflóðanefndar Neskaupstaðar	9
Veðurstofa Íslands, ný lög.....	10
Helstu snjóflóð, sem sögur fara af.....	11
Athugasemdir	12
SNJÓFLÓÐ Í NESKAUPSTAÐ - NÚMER ÞEIRRA OG TÍMI.....	13
SNJÓFLÓÐ Í NORÐFJARÐARSVEIT - NÚMER ÞEIRRA OG TÍMI.....	17
SNJÓFLÓÐ Í NESKAUPSTAÐ - LÝSINGAR Á EINSTÖKUM FLÓÐUM.....	18
Snjóflóð fyrir 1970	18
Snjóflóð 1970 - 1975.....	31
Snjóflóð 1975 - 1980.....	63
Snjóflóð 1980 - 1985.....	89
Snjóflóð 1985 - 1990.....	104
Snjóflóð 1990 - 1995.....	111
SNJÓFLÓÐ Í NORÐFJARÐARSVEIT - LÝSINGAR Á EINSTÖKUM FLÓÐUM	122
GIL TALIN ÚT EFTIR FRÁ KIRKJUMEL	130
MYNDIR FRÁ NESKAUPSTAÐ	130
HEIMILDASKRÁ	140

Viðaukar

Viðauki 1.	Gagna- og heimildaöflun 19.-22. sept. 1995 - stytt samantekt	143
Viðauki 2.	Heimsókn Gunnars Ólafssonar snjóathugunarmanns í Neskaupstað 1975-1983	148
Viðauki 3.	Samtöl við Hjörleif Guttormsson í jan.-feb. 1996 og mars-apríl 1997	150
Viðauki 4.	Neskaupstaður og Norðfjarðarsveit. Samantekt úr Skriðuföllum og snjóflóðum	151
Viðauki 5.	Úr endurminningum Ingvars Pálmasonar - árin kringum 1894	157
Viðauki 6.	Þegar snjóflóð hljóp á Þiljuvelli árið 1894. Frásögn Haralds Brynjólfs-sonar	160
Viðauki 7.	Snjóflóð í Naustahvammi 1885. Frásögn Jóns Einarssonar.....	163
Viðauki 8.	Úr gögnum Hjörleifs Guttormssonar 1975	165
Viðauki 9.	Kort eftir mælingum og athugunum Hjörleifs Guttormssonar: Snjóflóð í Neskaupstað 19.-28. des. 1974 - Kort með örnefnum og staðsetningum snjóathugunarstaura 1975-1979	196
Viðauki 10.	Snjóflóðanefnd Neskaupstaðar	201
Viðauki 11.	Snjóflóðavarnir í Neskaupstað. Fréttatilkynning frá bæjarstjórn Neskaupstaðar, 15. desember 1976.....	211

Kort

Kort 1.	Neskaupstaður. Grunnkort.
Kort 2.	Neskaupstaður. Heildarþekja snjóflóða til 31. júlí 1995.
Kort 3.	Neskaupstaður. Snjóflóð fram til 31. júlí 1995.
Kort 4.	Neskaupstaður. Snjóflóð fram til 31. júlí 1970.
Kort 5.	Neskaupstaður. Snjóflóð frá 1. ágúst 1970 til 31. júlí 1975.
Kort 6.	Neskaupstaður. Snjóflóð frá 1. ágúst 1975 til 31. júlí 1980.
Kort 7.	Neskaupstaður. Snjóflóð frá 1. ágúst 1980 til 31. júlí 1985.
Kort 8.	Neskaupstaður. Snjóflóð frá 1. ágúst 1985 til 31. júlí 1990.
Kort 9.	Neskaupstaður. Snjóflóð frá 1. ágúst 1990 til 31. júlí 1995.

INNGANGUR

Heildarsamantekt þessi á snjóflóðasögu Neskaupstaðar er sú fyrsta sem gerð er í rituðu máli, en á Veðurstofu Íslands hefur fyrr verið safnað gögnum fyrir flest önnur snjóflóðasvæði í þéttbýli hér á landi og þau birt í skýrsluformi. Samantektin nær til vorsins 1995. Hjörleifur Guttormsson tók árið 1975 saman snjóflóðasögu fram til áramóta 1974-1975, sem sett var fram á kortum. Árni Jónsson verkfræðingur hjá Hnit hf gerði prófritgerð um snjóflóð og snjóflóðavarnir í Neskaupstað, og einnig gerði hann hættumat fyrir Neskaupstað 1992. Hann byggði á gögnum Hjörleifs, setti þau í töfluform og gerði kort, og teiknaði þá einnig upptök flóða, mat þau. Auk þess hafa komið fram ýmis gögn, sem hefur verið byggt á. Ofangreind gögn, auk upplýsinga úr tímaritinu Jökli, eru megingrunnur þessa rits.

Síðar þyrfti að gera samantekt fyrir allan Norðfjörð, en nú er hann eitt sveitarfélag, þ.e. Neskaupstaður. Hér verða þó aðallega tekin fyrir snjóflóð á þéttbýlissvæðinu, en í heimsókn til Neskaupstaðar í september 1995 fengust upplýsingar um fjallið innan við þéttbýlið og einnig snjóflóð, sem varð í Seldal. Með tímanum hefur bæst enn meira við upplýsingarnar. Síðar þarf að fá nákvæmari staðsetningu flóðanna utan þéttbýlisins og teikna inn á kort í nothæfum mælikvarða. Slík kort eru, enn sem komið er, eingöngu til fyrir þéttbýlið og næsta nágrenni þess. Til að halda hér til haga upplýsingum, sem hafa fengist um snjóflóð í hlíðunum innan og utan við þéttbýlið, voru þær settar í sérstakan kafla aftan við aðalkaflann.

Snjóflóðasagan, sem hér er tekin saman, veitir mynd af snjóflóðum, sem fallið hafa á rúmlega einni öld, sérstaklega stærri flóðum. Upplýsingar um snjóflóð, sem ekki hafa valdið tjóni, hafa þó sjaldan verið skráðar áður fyrir hér á landi og eru því eflaust ekki tæmandi hér. Ef meiri eða betri vitneskja fæst síðar, verða gögnin uppfærð og kemur það þá fram í nýjum útgáfum af snjóflóðasögunni.

Margir hafa hjálpað til við gagnaöflun. Það er ómetanlegt, þegar svona samantekt er gerð, að fá sem mestar og bestar upplýsingar frá þeim sem þekkja til staðháttu og fylgst hafa með náttúrunni á staðnum og þekkja það sem ritað hefur verið, t.d. af dagbókum og blaðgreinum.

Endurminningar Ingvars Pálmasonar

Í broti úr endurminningum Ingvars Pálmasonar alþingismanns, Norðfirði, sem barnabarn hans, Margrét Björnsdóttir, lét í té, segir hann: ”Harðinda og ísárin sem gengu yfir Norður- og Austurland um og eftir 1880 voru farin að strjálást um 1890, þó komu snjóa og ísa ár á milli og yfirleitt voru þá snjóalög á Austurlandi allmikið meiri en á fyrrihluta tuttugustu aldarinnar.” Hann segir frá vorinu 1892, og vetrinum 1892-1893 og 1893-1894, sem allir voru snjóþungir, og að alla þessa vetur hafi verið mikið um snjóflóð á Norðfirði.

Síðan segir hann: “Þá var engin byggð innar en í Krossskálavík, að undanteknum tveim býlum, Bjarnaborg og Skriðu, fyrr en í Naustahvammi. ... en á Bjarnaborg bjó ... og kona hans .. með börn sín. Voru þar léleg húsakynni. Voru þau hjón ásamt börnunum alla veturna, flutt út að Nesi vegna snjóflóðahættu. Ekki grandaði snjóflóð kofunum samt, en 1894 hljóp feiknamikið flóð úr Tröllagilinu og fór nokkur hluti þess yfir kofana á Bjarnaborg, en ekki skemmdust þeir til muna, því aðalflóðið fór utar og langt í sjó fram. Var flóðið svo þykkt, þar sem sjórinn braut framan af því í fjöru að

það var talið 10 álnir að þykkt. Alla þessa vetur, á meðan snjóflóðahætta var, var aldrei farið á milli Naustahvams og Ness nema á fjöru, enda var líttfært vegna snjóþyngsla eftir ströndinni. Var stillt svo til að fara þessa leið helst á fjarandi sjó, því menn höfðu þá trú að meiri hætta væri á að snjóflóð féllu með flæðandi sjó. 1894 féll eina snjóflóðið á þessum árum sem olli verulegu tjóni, þó á hverjum vetri féllu snjóflóð í sjó fram.”

Af frásögn Ingvars Pálmasonar sést, að fólkíð hefur snemma metið snjóflóðahættu eftir aðstæðum. Það hefur lært að lifa með náttúrunni, gert eigið hættumat og “lýst yfir hættuástandi”, þegar þurfa þótti.

Skipulag um 1930

Skipulag var gert af Neskaupstað um 1926-1930. Í heimsókn í september 1995 var rætt við Smára Geirsson, sagnfræðing í Neskaupstað. Hann hafði undir höndum eintak af gamla skipulagskortinu og einnig grein í Jafnaðarmanninum, skrifaða 1928 af Guðjóni Samúelssyni, Guðmundi Hannessyni og Geir Zoëga. Skipulagskortíð er undirritað 11. október 1930 af þeim sömu. Í greininni segir: ”Við þetta bætist, að allur vesturhluti bæjarins, frá læknum við fiskhús Konráðs Hjálmarssonar og inn úr, er að sögn kunnugra manna í yfirvofandi hættu af snjóflóðum. Hins vegar er ærið bæjarstæði og gott í austurhluta bæjarins og austan hans, sérstaklega þegar kemur upp á flatlendið ofan brekku. Nú er öll aðstaða og afstaða Norðfjarðar þannig, að telja má víst, að þar vaxi upp allmikill bær og útgerð, líklega stærsti bærinn á Austurlandi. - Fyrir slíkan bæ er *alls ekki pláss á gamla svæðinu*, og auk þess óhæfa að byggja bæ, að minnsta kosti íbúðarhús, þar sem hætta er mikil á snjóflóðum. Vjer teljum því sjálf-sagt og óumflýjanlegt, að *flytja bæinn smám saman austur á við* og upp fyrir brekkur, en *leyfa engar nýbyggingar á hættusvæðinu*, svo sem markað er fyrir á skipulagsuppdrætti. Mönnum, sem þar eiga hús og lóðir, verður bærinn á sínum tíma að sjá fyrir jafngóðum hússtæðum á hentugri stað. ... Hann þarfnast þá mikils lands, bæði til ræktunar og beitar, svo óumflýjanlegt virðist, að hann eignist eigi aðeins Neslandið, heldur og næstu jarðirnar fyrir fjarðarbotninum”. Skáletrunin er eins og í greininni.

Þarna var komið “hættumat”, en virðist hafa gleymst fljótt, eða skipulagið ekki verið talið mögulegt í framkvæmd. Ármann Snævarr segir að faðir sinn, Valdimar Snævarr, sem var skólastjóri barnaskólans 1914-1944, hafi barist hatrammlega fyrir að fá að byggja barnaskólann á þeim stað, sem hann átti að vera samkvæmt þessu skipulagi og fékk því framgengt. Sá staður átti að verða í miðjum bæ á öruggu svæði. Eignardeilur urðu líklega til þess að ekki var byggt lengra út eftir í mörg ár, en Neskaupstaður tók landið að Nesi eignarnámi síðar.

Í bókinni *Bæirnir byggjast* eftir Pál Líndal, kemur fram að Norðfjarðarkauptún, Nesverslunarstaður eða Nestún fékk kaupstaðarréttindi 1928 og var bærinn nefndur Neskaupstaður. Íbúafjöldinn var orðinn 1118 árið 1930. Þar er einnig gerð grein fyrir skipulaginu, sem staðfest var 12. nóvember 1930.

Um gagnasöfnun

Sigurjón Rist gerði yfirlitskort um snjóflóð, sem eru í kafla III í *Snjóflóð og snjóflóðahætta á Íslandi* eftir hann og Ólaf Jónsson, í 21. árgangi Jökuls. Kortin eru á blaðsíðum 41-44. Þar kemur ekkert snjóflóð fram á Norðfirði fyrr en á 19. öld, en þar var strjálbýlt og ólíklegt að menn hafi orðið varir við snjóflóð nema í næsta nágrenni,

nema ef ferðast var. Flest snjóflóð, sem sögur fara af á landinu frá fyrri öldum, hafa valdið eyðileggingu og/eða dauðsföllum.

Upplýsingarnar í yfirlitinu hér fyrir aftan voru upphaflega unnar úr snjóflóðaánnálum í Jökli, kortum frá febrúar og nóvember 1975, en Hjörleifur Guttormsson safnaði gögnum og undirbjó gerð þeirra, og úr sérprentun úr ársriti SVFÍ 1975 á grein eftir Hjörleif Guttormsson, Snjóflóðin í Neskaupstað, sem er um snjóflóðin í desember 1974. Ennfremur er stuðst við gögn Árna Jónssonar úr prófritgerð við Kungl. Tekniska Höskolan í Stokkhólmi 1987 um snjóflóð og snjóflóðavarnir í Neskaupstað 1987, *Avalanche Defences in Neskaupstadur Iceland*, og hættumat hans frá 1992. SHH gerði samantekt um Neskaupstað og Norðfjarðarsveit úr II og III bindi *Skriðufalla og snjóflóða*, útg. 1992, og er hún í viðauka 4. Bindi III er eftir Ólaf Jónsson, Sigurjón Rist og Jóhannes Sigvaldason og fjallar um snjóflóð á Íslandi, en II bindið er eftir Ólaf Jónsson og Halldór Pétursson og fjallar um skriðuföll.

Ýmsar upplýsingar bættust við í ferð í september 1995 til Neskaupstaðar, fyllt var í eyður um eldri snjóflóð og upplýsingar fengust um snjóflóð síðustu vetur, sem snjóathugunarmenn höfðu skráð þar. Einnig fundust þar tvö kort með upplýsingum um snjóflóð 1976-1979 og ýmsar fróðlegar samantektir frá fyrri tíð, t.d. um snjóflóðanefndarstörf. Ljósmyndir voru teknar í ferðinni til að átta sig betur á staðháttum.

Gögn frá Hjörleifi Guttormssyni, sem hann safnaði aðallega 1974-1975, hafa verið varðveitt í Skjalasafni Neskaupstaðar í vörslu Guðmundar Sveinssonar. Afrit fengust af ýmsum skjölum þar 31. janúar 1996. Hálfðan Haraldsson sýndi mér staðhætti í sömu ferð, þar sem snjóflóð höfðu fallið í fjallinu innan við þéttbýlið og í Seldal.

Í mars-apríl 1997 voru gögn Hjörleifs Guttormssonar yfirfarin og sumt unnið í ritvinnslu og fylgir hér með sem viðauki 8 með hans leyfi. Var að nokkru leyti bætt við upplýsingum, sem komu fram í handritum hans um samtöl við heimildarmenn, og einnig upplýsingum um snjóflóð sem féllu í jan.-feb. 1975. Heimildir fyrir hverju flóði í þessari samantekt eru víðast hvar taldar kort Hjörleifs, en kortin byggja á þessum gögnum að nokkru leyti. Síðar þarf að fá afrit af nokkrum hljóðrituðum samtölum, sem Hjörleifur átti við heimildarmenn sína. Snjóflóðum í skýrslunni voru gefin hlaupandi númer. Þessi gögn, sem bætast nú við, fá hærri númer, svo varast ber að líta á númerin sem tímaröð.

Í Jökli eru lýsingar á snjóflóðum í snjóflóðaánnál árána 1972-1975 og segja má að flokkun sé þar gerð að einhverju leyti. Ekki eru þar nákvæmar staðsetningar. Fyrir árin 1976-1978 voru birtar töflur um tíma og fjölda snjóflóða í fjallinu fyrir ofan Neskaupstað. Hafliði Helgi Jónsson tók saman upplýsingar um snjóflóð og setti í handritaða töflu, en þar kemur fram í hvaða giljum flóð urðu ofangreind ár. Kortin tvö, sem fengust í Neskaupstað, með upplýsingum um snjóflóð, annað fyrir þrjá vetur (1975-1978) og hitt fyrir veturinn 1978-1979, bæta enn við þessar upplýsingar, en ekkert hefur fundist um gerð snjóflóðanna. Athuga þarf veðurgögn til að meta slíkt. Upplýsingar um snjóflóðin á korti frá vorinu 1979 virðast alls ekki hafa komið til Veðurstofunnar, en þau eru ekki með í töflum í Jökli fyrir 1978-1979 og ekki heldur í töflu Hafliða. Þar er reyndar ekkert snjóflóð nefnt frá mars 1978 til febrúar 1981.

Skýrslur um snjóflóð á þar til gerðum eyðublöðum eru til frá 1981 til 1983. Þá voru einnig birtar nákvæmari upplýsingar um snjóflóðin í Jökli en gert hafði verið fyrir 1979.

Þessi samantekt nær til vorsins 1995, eins og fram hefur komið, og er eingöngu búið að teikna flóð fram að þeim tíma á kort. Engin snjóflóð féllu veturinn 1995-1996. Veturinn 1996-1997 féllu tvö snjóflóð úr Nípunni utan við Neskaupstað. Í mars 1997 skriðu víða vot snjóflóð niður hlíðina ofan við bæinn. Tvö þau stærstu féllu úr Drangaskarði og Miðstrandarskarði, en engar skemmdir urðu.

Karstein Lied og Steinar Bakkehøj hjá Norges Geotekniske Institutt (NGI) gerðu árið 1975 skýrslu um veður og aðstæður með tilliti til snjóflóða í Neskaupstað, NGI: Neskaupstaður kommune, snöskredforhold, 75436-1. Þar eru lýsingar á veðri þegar snjóflóð féllu samkvæmt snjóflóðasögu Hjörleifs Guttormssonar, en tími flóða var oft óviss og veðurathuganir misjafnar á þessum tíma, þ.e. frá 1885-1974. Fram kemur að stærstu flóðin virðast hafa fallið í norðlægum til austlægum áttum með snjósöfnun, a.m.k. 30-40 mm úrkomu á Dalatanga eða í Neskaupstað á 3-4 dögum. Ef hitastigið er 2-3°C, er snjórinn blautur langt upp eftir fjalli, og þá fara flóðin ekki eins langt. Þessar lýsingar eru ekki notaðar hér um einstök flóð, en gagnlegt er að skoða þessa skýrslu í samhengi.

Æskilegt væri að gera veðurlýsingu úr veðurgögnum Veðurstofunnar út frá dagsetningu snjóflóða, sem eru vel þekkt. Ákveðið var að sú vinna yrði unnin síðar. Sérstök rit verða samin á Veðurstofunni um einstök flóð, t.d. Flateyrarflóðið í október 1995, og verður þar sett fram veðurlýsing.

Kort og gagnavinnsla

Auk þess að skrá gögnin í þetta rit, voru útlínur flóðanna hnitaðar með Arc Info kerfi, þar sem upplýsingar reyndust nægar til þess. Anne Choquet hafði umsjón með því auk þess sem hún teiknaði upptök margra flóðanna út frá legu landsins. Kort voru síðan teiknuð, þar sem heildarþekja flóðanna var teiknuð á eitt kort, öll flóðin teiknuð saman á annað kort, eitt kort var gert fyrir öll þekkt flóð fyrir 1970 og síðan gert kort fyrir hver 5 ár frá 1970 til 1995. Að meðtöldu grunnkortin eru kortin 9 alls, sem fylgja með þessu riti, en ekki er vitnað í þau sérstaklega í texta um hvert flóð. Á 5 ára kortin eru merkt hlaupandi númer flóðanna, og koma þau fram efst í upplýsingum um flóð hér fyrir aftan, svo og dagsetning eða tími þeirra. Samhliða lestri um snjóflóð á því að vera hægt að skoða útlínur þess á korti, þar sem það hefur verið teiknað.

Þegar snjóflóðin voru hnitúð var þeim gefið númer eða auðkenni, kallað “snjoflod”, sem skráð var, þ.e. fest við “teikningu” þess í Arc Info. Þessi númer verða einkvæm yfir allt landið, hverju númeri tilheyrir aðeins eitt snjóflóð. Snjóflóð, sem ekki voru hnitúð, fengu einnig slík númer til að nota í gagnagrunnsvinnslu. Þau verða öll síðar skráð í gagnagrunn Veðurstofunnar, ásamt öðrum upplýsingum, og munu upplýsingar í gagnagrunni tengjast gögnunum í Arc Info. Viðhengi (c, i eða u) er skráð með númerum til að auðvelda samhengi í vinnslu þeirra síðar (t.d. snjoflod = 169 c). Þau tákna:

- c = Útlínur snjóflóða öruggar. Þær eru mældar eða færðar á kort með allgóðri nákvæmni af samtímaheimildarmanni (outlines of avalanches are certain).
- i = Útlínur snjóflóða ónákvæmar. Þær eru færðar á kort eftir frásögn samtímaheimildarmanns eða samkvæmt áreiðanlegum heimildum, en geta verið ónákvæmar (outlines of avalanches are inaccurate).
- u = Útlínur snjóflóða óvissar. Þær eru færðar á kort eftir eldri eða óvissum heimildum (outlines of avalanches are uncertain).

Snjóflóðin eru aðgreind á kortunum aftast eftir þessari flokkun með mismunandi línu-gerðum. Upptökin eru oftast óviss, nema í desember 1974. Þar eru þau þekkt á flestum flóðanna og loftmyndir til af þeim. Þau eru teiknuð í sama flokki og tunga viðkomandi flóðs lendir.

Uppsetning upplýsinga um hvert snjóflóð í þessari samantekt er að miklu leyti stöðluð og er svipuð og Jón Gunnar Egilsson á Veðurstofu Íslands hefur notað í fyrri “snjóflóðasögum” fyrir aðra staði. Númer snjóflóðs hefur verið skráð sem hlaupandi númer eins og áður kom fram. Þar sem þetta er fyrsta samantekt Veðurstofunnar fyrir Neskaupstað hafa snjóflóðin ekki fengið svona númer þar fyrir. Hvert flóð fékk númer og voru númerin í tímaröð, en eins og fram kom bættust nýlega við snjóflóð í listann hér og fengu þau hærri númer en komin voru. Þetta númer er skráð fremst með upplýsingum um flóð í þessari samantekt. Einnig er skráð hér “snjoflod” númer, sem skráð var í Arc Info með viðkomandi flóði, en það er, eins og áður sagði, einkvæmt númer yfir allt landið og er eins og það verður í gagnagrunni. Númer snjóflóða, sem eru á korti Hjörleifs Guttormssonar á flóðum í desember 1974, eru enn fremur skráð hér svo auðveldara sé að bera þau saman við gögn í þessari samantekt. Númer snjóflóða frá Árna Jónssyni eru einnig skráð, en þau eru úr töflu hans yfir snjóflóð, sem hann notaði við gerð hættumats fyrir Neskaupstað 1992. Víða hefur hann sett athugasemdina “líkleg upptök” í yfirlit yfir snjóflóð 1885-1990. Upplýsingar lágu oftast aðeins fyrir um tungur þessara snjóflóða, en Árni og félagar hans hjá NGI áætluðu upptök þeirra, teiknuðu þau fremur breið að hans sögn, og setti Árni þau á kort og ferlarnir voru notaðir í reiknilíkon. Þar sem upptök flóða eru óviss, metin, kemur það alls staðar fram. Þegar þessar upplýsingar frá honum voru settar inn hér, voru þær merktar honum og athugasemdir hans láttnar fylgja með, þar sem við átti.

Kortin frá 1975 eru frá Arkitektastofunni sf, Ormari Þór Guðmundssyni og Örnólfi Hall. Þar fengust afrit af kortum í mælikvarða 1:5000, en þau eru góð til yfirlits, en hjá VÍ voru flest kortin, sem til voru áður, í mælikvarða 1:2000.

Árni Jónsson hefur líklega ekki haft kort Hjörleifs Guttormssonar frá 1975 í eins stórum mælikvarða og Veðurstofa Íslands, og kemur því sums staðar fram munur á aflestri SHH og ÁJ af kortunum.

Stundum bar upplýsingum ekki saman, en þá var reynt að meta hvað væri líklegast og það haft efst, og síðan tekið fram hvað aðrar heimildir gáfu til kynna. Þar eru skammstafanir nafna heimildarmanna settar fyrir framan viðkomandi upplýsingar, en heimildir og heimildarmenn eru talin upp í lokin á upplýsingum um einstök flóð undir “Heimildir”.

Störf snjóflóðanefndar Neskaupstaðar

Eins og fram hefur komið gekk mikil snjóflóðahrina yfir Neskaupstað í kringum 20. desember 1974. Snjóflóð féllu úr flestum giljum og tvö þeirra með skelfilegum afleiðingum. Í fyrra flóðinu, Bræðsluflóðinu, létust 7 manns, en í því síðara, Mánaflóðinu, sem féll um stundarfjórðungi síðar, létust 5 manns. Auk þess varð mikið eignatjón.

Eftir snjóflóðin hóf Hjörleifur Guttormsson að skrá upplýsingar um þau. Gerði hann vettvangsrannsóknir og tók viðtöl á næstu vikum við heimamenn. Hann safnaði upplýsingum um snjóflóðin í desember 1974 og einnig um eldri snjóflóð, gefin voru út kort með þessum upplýsingum í febrúar 1975, og einhver þeirra endurskoðuð í

nóvember sama ár. Þessar upplýsingar eru ómetanlegar og eru grunnur þess, sem hér birtist.

Þetta var fyrsti hluti starfsemi vegna snjóflóða í Neskaupstað, sem haldið hefur verið áfram svo til sleitulaust síðan. Snjóflóðanefnd var kosin í september 1975, og skilaði hún tillögum í október 1976 (sjá viðauka 10). Eins og segir í gögnum frá snjóflóðanefndinni: “Á fundi bæjarstjórnar 12. september 1975 var að tillögu bæjarráðs samþykkt samhljóða að kjósa 5 manna nefnd vegna snjóflóða: ... til að sjá um og vinna að frekari rannsóknum og vörnum gegn þeim.” Starfsmaður nefndarinnar var tilnefndur Þórarinn Magnússon, bæjarverkfræðingur, en Hjörleifur Guttormsson var kosinn formaður nefndarinnar.

Á vegum nefndarinnar komu til landsins erlendir sérfræðingar frá Sviss og Noregi til að athuga aðstæður og gefa ráð um varnir.

Nefndin skilaði af sér álit í október 1976 með 32 fylgiskjölum (hluti þessara gagna er í viðauka 10), og í framhaldi af því samþykkti bæjarstjórn tillögur, sem þar komu fram. Tillögurnar voru í 10 atriðum, en meðal þess, sem nefndin lagði til var:

- að starf athugunarmanns snjóflóða í Neskaupstað yrði til frambúðar
- að almannavarnanefnd hefði rýmingaráætlun tilbúna á hverjum tíma
- að ekki yrðu byggð hús til íbúðar eða atvinnurekstar á svæðum, sem sérfróðir aðilar teldu að snjóflóð gætu náð til
- að mótaðar yrðu reglur og sett lög um hver skyldi bera kostnað og taka ákvarðanir um hugsanleg varnavirki (nefndin hafði fengið sérfræðilegt mat á snjóflóðahættu gagnvart byggð og tillögur að varnavirkjum)
- að bæjarbúum yrðu veittar hlutlægar upplýsingar og fræðsla um snjóflóð og hættu af þeim
- að bæjaryfirvöld og almannavarnir Neskaupstaðar leituðu samvinnu og hefðu frumkvæði um aðgerðir til eflingar snjóflóðavarna á landsmælikvarða
- að bæjarstjórn veitti athygli þeirri hættu, sem byggð gæti stafað af skriðuföllum og aurflóðum

Tillögur þessar eru allnærri því sem nú er reynt að starfa eftir á landsvísu. Í Neskaupstað hefur síðan verið starfandi snjóathugunarmaður og nú eru þeir tveir.

Á Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen voru nýlega unnar tillögur að snjóflóðavörnum fyrir Neskaupstað og kom út skýrsla 1995, *Snjóflóðavarnir í Neskaupstað - forathugun*, VST verk 93.111.

Erlendir sérfræðingar ásamt starfsmönnum Veðurstofunnar gerðu yfirlit yfir þörf fyrir snjóflóðamannvirki. Rit eftir Tómas Jóhannesson o.fl., *Þörf fyrir snjóflóðavarnarvirki á Íslandi*, kom út í október 1996.

Veðurstofa Íslands, ný lög

Í ársbyrjun 1996 tóku gildi ný lög um starfsemi snjóflóðavarna, en lög um snjóflóðavarnir hafa verið í sífelldri endurskoðun eftir Súðavíkurlóðið í janúar 1995. Veðurstofu Íslands var falin umsjá þeirra mála á flestum sviðum, m.a. að sjá um vöktun vegna snjóflóðahættu. Tók Veðurstofan yfir rekstur á snjóathugunum í öllum skil-

greindum snjóflóðabæjum landsins, og ráðnir voru starfsmenn til eftirlits. Starfsemin breyttist lítið sem ekkert í Neskaupstað við það. Sömu snjóathugunarmenn héldu áfram störfum og er nán samvinna milli Veðurstofunnar, bæjaryfirvalda og almanna- varna staðarins í þessum efnum, eins og ætlast er til.

Á vormisseri 1996 var gerð rýmingaráætlun fyrir helstu snjóflóðabæi landsins. Starfs- hópar voru skipaðir, en í þeim voru starfsmenn Veðurstofunnar og heimamenn við- komandi staða. Hverjum bæ var skipt upp í svæði eftir giljum og snjóflóðafarvegum og gerð grein fyrir hvers konar aðstæður bæri sérstaklega að varast á hverju þeirra. Síðan var skipt þvert á svæðin eftir því hvað áætlað var að snjóflóð færu langt við mismunandi aðstæður. Stig I var miðað við þekkt snjóflóð og hættu, sem skapast gæti, við hóflega snjósöfnun. Stig II var að mestu miðað við þekkt snjóflóð, eins og þau hafa náð lengst, og svo önnur svæði, sem voru talin sambærileg. Þar er talin skapast hætta við mikla snjósöfnun. Stig III var miðað við mjög stór snjóflóð, svonefnd aftakaflóð, sem eru hugsanleg við verstu aðstæður. Reiknilíkan hóps frá Háskóla Íslands var notað til hliðsjónar. Flestum bæjunum var þannig skipt í þrjú lárétt svæði og mynduðu skiptingarnar lóðrétt og lárétt reiti. Í Neskaupstað var ekki talin þörf á stigi I. Helstu snjóflóðasvæðunum var skipt upp í stig II, II½ og III. Stigi II½ var bætt við, til að auðveldara væri að framkvæma rýmingu. Greinargerð um snjóflóðaaðstæður vegna rýmingarkorts fyrir Neskaupstað, VÍ-G96007-ÚR07, var gefin út af Veður- stofu Íslands í mars 1996. Rýmingaráætlun og reitaskipting bæjanna var síðan kynnt með því að dreifa upplýsingabæklingi í hvert hús og á kynningarfundum.

Eins og áður kom fram, unnu erlendir sérfræðingar með starfsmönnum snjóflóðavarna að athugunum á þörf á varnavirkjum við eða í bæjum þar sem talin er snjóflóðahætta. Í október 1996 kom út rit eftir Tómas Jóhannesson o.fl. með niðurstöðunum, *Þörf fyrir snjóflóðavarnarvirki á Íslandi* (sjá heimildalista).

Á haustmisseri 1996 hafa starfsmenn VÍ lagst á eitt um að skipuleggja enn betur vöktun veðurs og ástands snævar með tilliti til snjóflóða. Vonast er til að þetta verði til þess að draga umtalsvert úr slysum vegna snjóflóða og auka öryggi gegn þessari skelfilegu vá.

Aldrei verður hægt að koma í veg fyrir öll slys af völdum snjóflóða, svo lengi sem fólk býr undir fjallshlíðum eða er á ferð á snjóflóðasvæðum. Rýmingaráætlanir verða eflaust um langan tíma ríkur þáttur í vörnum Íslendinga gegn snjóflóðum, en bæirnir verða líklega aldrei fullkomlega varðir gegn snjóflóðavánni. Rýmingum hefur verið beitt gegn snjóflóðavá fyrr á tímum hér á landi, eins og fram kemur í lýsingu frá Ingvari Pálmasyni hér framar. Mest er um vert að landsmenn læri að lifa með náttúr- unni, skynji hvenær snjóflóðahætta er til að varast hana, bæði í sinni heimabyggð og á ferðalögum. Reyndin er sú, að á snjóflóðastöðum hafa margir búið yfir mikilli kunn- áttu af þessu tagi.

Helstu snjóflóð, sem sögur fara af

Hér eru talin upp þau snjóflóð við þéttbýlið í Neskaupstað, sem sögur fara af og hafa farið lengst. Sum þeirra hafa valdið tjóni.

Fyrsta snjóflóð, sem sögur fara af og fór yfir bæi, þar sem nú er Neskaupstaður, var 1885, oft nefnt Naustahvammsflóðið (nr. 1), og féll það úr Ytri Sultarbotnagjá. Kona og tvö börn fórust í flóðinu.

Sagnir eru til um mikið snjóflóð úr Tröllagili (nr. 2), Tröllagilsflóðið, sem féll í sjó fram, sennilega 1894. Sagt er, að tungan hafi verið mjög þykk þar sem sjór braut framan af henni.

Piljuvallaflóðið féll úr Drangaskarði 1894 (nr. 3) og kom á bæinn Piljuvelli. Ekkert manntjón varð. Heimilisfólkið komst út af sjálfsdáðum, en tveir menn lentu undir flóðinu, í snjógöngum í lækjargili. Annar þeirra var með skóflu og gróf þá upp.

Sérstaklega ætti að taka eftir því sem segir í endurminningum Ingvars Pálmasonar, þar sem hann skrifar um árin kringum 1894: “1894 féll eina snjóflóðið á þessum árum sem olli verulegu tjóni, þó á hverjum vetri féllu snjóflóð í sjó fram.”

Snjóflóð féll í sjó fram úr Bræðslugjám (nr. 5) í jan.-feb. 1936, en það klofnaði ofan við bæinn Hruna.

Snjóflóð féll úr Miðstrandargili (nr. 6) í jan. 1936, en það fór næstum í sjó fram.

Snjóflóð féll úr Innri Sultarbotnagjá (nr. 7) í feb.-mars 1936 og drapst fé.

Snjóflóð féll úr Bræðslugjám (nr. 135) um 1940, og stöðvaðist ofan við Hruna, braut girðingu og flutti til tunnu ofan bæjarins.

Mikil snjóflóðahrina varð í Neskaupstað í kringum 20. desember 1974 og féllu snjóflóð víða ofan við Neskaupstað. Alls létust 12 manns í tveimur snjóflóðanna, en þau féllu með um stundarfjórðungs millibili, þ.e. Bræðsluflóðinu (nr. 25) og Mánaflóðinu (nr. 26), sem féllu úr Bræðslugjám og Miðstrandarskarði.

Prastarlundsflóðið (nr. 107) féll 1990 innan við þéttbýlið á bæinn Þrastarlund. Þar hafði þá enginn vetursetu, en skemmdir urðu á eignum.

Athugasemdir

Rétt þykir að taka fram, að í Neskaupstað tákna “út eftir” út eftir firði eða austur og “inn eftir” á sama hátt vestur. Hér tákna því utan við gil *austan við það* og innan við gil *vestan við það*.

Gögnum er skipt niður í kafla til samræmis við snjóflóðakortin, sem eru aftast. Snjóflóðaárinu lýkur 31. júlí ár hvert, eins og fram kemur á kortunum og eru kaflaskipti í samræmi við það. Sá fyrsti nær fram til 31. júlí 1970 og síðan nær hver þeirra yfir 5 ára tímabil til 1995.

Anne Choquet hafði umsjón með hnitun gagnanna og skráningu í Arc Info og teiknaði upptök flóðanna út frá legu landsins þar sem þau voru ekki þekkt.

Sérstaklega vil ég þakka Hjörleifi Guttormssyni alþingismanni fyrir þá aðstoð, sem hann hefur veitt við þessa samantekt, svo og Guðmundi Helga Sigfússyni, snjóathugunarmanni. Ennfremur þakka ég Katrínu Guðmannsdóttur fyrir gerð viðauka, Magnúsi Má Magnússyni fyrir lokafrágang korta í Arc Info, Flosa Hrafni Sigurðssyni og Barða Þorkelssyni fyrir yfirlestur. Aðrir, sem veittu upplýsingar eða komu á annan hátt að þessu verki, fá einnig bestu þakkir.

SNJÓFLÓÐ Í NESKAUPSTAÐ - NÚMER ÞEIRRA OG TÍMI

Númer	Snjoflod	AI-fl. c,i,u	Gil	Tími
1	153	u	Ytri Sultarbotnagjá	26.02.1885
2	173	u	Tröllagilið	1894
3	186	i	Drangagil	24.01.1894
134	1109	-	Gunnólfsskarð	um 1914
4	175	i	Innra Tröllagil	mars 1920
133	1108	-	Úr gjám utan við Gunnólfsskarð	um 1920
5	158	i	Bræðslugjár	jan.-feb. 1936
6	168	i	Miðstrandargil	jan. 1936
7	150	i	Innri Sultarbotnagjá	feb.-mars 1936
135	1110	i	Bræðslugjár	um 1940
149	1124	-	Stóralækjargil	mars 1956
8	193	i	Nesgil	feb.-mars 1966
9	196	i	Bakkagil	feb.-mars 1966
10	154	i	Ytri Sultarbotnagjá	04.02.1974
11	165	i	Bræðslugjá III	04.02.1974
12	161	i	2. gil utan við Bræðslugjár	04.02.1974
13	172	i	Klofagil	04.02.1974
14	1072	i	Milli Klofagils og Innra Tröllagils	04.02.1974
15	180	i	Ytra Tröllagil	04.02.1974
16	183	i	Urðarbotn	04.02.1974
17	187	i	Drangagil	04.02.1974
18	194	i	Nesgil	04.02.1974
19	197	i	Bakkagil	04.02.1974
20	195	c	Nesgil	19.12.1974
21	198	c	Bakkagil	19.-20.12.1974
22	199	i	Uxavogslækjargil	19.-21.12.1974
23	200	i	Stóralækjargil	19.-21.12.1974
24	1070	i	Hálslækjargil	19.-21.12.1974
25	162	c	Bræðslugjárnar þrjár	20.12.1974
26	169	c	Miðstrandargil	20.12.1974

Númer	Snjoflod	AI-fl. c,i,u	Gil	Tími
27	188	c	Drangagil	20.12.1974
28	1071	c	Skágil	20.12.1974
29	189	-	Drangagil	20.-21.12.1974
30	192	-	Skágil	20.-21.12.1974
31	152	c	Innri Sultarbotnagjá	20.-21.12.1974
32	155	c	Ytri Sultarbotnagjá	20.-21.12.1974
33	1073	c	Breiðajaðarsgil	20.12.1974
34	176	c	Innra Tröllagil	20.-21.12.1974
35	181	c	Ytra Tröllagil	27.12.1974
36	182	c	Urðarbotn (innra flóð)	27.-28.12.1974
37	184	c	Urðarbotn (ytra flóð)	28.12.1974
38	177	c	Milli Klofagils og Innra Tröllagils	28.12.1974
137	1112	i	Miðstrandarskarð	10.01.1975
138	1113	i	Bræðslugjá I	10.01.1975
148	1123	i	Bræðslugjá II	10.01.1975
139	1114	i	Gil nr. 2 frá Ytri Sultarbotnagjá	14.01.1975
140	1115	i	Bræðslugjá I	31.01.1975
141	1116	i	Stóralækjargil	02.02.1975
142	1117	i	Fast utan við Ytri Sultarbotna	02.02.1975
143	1118	i	Klofagil	03.02.1975
144	1119	i	Bræðslugjá I	Nokkrum dögum fyrir 13.02.1975
145	1120	i	Bræðslugjá I	15.-16.02.1975
146	1121	i	Innan við Ytri Sultarbotnagjá	15.-16.02.1975
39	1039	i	Skágil	06.01.1976
40	1057	i	Bræðslugjá I	06.01.1976
41	1041	i	Skágil	22.-23.01.1977
42	1045	i	Klofagil	22.-23.01.1977
43	1051	i	2. gil utan við Ytri Sultarbotnagjá	22.-23.01.1977
44	1054	i	Brynjólfsbotnagjá	22.-23.01.1977
45	1038	i	Stóralækjargil	20.02.1977
46	1033	i	Drangagil	06.03.1977
47	1036	i	Sniðgil og Urðarbotn	22.03.1977 ?

Númer	Snjoflod	AI-fl. c,i,u	Gil	Tími
48	1058	i	Ytri Sultarbotnagjá	27.04.1977
49	1049	i	1. gil utan við Bræðslugjár	27.04.1977
50	1048	i	2. gil utan við Bræðslugjár	27.04.1977
51	1047	i	3. gil utan við Bræðslugjár	27.04.1977
52	1046	i	1. gil innan við Miðstrandargil	27.04.1977
53	1059	i	Klofagil	27.04.1977
54	1035	i	Sniðgil og Urðarbotn	27.04.1977 ?
55	1050	i	Bræðslugjá I	12.10.1977
56	1056	i	Bræðslugjá I	03.03.1978
57	1053	i	Ytri Sultarbotnagjá	03.03.1978
58	1052	i	2. gil utan við Ytri Sultarbotnagjá	03.03.1978
59	1044	i	2. gil utan við Bræðslugjár	03.03.1978
60	1037	i	Miðstrandargil	03.03.1978
61	1043	i	Klofagil	03.03.1978
62	1042	i	2. gil innan við Innra Tröllagil	03.03.1978
63	1034	i	Sniðgil og Urðarbotn	03.03.1978
64	1032	i	Drangagil	03.03.1978
65	1055	i	Gunnólfsskarð	26.03.1978
66	1040	i	Í hlíðinni innan við Nesgil	veturinn 1977-1978
67	1060	i	Skágil	15.04.1979
68	1090	i	Miðstrandargil	15.04.1979
69	1066	i	Klofagil	17.04.1979
70	1065	i	Bræðslugjá I	17.04.1979
71	1067	i	Klofagil	20.05.1979
72	1068	i	Bræðslugjá III	20.05.1979
73	1069	i	Bræðslugjá II	20.05.1979
74	1061	i	Klofagil	22.-23.05.1979
75	1062	i	2. gil utan við Bræðslugjár	22.-23.05.1979
76	1063	i	Bræðslugjár	22.-23.05.1979
77	1064	i	Næsta gil innan við Bræðslugjár	22.-23.05.1979
78	190	i	Drangagil	06.02.1981
79	1076	i	Ytri Sultarbotnagjá	20.03.1981

80	160	i	Bræðslugjá I	20.03.1981
Númer	Snjoflod	AI-fl. c,i,u	Gil	Tími
81	185	i	Rétt innan Drangagils	23.03.1981
82	170	i	Miðstrandargil og/eða Klofagil	29.03.1981
83	1095	-	Fjallið ofan Neskaupstaðar	29.03.1981
84	156	i	Innri Sultarbotnagjá	04.11.1981
85	1077	i	Ytri Sultarbotnagjá	04.11.1981
86	157	-	Neðan Fláa ?	04.11.1981
87	159	i	Bræðslugjár I og II	04.11.1981
88	1096	-	Fjallið ofan við Þrastarlund	04.11.1981
89	179	i	Miðstrandargil og/eða Klofagil	01.-02.03.1982
90	178	i	Tröllagil	01.-02.03.1982
91	191	i	Drangagil	01.-02.03.1982
92	1091	-	Nesgil	01.-02.03.1982
93	1092	-	Bakkagil	01.-02.03.1982
94	1093	-	Stóralækjargil	01.-02.03.1982
95	166	i	Bræðslugjár	01.-02.03.1982
96	167	i	Innan Miðstrandargils	09.-10.01.1983
97	1074	i	Skágil utan Drangaskarðs	09.01.1983
98	1097	-	Ofan við frystihús	15.04.1988
99	1083	c	Hlíð rétt innan við Bræðslugjá I	21.03.1989
100	1084	c	Bræðslugjá I	21.03.1989
101	1085	c	1. gil innan við Miðstrandargil	21.03.1989
102	1082	c	Klofagil	21.03.1989
103	1080	c	Gil næst innan við Drangaskarð	21.03.1989
104	1079	c	Nesgil	21.03.1989
105	1078	c	Bakkagil	21.03.1989
106	1081	c	Innan við Uxavogslækjargil	21.03.1989
107	149	c	Gunnólfsskarð	27.02.1990
108	1008	c	Næsta gil vestan Drangagils	07.02.1994
109	1013	c	Bræðslugjá I	22.03.1994
110	1011	c	Bræðslugjá II	22.03.1994
111	1012	c	Bræðslugjá III	22.03.1994

112	1094	-	Drangagil	15.01.1995
113	1004	c	Nesgil	01.03.1995
Númer	Snjoflod	AI-fl. c,i,u	Gil	Tími
114	1001	c	Stóralækjargil	02.-03.03.1995
115	1002	c	Uxavogslækjargil	02.-03.03.1995
116	1003	c	Bakkagil	02.-03.03.1995
117	1005	c	Nesgil	02.-03.03.1995
118	1007	c	Urðarbotn-Sniðgil	11.03.1995
119	1006	c	Skágil	11.03.1995
120	1010	c	Gunnólfsskarð	11.03.1995
121	1014	c	Gunnólfsskarð, austan við aðalgilið	11.03.1995
122	1009	c	Bræðslugjá I	18.03.1995

SNJÓFLÓÐ Í NORÐFJARÐARSVEIT - NÚMER ÞEIRRA OG TÍMI

147	1122	-	Norðfjarðarnípa	29.09.1835
123	1098	-	Hjáleigulækur	1926
124	1100	-	Seldalur	1920-1930
125	1101	-	Þrígjár (sennilega)	líklega 1936
126	1102	-	Staðargjá	feb. 1974
127	1099	-	Hnausagjá	um 20.12.1974
128	1103	-	Staðargjá	20.12.1974
136	1111	-	Norðfjarðarnípa, gildrag fast utan við Þúfu	um 20.12.1974
129	1104	-	Staðargjá	eftir 1980
130	1105	-	Kirkjuból	mars-apríl 1989
131	1106	-	Hofsgjá	?
132	1107	-	Hnausagjá	?

SNJÓFLÓÐ Í NESKAUPSTAÐ LÝSINGAR Á EINSTÖKUM FLÓÐUM

Snjóflóð fyrir 1970

Flest gögnin í þessum kafla eru fengin af kortum Hjörleifs Guttormssonar. Sums staðar hefur Anne Choquet teiknað upptök flóða í Arc Info, þar sem hún taldi það unnt, og eru þau á snjóflóðakortunum aftast. Gögnin hér á eftir eru eingöngu byggð á öðrum grunnupplýsingum, en var ekki breytt neitt þó upptökunum hafi verið bætt við síðar.

Ytri Sultarbotnagjá 26.02.1885 Naustahvammsflóðið

Númer:	Númer 1 Snjoflod = 153 u ÁJ: NKR04a
Dagsetning:	ÓJ: 26.02.1885, kl. 02. Kirkjubók: 26.02.1885. JE: Laust eftir miðnætti aðfaranótt 27.02.1885.
Staðsetning:	Ytri Sultarbotnagjá.
Flóðfarvegur:	
Upptök:	ÁJ: Hæð ≈ 750 m (líklegt upptakasvæði).
Farvegur:	ÁJ: Lárétt lengd ≈ 1.9 km.
Tunga:	HG: Hæð stöðvunarpunkts 0 m. ÁJ: Breidd ≈ 240 m. ÁJ: Þykkt tungu óþekkt. ÁJ: Hæð stöðvunarpunkts = 0 m. Hljóp í sjó fram við Naustahvamm.
	GSv.: Flóðið klofnaði og ytri tungan hljóp í sjó fram skv. Guðmundi Sveinssyni, en hann hafði það eftir Guðríði Þorleifsdóttur.
Tegund flóðs:	ÁJ: Þurrt flekahlaup.
Veður:	Frásögn Jóns Einarssonar: “Fyrri hluti vetrar 1884-1885 var snjóléttur í Norðfirði, og var oftast auð jörð allt fram yfir nýár. Frá Pálmessu, 26. janúar, skipti alveg um og byrjaði að snjóa. Hver vikan af annarri leið svo næstum aldrei stytta upp, og ekki sást einu sinni yfir fjörðinn. Á þessum tíma var oftast þungur stormur en ekki mikið frost. Fóru öll mannvirki í kaf, bæir og útihús, svo fólk þóttist ekki muna aðra eins fannkyngi frá því veturinn 1836, sem e.t.v. hefur verið hinn versti á öldinni. ... Í Norðfirði er þá sögu að segja, að þar hélt sífellt áfram

að snjóa, og var svo komið að kvöldi 26. febrúar, að frá því þessi óveðurshrina hófst, höfðu aðeins komið þrjú dagar, sem ekki var meiri og minni snjókoma einhvern tíma sólarhrings-ins.”

ÓJ, III bindi, bls. 135. Sagt er frá veðri dagana fyrir snjóflóðin á Seyðisfirði, en víða hljóp á Austurlandi og verður hér gripið niður í þann texta: “Tíðarfar á Austfjörðum eftir áramótin þennan vetur var með þeim hætti, að framan af janúar mátti það heita hagstætt, en síðari hluta mánaðarins tók að snjóa, og hlóð þá niður snjó af austri og norðaustri um allt Austur- og Norðurland í þrjú vikur til mánuð samfleytt. Þannig var t.d. 31. jan. ANA dimmviðri með stormi, töluverðu frosti og afskaplegri snjókoma. 1. febr. ANA dimmviðri, nokkurt frost og afar mikil snjókoma, og 2. febr. ANA dimmviðrisrytja, með töluverðu frosti og stormnæðingi. Þennan dag tóku snjóflóð að falla á Seyðisfirði. ... Tíðarfarið hélst óbreytt næstu daga, oftast norðan- og norðaustanhríðar með nokkru frosti.”

Orsök:

Snjókoma flesta daga í mánuð.

Mannskaðar og tjón:

Hljóp á tvo bæi við Naustahvamm í Norðfirði. Kona og 2 börn fórust, er voru í koti þar, en heimilisfólk, fernt að tölu, á hinum bænum, sem flóðið tók, var grafið úr fönn og tók fleiri tíma að bjarga þeim. Snjóflóðið snerti tvo aðra bæi, en ekki svo að það skemmdi til muna (sjá lýsingu í ÓJ, III bindi, bls. 151-154). Ath. snjóflóð féllu víða um þetta leyti á Austfjörðum, eitt hið mesta sem sögur fara af á Seyðisfirði 18.02.1885.

Heimildir:

Kirkjubók 1885, afrit.

Jón Kr. Ísfeld: Leiftur frá liðnum árum, bls. 131-132.

Ingi Jónsson 1954: Snjóflóð í Naustahvammi 1885. Frásögn Jóns Einarssonar. Erindi, sem Ingi Jónsson flutti á samkomu í maí 1954, er 25 ára afmælis Neskaupstaðar var minnst.

Kort 1:5000: Yfirlit um snjóflóð í Neskaupstað til ársloka 1974 samkvæmt ýmsum heimildum, safnað af Hjörleifi Guttormssyni: Febr. 1975, endurskoðað í okt. 1975.

Ólafur Jónsson, Sigurjón Rist og Jóhannes Sigvaldason: Skriðuföll og snjóflóð, útg. 1992, III bindi.

Árni Jónsson, Hnit hf: Snjóflóðahættumat fyrir Neskaupstað mars 1992, 69-44-00-SK-01 (heimildarmaður Hjörleifur Guttormsson).

Guðmundur Sveinsson, samtal í sept. 1995.

Samtal Hjörleifs Guttormssonar við Guðna Þorleifsson 16.01.1975.

Alþjóðleg flokkun:

Athugasemdir:

Guðni Þorleifsson segir í samtali við Hjörleif Guttormsson 16.01.1975, að þrjú bæir hafi lent í flóðinu og segir frá staðsetningu þeirra.

Tröllagilið 1894

- Númer:** Númer 2
Snjoflod = 173 u
ÁJ: NKR13a og NKR14a
- Dagsetning:** IP: 1894.
HG: Jan.-feb. 1885?
- Staðsetning:** IP: Tröllagilið.
ÁJ: Innra Tröllagil og Ytra Tröllagil.
- Flóðfarvegur:**
Upptök: ÁJ: Upptakasvæði ekki skilgreint.
Hæð ≈ 550-650 m.
- Farvegur:** ÁJ: Lárétt lengd ≈ 1.3-1.5 km.
- Tunga:** Allir: Hæð stöðvunarpunkts = 0 m.
IP: Var flóðið svo þykkt þar sem sjórinn braut framan af því í fjöru að það var talið 10 álnir að þykkt.
ÁJ: Breidd ≈ 180 m.
ÁJ: Þykkt tungu óþekkt.
- Tegund flóðs:** ÁJ: Óþekkt.
- Veður:** IP: “Vetur sá var mjög snjóþungur frá janúar til páska, sá snjóþyngsti af þessum þrem vetrum. Snjóaði þá hér í fjörðum látlaust hvern dag í þrjár vikur” (átt við þennan vetur og tvo næstu á undan).
- Orsök:** Mikil snjókoma.
- Mannskaðar og tjón:** IP: ”... fór nokkur hluti þess yfir kofana á Bjarnaborg en ekki skemmdust þeir til muna, því aðalflóðið fór utar og langt í sjó fram.”
- Heimildir:** Úr endurminningum Ingvars Pálmasonar.
Kort eftir mælingum og athugunum Hjörleifs Guttormssonar: Snjóflóð í Neskaupstað til febr. 1975 (eldri flóð með).
Árni Jónsson, Hnit hf: Snjóflóðahættumat fyrir Neskaupstað mars 1992, 69-44-00-SK-01 (heimildarmaður Hjörleifur Guttormsson).
Samtöl við Aðalstein Jónsson, Hálfðan Haraldsson, Guðmund Sveinsson og Gunnar Ólafsson.
- Alþjóðleg flokkun:**
- Athugasemdir:** ÁJ: “Ártal ekki vitað með vissu. Breidd ónákvæm. Upptakasvæði ekki skilgreint.”
Ingvar Pálmason segir þannig frá flóði 1894: “Ekki grandaði snjóflóð kofunum samt, en 1894 hljóp feiknamikið flóð úr Tröllagilinu og fór nokkur hluti þess yfir kofana á Bjarnaborg en ekki skemmdust þeir til muna, því aðalflóðið fór utar og langt í sjó fram. Var flóðið svo þykkt þar sem sjórinn braut

framan af því í fjöru að það var talið 10 álnir að þykkt.”
- Sennilega er þetta sama flóð og viðmælendur mínir sögðu frá, en virtist hafa fallið á sama tíma og flóðið við Naustahvamm fyrir neðan, en ytri brún tungu verið á Tröllanesi. Þar kom fram að flóðið hafi gengið í sjó fram við Tröllanes og þykkt hafi verið mikil þar sem sjór braut af stálinu, mjög mikil magn, skv. munnmælum AJ og meira en hæð manns á hestbaki, er teygði upp svipu sína, er hann reið í fjöru neðan flóðs skv. GÓ og GSv., og höfðu þeir það eftir sér eldri mönnum.

Drangagil 24.01.1894 Piljuvallaflóðið

Númer:	Númer 3 Snjoflod = 186 i ÁJ: NKR18a
Dagsetning:	24.01.1894. = miðvikudagsmorgun fyrstan í þorra 1894 (grein 1960). (Jan. 1894 (ÁJ), 5. eða 7. feb. 1894 (Ísafold)).
Staðsetning:	Drangagil.
Flóðfarvegur:	HB: “Snjóflóðið hafði komið alla leið ofan úr Drangaskarðskinn, líklega sprungið fram úr brún Rósubotns, en svo heitir botninn neðan undir Drangaskarði. Það hafði svo komið niður Kúahjallann utanverðan og áfram niður túnið. Smákvísl úr því hafði farið fram fyrir hæðarbunguna á túninu, sem áður er minnzt á, og lent á húsapýrpinguna þar.”
Upptök:	IP: Úr Drangaskarðsgilinu og kinninni að vestan alla leið ofan úr fjallsegg. ÁJ: Hæð ≈ 500-600 m (líkleg upptök).
Farvegur:	ÁJ: Lárétt lengd ≈ 1.4-1.6 km.
Tunga:	SHH: Hæð stöðvunarpunkts 15 m. ÁJ: Breidd ≈ 120 m. Þykkt tungu óþekkt. Hæð stöðvunarpunkts ≈ 20 m.
Tegund flóðs:	ÁJ: Óþekkt.
Veður:	Úr grein í jólablaði Austurlands 1960: “Fyrri hluta vetrar hafði snjóað töluvert en þann snjó tekið upp aftur að mestu af láglandi. Fyrsta þorradag var þannig töluverður snjór ofarlega í fjallinu, en í neðra aðeins í giljum. Þennan dag var stillt og gott veður, alveg blíðalogn, en þykkt loft og úrkomulegt. Féð hafði verið látið út um morguninn, og upp úr hádeginu er ég sendur af stað til að smala ánum. Á meðan ég er að því, byrjar að ýra úr lofti, ósköp rólega, en eigi var það snjór strax, heldur

kalsa rigning eða krapi, sem fraus fljótt og varð að svellglerungu á steinum, þannig að ég átti bággt með að standa á fótunum á leiðinni heim með ærnar. Þegar leið á kvöldið varð úrkoman að snjó og kyngdi nú niður snjónum látlaust þangað til á miðvikudagsmorgun, en þá breyttist úrkoman aftur í rigningu.”

ÓJ: Snjóflóð hlupu víða á Austfjörðum síðast í janúar og fram um miðjan febrúar.

Orsök:

Svellglerungur, síðan snjócoma og loks rigning.

Mannskaðar og tjón:

Skv. frásögn HB í Austurlandi 1960 björguðust 2 menn úr snjógöngum í lækjargili við Þiljuvelli, en flóðið fór einnig á bæinn og fyllti bæjargöngin. Heimilisfólk að Þiljuvöllum, sem var í baðstofunni, gróf sig út um glugga. Eignir skemmdust og búfé drapst, en hlaða varði húsið.

IP: “... féll það yfir bæ og útihús að Þiljuvöllum og drap 30 kindur og 1 hest, tók af útihús nær öll, mikið af heyi, og féll út í sjó eftir Kvíabólslæknum en sakaði ekki hús til muna á Kvíabóli. Manntjóni olli það ekki ...”

Heimildir:

Kort eftir mælingum og athugunum Hjörleifs Guttormssonar: Snjóflóð í Neskaupstað til febr. 1975 (eldri flóð með). SHH las af kortinu.

Austurland, jólin 1960, bls. 7 og 16, frásögn Haralds Brynjólfssonar, Eyþór Einarsson færði í letur: Þegar snjóflóð hljóp á Þiljuvelli árið 1894.

Úr endurminningum Ingvars Pálmasonar.

Ólafur Jónsson, Sigurjón Rist og Jóhannes Sigvaldason: Skriðuföll og snjóflóð, útg. 1992, III bindi.

Árni Jónsson, Hnit hf: Snjóflóðahættumat fyrir Neskaupstað mars 1992, 69-44-00-SK-01.

Alþjóðleg flokkun:

Athugasemdir:

Nánari lýsingar samtímamanna á þessu flóði: Þegar snjóflóð hljóp á Þiljuvelli árið 1894, frásögn Haralds Brynjólfssonar, Eyþór Einarsson færði í letur, Austurland, jólin 1960, bls. 7 og 16.

Í “frumafriti” gagna HG í Skjalasafni Neskaupstaðar, bls. 129, segir Reynir Zoëga frá flóði í Kvíabólsgili, en hann hefur það eftir Birni Björnssyni. Þar segir að flóðið hafi tekið með sér báta þar sem nú er Efnalaugin. HG taldi 22.03.97 að átt væri við Drangaskarðsflóðið 1894.

Gunnólfsskarð um 1914

Númer:

Númer 134

Snjoflod = 1109 (ekki hnitað)

Dagsetning: Líklega snjóaveturinn 1914.
Staðsetning: Gunnólfsskarð.
Flóðfarvegur:
Upptök: Í kinninni öðrum megin, í klettabelti.
Farvegur:
Tunga: Féll stutt niður fyrir hamra.
Tegund flóðs:
Veður:
Orsök:
Mannskaðar og tjón: Ekkert tjón.
Heimildir: Hjörleifur Guttormsson. Gögn í Skjalasafni Neskaupstaðar. 06.02.75. Símtal við Helga Hjörleifsson, Ásgarði. Bls. 140 í “frumafriti” á VÍ.
Alþjóðleg flokkun:
Athugasemdir:

Innra Tröllagil mars 1920

Númer: Númer 4
Snjoflod = 175 i
ÁJ: NKR13b

Dagsetning: Mars 1920.
Staðsetning: Innra Tröllagil.
Flóðfarvegur:
Upptök: ÁJ: Hæð ≈ 550-650 m (líkleg upptök).
Farvegur: ÁJ: Lárétt lengd ≈ 1.1-1.3 km.
Tunga: SHH: Hæð stöðvunarpunkts ≈ 25 m.
ÁJ: Breidd ≈ 120 m.
Þykkt tungu óþekkt.
Hæð stöðvunarpunkts ≈ 30 m.

Tegund flóðs: HG: Í blota í mars.
ÁJ: Vott, líklega flekahlaup.

Veður:
Orsök:
Mannskaðar og tjón: Ekkert tjón.
Heimildir: Kort eftir mælingum og athugunum Hjörleifs Guttormssonar: Snjóflóð í Neskaupstað til febr. 1975 (eldri flóð með). SHH las af kortinu.
Árni Jónsson, Hnit hf: Snjóflóðahættumat fyrir Neskaupstað mars 1992, 69-44-00-SK-01 (heimildarmaður Hjörleifur Guttormsson).

Alþjóðleg flokkun:

Athugasemdir:

Úr gjám utan við Gunnólfsskarð um 1920

Númer: Númer 133
Snojflod = 1108 (ekki hnitað)

Dagsetning: Um 1920.

Staðsetning: Féll niður í Kúabotna úr gjánum utan við Gunnólfsskarð.

Flóðfarvegur:

Upptök:

Farvegur:

Tunga: Stöðvaðist neðan við raflínustaur, sem stendur nær beint niður undan gjánni á aurkeilunni.

Tegund flóðs:

Veður:

Orsök:

Mannskaðar og tjón: Ekkert tjón.

Heimildir: Hjörleifur Guttormsson. Gögn HG, varðveitt í Skjalasafni Neskaupstaðar. Afrit á VÍ. Snjóflóð, upplýsingar. Frá Aðalsteini Jónssyni á Ormsstöðum, 28.12.76.

Alþjóðleg flokkun:

Athugasemdir: HG: "Þá minnst Aðalsteinn snjóflóðs niður í Kúabotna úr gjánum utan við Gunnólfsskarð og flutti með sér stór björg, sem hann tók eftir um sumarið, en oft voru hestar hafðir á beit þarna í hafti. Þetta gæti hafa verið nálægt 1920. Eru björgin þarna enn."

Bræðslugjár jan.-feb. 1936

Númer: Númer 5
Snojflod = 158 i
ÁJ: NKR06a og NKR07a

Dagsetning: Jan.-feb. 1936.

Staðsetning: HG: Bræðslugjár, e.t.v. tvær þær ytri.

Flóðfarvegur:

Upptök: ÁJ: Erfitt að greina upptakasvæði út frá gögnum.
Hæð ≈ 700-800 m.

Farvegur: ÁJ: Lárétt lengd ≈ 1.4-1.6 km.

- Tunga:** HG 22.03.97: Klofnaði ofan hússins Hruna og féll í sjó fram beggja vegna hússins. Innri tungan var þykkari og fór í sjó milli Hruna og Bjargs. Bjarg stendur enn.
 SHH: Hæð stöðvunarpunkts = 0 m.
 ÁJ: Breidd ≈ 250 m.
 ÁJ: Þykkt tungu óþekkt.
 ÁJ: Hæð stöðvunarpunkts ≈ 0 m.
- Tegund flóðs:** ÁJ: Þurrt flekahlaup.
- Veður:**
- Orsök:**
- Mannskaðar og tjón:** Úr gögnum HG: Húsið í Hruna skekkist á grunn. Skemmdi ekkert, stöðvaðist alveg við íbúðarhús. Það flutti þó til tunnu, sem stóð við brunn skammt fyrir ofan fjós, sem var fast við bæinn.
- Heimildir:** Kort 1:5000: Yfirlit um snjóflóð í Neskaupstað til ársloka 1974 samkvæmt ýmsum heimildum, safnað af Hjörleifi Guttormssyni: Febr. 1975, endurskoðað í okt. 1975. SHH las af kortinu.
- Páll Línadal 1982. *Bæirnir byggjast*. Yfirlit um þróun skipulagsmála á Íslandi til 1938. Reykjavík, Skipulagsstjóri ríkisins og Sögufélag.
- Rýmingarsvæðavinnuhópur Veðurstofu Íslands og Háskóla Íslands og heimamenn 1996. Greinargerð um snjóflóðaaðstæður vegna rýmingarkorts fyrir Neskaupstað. VÍ-G960007-ÚR07.
- Sigurður Þórðarson og Flosi Sigurðsson 1995. Snjóflóðavarnir í Neskaupstað - forathugun. VST, verk 93.111.

Sigurjón Rist 1976. Snjóflóðaánnáll áráanna 1972 til 1975. *Jökull* 25, 47-71.

Tómas Jóhannesson, Karstein Lied, Stefan Margreth og Frode Sandersen 1996. Þörf fyrir snjóflóðavarnarvirki á Íslandi. Yfirlit og mat á kostnaði. Athugun gerð fyrir Umhverfissráðuneytið og sveitarstjórnir á snjóflóðahættusvæðum. VÍ-R960003-ÚR02.

Óútgefnar heimildir og gögn

Guðmundur Helgi Sigfússon. Skýrsla um snjóflóð 1990 (teikning fylgir). Gögn á Veðurstofu Íslands.

Guðmundur Helgi Sigfússon og Tómas Zoëga. Fundargerðir almannavarnanefndar Neskaupstaðar 1988-1990.

Guðmundur Helgi Sigfússon og Tómas Zoëga. Snjóflóð og snjóathuganir í Neskaupstað 1994 og 1995. Kort 1:5000 og 1:10000. Gögn á Veðurstofu Íslands og bæjarskrifstofum í Neskaupstað.

Gunnar Ólafsson. Snjóflóðahrinur veturna 1976-1978, handrituð tafla um veður. Gögn í Neskaupstað.

Gunnar Ólafsson. Bréf til Sigurjóns Rists síðasta vetrardag 1979 (GÓ styðst við sinn snjóflóðaánnál).

Gunnar Ólafsson. Snjóflóðaskýrslur VÍ 1981-1983. Gögn á Veðurstofu Íslands.

Hálfðan Haraldsson. Bréf um samtöl, sem Hálfðan Haraldsson, Kirkjumel, Norðfirði, átti við sveitunga sína, Gísla Friðriksson fyrrverandi bónda í Seldal, konu hans og Jón bróður hans, sem og Jón Davíðsson og Gyðu Þorleifsdóttur, Neðri-Skálateigi.

Hjörleifur Guttormsson. Snjóflóðin í Neskaupstað í desember 1974. I. Veðurfarslegur aðdragandi.

Hjörleifur Guttormsson. Gögn Hjörleifs Guttormssonar, handrit, varðveitt í Skjalasafni Neskaupstaðar. Afrit á VÍ. Gagnasöfnun vegna snjóflóða í desember 1974. Samtöl og símtöl: Hálfðan Haraldsson, Aðalsteinn Jónsson, Guðni Þorleifsson, Óli Sal. Kristjánsson, Sigríður Elíasdóttir, Helgi Hjörleifsson, Sigurður Vilhjálmsson, Þorsteinn Ársælsson, Steinunn Aðalsteinsdóttir, Reynir Zoëga, Einar Jónsson, Tröllanesi, Sveinn Sigurbjörnsson, Magnús Hermannsson og Bjarni Jónsson, Þratarlundi. **Viðauki 8.**

Hjörleifur Guttormsson. Bráðabirgðayfirlit í feb. 1975 um helstu snjóflóðasvæði í Neskaupstað s.l. 100 ár, skv. athugunum Hjörleifs Guttormssonar og ýmsum heimildum.

Ingi Jónsson. Snjóflóð í Naustahvammi 1885. Frásögn Jóns Einarssonar. Erindi, sem Ingi Jónsson flutti á samkomu í maí 1954, er 25 ára afmælis Neskaupstaðar var minnst. **Viðauki 7.**

Ingvar Pálmason. Úr endurminningum Ingvars Pálmasonar. Árin kringum 1894. Ljósrit frá Margréti Björnsdóttur, Neskaupstað. **Viðauki 5.**

Kirkjubók í skjalasafni Neskaupstaðar frá 1885. Guðmundur Sveinsson lét í té afrit.

Snjóflóðanefnd Neskaupstaðar. Skýrsla snjóflóðanefndar Neskaupstaðar í nóvember 1976. **Viðauki 10** (hluti skjalanna).

Kort

Guðjón Samúelsson: Skipulagsuppdráttur af Neskaupstað, staðfestur 12. nóvember 1930 af Páli Pálmasyri. Litmynd gerð eftir mynd hjá Skipulagi ríkisins.

Gunnar Ólafsson. Kort af Neskaupstað, kvarði 1:10000, með útlínunum snjóflóða og tíma, 1975-1978.

Gunnar Ólafsson. Kort af Neskaupstað, kvarði 1:10000, með útlínunum snjóflóða og tíma, 1979.

Hjörleifur Guttormsson. Kort eftir mælingum og athugunum Hjörleifs Guttormssonar: Snjóflóð í Neskaupstað 19.-28. des. 1974, kvarði 1:2000 (lýsingar einstakra flóða og stærðir eru á korti). **Viðauki 9** (kort smækkuð í stærð A3).

Hjörleifur Guttormsson. Kort eftir mælingum og athugunum Hjörleifs Guttormssonar: Snjóflóð í Neskaupstað til febr. 1975 (eldri flóð með).

Hjörleifur Guttormsson. Kort 1:5000: Yfirlit um snjóflóð í Neskaupstað til ársloka 1974 samkvæmt ýmsum heimildum, safnað af Hjörleifi Guttormssyni: Febr. 1975, endurskoðað í okt. 1975.

Samtöl

Svanbjörg H. Haraldsdóttir. Neskaupstaður. Gagna- og heimildaöflun 19.-22. sept. 1995. Stytt samantekt þar sem m.a. er sagt frá samtölum við Hjörleif Guttormsson, Guðmund Helga Sigfússon, Smára Geirsson, Margréti Björnsdóttur, Aðalstein Jónsson, Guðmund Sveinsson, Hálfðan Haraldsson og Gest Janus Ragnarsson. **Viðauki 1.**

Svanbjörg H. Haraldsdóttir. Símtöl við Ármann Snævarr í sept. 1995.

Svanbjörg H. Haraldsdóttir. Samtöl við Árna Jónsson 1995 og 1996.

Svanbjörg H. Haraldsdóttir. Samtal við Gunnar Ólafsson 20. des. 1995. **Viðauki 2.**

Svanbjörg H. Haraldsdóttir. Samtöl við Flosa Sigurðsson 1995 og 1996.

Svanbjörg H. Haraldsdóttir. Samtöl við Hjörleif Guttormsson í jan.-feb. 1996. **Viðauki 3.**

Svanbjörg H. Haraldsdóttir. Símtöl við Hálfðan Haraldsson 1995, 1996 og 1997.

Svanbjörg H. Haraldsdóttir. Samtal við Einar Sveinbjörnsson veðurfræðing, en hann veitti upplýsingar um veður vegna snjóflóðanna 4. feb. 1974.

Svanbjörg H. Haraldsdóttir. Símtal 16.11.1995 við Jónu Ármann, Skorrastað, Norðfirði, sem sá snjóflóð úr Þrígjám (nr. 125) sem barn.

Svanbjörg H. Haraldsdóttir. Símtal 15.11.1995 við Aðalbjörgu Sigríði Guðmundsdóttur, Kópavogi, sem sá snjóflóð úr Þrígjám (nr. 125) sem barn.

Svanbjörg H. Haraldsdóttir. Símtal við Hallgerði Gísladóttur, Reykjavík, sem veitti upplýsingar um snjóflóð í Seldal (nr. 126), og hafði þær eftir afa sínum, Friðriki, sem slapp naumlega frá flóðinu.

VIÐAUKI 1.

GAGNA- OG HEIMILDAÖFLUN 19.-22. SEPT. 1995 STYTT SAMANTEKT

Inngangur

Ferðin til Neskaupstaðar var farin í þeim tilgangi að fá upplýsingar um snjóflóð þar frá heimamönnum og safna gögnum sem víðast að og fá tilvísanir í rit. Áður hafði ég símasamband við Ármann Snævarr, Hjörleif Guttormsson, sem var í Neskaupstað sjálfur þessa daga, og svo Guðmund Helga Sigfússon, sem er snjóathugunarmaður þar. Gáfu þeir mér upp nöfn á fólki, sem gott væri að leita til.

Ég hafði tekið saman uppkast um snjóflóð í Neskaupstað, en gögnin voru fengin úr snjóflóðánnálum í Jökli og frá Árna Jónssyni hjá Hnit hf, en hann hafði unnið prófritgerð um snjóflóð og snjóflóðavarnir í Neskaupstað, og einnig hættumat 1992. Lítið hafði fundist af frumgögnum hjá VÍ, en einhver hafa komið fram síðar. Auk þessarar samantektar hafði ég tekið með ýmis rit og gögn, til að bera saman við það sem væri að finna hjá heimamönnum. Árni Jónsson hafði verið þar við gagnaöflun fyrir og fékk ég að taka ljósrit af ýmsu frá honum. Flosi Sigurðsson hjá VST hafði einnig unnið með gögn frá Neskaupstað og hafði ég samband við hann, en hann var önnur kafinn vegna vinnu við hættumat og munum við því hittast síðar. Einnig á ég eftir að hafa samband við Gunnar Ólafsson, sem var snjóathugunarmaður í Neskaupstað frá 1975 til 1984.

Viðmælendur og hjálparhellur

Þeir, sem ég leitaði til í Neskaupstað vegna upplýsinga um snjóflóð eru:

- Guðmundur Helgi Sigfússon
- Tómas Zoëga
- Hjörleifur Guttormsson
- Aðalsteinn Jónsson
- Hálfdan Haraldsson
- Smári Geirsson
- Margrét Björnsdóttir
- Guðmundur Sveinsson
- Gestur Janus Ragnarsson
- Þorbjörg Vilhjálmsdóttir (símtal)

Allir reyndu að leggja mér lið. Ég fékk beint eða óbeint upplýsingar um snjóflóð hjá þeim, með frásögnum og tilvísunum í greinar og rit. Ég fékk ljósrit af gögnum, og einnig ljósrit úr kirkjubók. Mér voru sýndir staðhættir og ég tók myndir.

Viðtöl og gagnasöfnun

Myndataka

Ég fór í 20 mínútna siglingu til að taka ljósmyndir af hlíðinni ofan bæjarins, séð frá sjó. Teknar voru myndir á tvær myndavélar til öryggis, frá þremur stöðum á sjó. Á hverjum stað var tekin

myndaröð af fjöllum innan frá og út eftir (frá vestri til austurs). Einnig voru teknar myndir í ferðinni á ýmsum stöðum í og neðan við hlíðina.

Guðmundur Helgi Sigfússon og Tómas Zoëga

Guðmundur Helgi og Tómas hafa verið snjóathugunarmenn í Neskaupstað undanfarin ár og ræddi ég við þá. Þeir gerðu það sem þeir gátu til að ég fengi sem mestar upplýsingar um snjóflóð á svæðinu. Fékk ég möppur, kort o.fl. hjá Guðmundi, en hann fann kort frá 1975-1978 og annað frá 1979, sem á voru teiknaðir ferlar snjóflóða, sem fallið höfðu, líklega frá Gunnari Ólafssyni, ómetanleg gögn. Þessi gögn virðast ekki hafa verið til á þessu formi hjá VÍ, einungis hve mörg snjóflóð hafa fallið og hvaða dag, og að þau voru í fjallinu fyrir ofan Neskaupstað.

Einnig fékk ég afrit frá Tómasi úr Austurlandi, jólablaði 1960, um snjóflóðið, sem féll á Þiljuvelli 1894.

Smári Geirsson

Smára Geirsson heimsótti ég í Verkmenntaskólann, og fékk hjá honum upplýsingar um skipulag um 1930, þ.e. grein úr Jafnaðarmanninum 1928 eftir Guðjón Samúelsson, Geir Zoëga og Guðmund Hannesson og sá skipulagsupphrátt eftir Guðjón Samúelsson frá 1930. Ég fékk ljósrit af honum til að líma saman. - Síðar fékk ég litmynd af upphráttinum frá Skipulagi ríkisins.

Smári benti á rit eftir Pál Línadal, sem heitir Bæirnir byggjast, þar væri ýmsan fróðleik að finna.

Hjörleifur Guttormsson

Ég ræddi við Hjörleif Guttormsson og skoðaði staðhætti undir hans leiðsögn. Sum gilin bera nöfn, sem hann gaf þeim 1974, þegar hann mældi og skráði snjóflóð í desember það ár.

Hjörleifur hafði fengið uppkast mitt af yfirliti um snjóflóð í Neskaupstað, sem unnið hafði verið að mestu út frá snjóflóðannálum í Jökli og töflu úr skýrslu Árna Jónssonar hjá Hnit hf, frá 1992, Snjóflóðahættumat fyrir Neskaupstað mars 1992, sem sagt er frá í inngangi. Við fórum gróflega yfir það og kom hann með góðar ábendingar og síðan sýndi hann mér gilin og staðhætti, en ég tók myndir af þeim.

Hjörleifur var formaður snjóflóðanefndar Neskaupstaðar, sem starfaði eftir flóðin 1974, en minnst er á samantektir hennar hér fyrir aftan. Öll skjölín eru til á skjalasafninu, en Guðmundur Sveinsson, skjalavörður, staðfesti að þar væri “pakki” frá henni. Einnig á Hjörleifur efni á segulböndum, sem hann tók upp, þegar hann vann sína heimildasöfnun 1974-1975. Við getum fengið aðgang að þeim.

Aðalsteinn Jónsson

Síðan heimsótti ég Aðalstein Jónsson á Ormsstöðum og konu hans Maríu. Hann sagði mér sitt-hvað um snjóflóð og tók ég mest af því upp á band. Tækið var stillt á hljóðnæmi og slökkti á sér, ef ekkert var sagt, en fór svo af stað aftur, þegar talað var. Allt, sem sagt var, varð við þetta sundurklípt og vantar oft fremsta orð í setningu, oft lykilorð, eins og gefur að skilja! Seinni hluti samtalsins er skrifaður í snubbóttum stíl, en þar eru tínd til atriði eftir segulbandinu og skrifuð án samhengis. Þar eru ýmis athyglisverð atriði, svo ekki þótti mér rétt að sleppa þeim.

Aðalsteinn sagði, að snjóflóð hefði aldrei komið að bænum hjá sér, en algengt að spýjur kæmu úr gjám. Hann sagðist búinn að vera þarna í 90 ár.

Hann sagði að milli 1880 og 1890 hafi verið mikill snjóflóðavetur, og þá hafi orðið slys á fólki. Þá fór kot í flóði. Þá hljóp líka á Seyðisfirði. Snjóflóð úr Tröllagili hljóp í sjó fram 1894 við Tröllanes, rétt fyrir framan Netagerð Friðriks, og var að sögn Ingvars heitins Pálmasonar margra mannhæða stál, er sjór braut framan af því, mikið magn.

Það hljóp fyrir nokkrum árum undir klettunum (snjóflóð úr Gunnólfsskarði), og kom fram þar sem Hjáleigulækur er. Snjóþekjan slitnaði í sundur rétt fyrir neðan Einbúa, grjóthól í gilinu, og fram í kinnina og fór eftir gilskoru og út og niður að læknum og á sama tíma hefur sjálfsagt losnað um það utar og hljóp úr klettunum og safnaðist allt saman í gilið uppi á hjalla. Flóðið klofnaði um Stelksurð og fór sumt niður eftir og mölvaði niður hlöðu, en hitt fór svolítið utar og kleip viðbyggingu af húsinu í Prastarlundi.

Sú spýja, sem hefur farið lengst, kom úr gili ofan við bæinn. Kom hún niður á efstu girðingu á Réttarbarði (nefndi Langahrygg og Langanesgil til að staðsetja hana). Svo kom smá spýja, svolítill skumpu, mölvaði nokkra staura, stoppaði á barðinu, lítið magn, en varð ekkert var við hana fyrr en löngu seinna. Þetta var 1974.

Algennt er, þegar snjór er, að það komi skumpur úr hverju einasta gili eitthvað niður í brekkur. Þetta gerist aðallega, þegar er nýfallinn snjór og harður snjór undir og einnig seinni part vetrar, þegar kemur sól í klettana, en þær fara ekki langt.

Flöt er fyrir utan Ytri Sultarbotnagjá. Í NA átt skefur af henni í eggina fyrir utan hana, veit ekki til að hlaupi mikið þar. Sultarbotnar draga sjálfsagt úr flóðum, þau stoppa þar.

Aðalsteinn nefndi að gamall maður hefði orðið fyrir snjóflóði uppi undir Réttarhvammi undir brekkunum, vissi ekki hvenær.

Hann talaði um að næstum hvern vetur kæmu spýjur niður í miðjar hlíðar allt inn um Skorrastað.

Innan við Staðargjá, sem sést í frá bænum, eru Bagalsbotnar, neðan við fjallið Bagal, sem er bratt. Skumpur koma úr klettum innfrá.

Snjóflóð verða helst í NA-átt, þá safnast í eggjarnar, skefur fram á kletta.

Fólk áttar sig ekki á hættunum, fyrr en verða alvarleg slys. Svo gleymist allt, t.d. voru snjóflóðin fyrir aldamótin alveg gleymd.

Norskir spekingar töldu hættulaust úti á Bökkum, en nú er það talið grátt svæði.

Þetta er háskalega bratt.

Það átti að fara ennþá hærra með byggðina, en það var alveg tekið fyrir það 1974.

Í samtali yfir kaffinu sagði María að fólk þarna hefði ekki verið hrætt við snjóflóð, fremur við aurskriður. Það virðist samdóma álit flestra, sem ég talaði við.

Hálfdan Haraldsson

Hálfdan Haraldsson, sagði frá snjóflóðum í sveitinni, stuðlabergi, og sýndi staðhætti, er ég heim sótti hann. Ég byrjaði að taka upp á band, en honum leið ekki vel yfir því, svo ég slökkti. Hann hafði frá svo mörgu að segja og fékk ég því aftur að kveikja á tækinu. Eins og fyrr varð allt sem sagt var sundurklippið vegna stillingar tækisins hjá mér.

Hann sagðist hafa verið þarna í sveitinni í 40 ár, en hann var kennari og skólastjóri á Kirkjumel. Hann hélt dagbók alla daga, sem hann kenndi, meðan engir aðrir kennarar voru við skólann. Þar skráði hann veðurlýsingu. Þessar dagbækur eru til, en ekki aðgengilegar eins og er. Hann er nú hættur að vinna við skólann, og reiknar með að hafa fljótlega tíma til að skrifa og fara í gegnum

dagbækurnar. Hann var einnig með innbundnar samantektir um ýmsan fróðleik, sem hann hafði tekið saman, t.d. blaðagreinar, en við höfðum fengið afrit af þessu frá Árna Jónssyni.

Hálfdan var á ferð í Neskaupstað, þegar flóðin féllu 1974. Þeir voru tveir saman í bíl og klesstist snjór á rúður, svo bílstjórinn varð að stoppa. Þá voru þeir aðeins utan við innra og fyrra flóðið. Þeir sneru því við og keyrðu út eftir bænum, en seinna flóðið féll á hæla þeirra. Þeir höfðu á leiðinni út eftir hitt tvo menn í bíl, sem ekki sáuust lifandi frammar, en flóðið tók bílinn.

Hálfdan hefur tvisvar lent í að snjóflóð hafi farið af stað rétt neðan við fætur honum. Hann lýsti öðru þeirra þannig, að hann hafi farið fyrir bónda, nágretta sinn, að sækja kindur, sem voru í gili utan við Kirkjumel. Þær voru styggar og tróð hann því slóð fyrir þær og fór svo sjálfur upp fyrir til að reka þær. Slóðin hans varð eins og skurður í snjóflekka og féll snjóflóð niður undan henni. Hann var sjálfur ofar og sagðist sjaldan hafa skolfið eins og þarna. Hann “læddist” síðan neðan við klettabelti, upp við klettana, á leiðinni til baka.

Hann sagði einnig frá því að bóndi hafði lent í snjóflóði í hlíðinni innan við Kirkjumel, en hann hafði líklega rotast. Hann hafði svo komið sér sjálfur heim, en eftir alllangan tíma.

Í Seldal eru brattar norðurhlíðar. Snjóflóð fór yfir lambhúskofa þar, en bóndinn var þar inni. Kofinn var frosinn eins og jörðin og sigldi snjóflóðið yfir hann, en svo mikill var hraðinn að það fór upp í hlíðina hinum megin í dalnum.

Hálfdan sagði að spýjur kæmu úr giljum þarna í kring á hverju ári. Snjóflóð úr Staðargjá, rétt utan og ofan við bæinn hafði farið alveg niður á girðingar og brotið, en annað tjón hafði ekki orðið af snjóflóðum þar. Ofarlega í Staðargjánni er allmikil skál og safnast þar snjór. Snjóflóð þaðan geta orðið allstór. Hann sagðist oft hafa horft á flóð falla þarna, en það er eins og foss út úr hvilft undir egginni og fellur niður í gjána. Snjóflóð utar í hlíðinni, t.d. úr Hofsgjá, verða venjulega ekki eins stór og úr Staðargjá, enda hefur hún stærsta skál að safna í.

Mjög snjóþungur vetur var 1966 (þá eru 2 snjóflóð nefnd í samantekt SHH, þ.e. Nesgil og Bakka-gil, í febrúar 1966).

Venjulega er snjócoma í NA-átt og blæs inn í sveit, en ef norðanátt er ríkjandi, snýr vindur sér og blæs út með fjöllumunum.

Bæir standa allir nokkuð frá fjallsrótum eins og Aðalsteinn nefndi einnig og eru því fregnir af snjóflóðum fatíðar, slys ekki algeng.

Einstakt stuðlaberg stendur við skólann, en það var flutt þangað úr túnfætinum ofanverðum um 100-200 m vegalengd. Hálfdan sagði, að belti af stuðlabergssteinum hafi verið í svipaðri fjarlægð og þetta frá fjallsrótunum, en hann benti á einn í gildragi innan við Kirkjumel. Flestir steinarnir hafa verið fjarlægðir, horfið, en jörð hefur verið unnin þarna á öllu svæðinu. Þeir voru í allmikilli fjarlægð frá fjallsrótum, en í neðstu klettum þar er stuðlaberg að sögn Hálfdans, en einnig ofar. Mikið er af berggöngum í fjöllumunum þarna. Líklega hefur snjór eða snjóflóð hjálpað til við flutning stuðlabergsins alla þessa vegalengd, ef það hefur komið þaðan.

Guðmundur Sveinsson

Guðmundur Sveinsson er skjalavörður Neskaupstaðar. Hann lét mig fá ljósrit úr kirkjubók frá 1885, þar sem fram kemur, að 57 ára kona, stúlka á 1. ári og drengur á 4. ári fórust í snjóflóði 26. febrúar, en voru jörðuð 12. mars. Einnig fékk ég ljósrit úr Leiftri frá liðnum árum I, eftir Jón Kr. Ísfeld, bls. 131-132, en þar er þessu snjóflóði lýst.

Margrét Björnsdóttir

Margrét á bókasafni Neskaupstaðar var með uppdrátt snjóflóða, sem Hjørleifur Guttormsson lét gera 1975 og sagði mér frá dagbók afa síns, Ingvars Pálmasonar, og sendir ljósrit af hluta hennar síðar.

Guðmundur Sveinsson, Hálfan Haraldsson og Gestur Janus Ragnarsson

Á leið út úr bænum hitti ég Guðmund Sveinsson og með honum Hálfan og Gest Janus, en þeir sýndu mér staðsetningar húsa, sem lentu í flóðum 1885 og 1894 og hvar tunga flóðs kom fram um 1938 (1936?), sem féll ofan og innan við hesthús.

Gert í október 1995.

Svanbjörg Helga Haraldsdóttir

VIÐAUKI 2.

HEIMSÓKN GUNNARS ÓLAFSSONAR SNJÓATHUGUNARMANNS Í NESKAUPSTAÐ 1975-1983

Inngangur

Gunnar Ólafsson var snjóathugunarmaður í Neskaupstað á árunum 1975-1983 og vann fyrst á vegum bæjarins. Hann skráði gögn um snjóflóð á þessum árum. Tvö kort með snjóflóðum teiknuðum inn á komu í leitirnar í haust (1995), annað fyrir árin 1976-1978, en hitt fyrir veturinn 1978-1979. Snjóflóðaskýrslur voru gerðar 1981-1983. Gunnar ræddi við okkur Magnús Mía um gögnin hinn 20. desember 1995, veðurskilyrði í Neskaupstað og starfið á þeim árum, en starf snjóathugunarmanns var stofnað eftir snjóflóðin miklu í Neskaupstað í desember 1974.

Athuganir

Athuganirnar hans fólust aðallega í dýptarmælingum, en stangir eða stikur voru víða í fjallinu. Staðsetning stikanna í hlíðinni má sjá á korti, sem til er á VÍ, og einnig voru stikur við veðurathugunarstöð, sem var á Bökkum, við Bakkalæk. Veðurathuganir voru gerðar þrisvar á sólarhring, kl. 09, 15 og 21. Út frá athugunarstaðnum voru 10 stangir til að mæla snjódýpt. Gögnin ættu að vera til á VÍ, líklega með veðurgögnum frá þessum árum.

Athuganir Gunnars fóru mest eftir úrkomu.

Gunnar sagði að engin snjóflóð hefðu fallið á þessum árum, aðeins spýjur. Þessar spýjur voru í giljum, oft blautar eða lausar.

Hættusvæði

Hann sagði 4 svæði varhugaverð í bænum: Bræðslusvæði (Bræðslugjár), Mánasvæði (Miðstrandarskarð), Drangagil og Tröllagil. Hættulegust sagði hann Drangaskarð og Miðstrandarskarð.

Veður

Gunnar sagði NA-átt hættulegasta. Hann sagði að þegar væri stormur, og snjóaði og skæfi, væri engin hættu. Mesta hættu kvað hann vera, þegar snjóaði í logni og klökknaði síðan, og almennt þegar moksniór blotnaði.

Nípukollsveður sagði Gunnar geta verið vegna fleiri en einnar vindáttar. Ef blæs af SV eða N, stendur vindur á Nípuna og verða þá óskapleg fráköst, feykist á Búland, hinum megin fjarðar og er mjög hvasst í bænum. Þetta veður stendur aldrei nema stutta stund í einu sagði Gunnar, aðeins 20 til 30 mínútur. Ef þurr er hverfur snjórinn úr hlíðinni í þessum veðrum.

Stundum er misátta í fjalli, blæs að utan og innan, verður tvíátta.

Öruggt svæði

Hryggur utan við Drangaskarð er alltaf hreinn, og var hann áður póstleið.

Urðarbotn taldi hann frekar saklausan.

Gögnin

Urðarbotn taldi hann frekar saklausan, eins og áður kom fram. Þar var vafi á hvernig lesa ætti teiknuð snjóflóð 1976-1978 af korti, en hann sagði snjóþekjuna venjulega brotna undir Urðarbotni og ættu þau líklega öll upptök þar sem teiknuð er brún ofan þeirra.

Gunnar sagði að víða væri slakki fyrir neðan fjallsegg, en upptök snjóflóða væru oftast í brún þar fyrir neðan.

Útlínur margra flóðanna á kortum gefa til kynna að þau hafi verið V-laga. Gunnar sagðist hafa teiknað þau sem næst því sem hann sá.

Fleiri en eitt flóð eru víða teiknuð í sama gil og er ekki gott að segja hvaða flóð á við hvaða tíma. Gunnar sagðist ekki geta skilgreint það betur nú, þetta er svo langt síðan.

Athuga þarf betur heimildir fyrir staðsetningu “ofan Rauðubjarga” hjá HG og ÁJ.

Ýmis fróðleikur

Kringum 1950 sagði Gunnar að verið hefði miklu meiri snjór en 1974, er snjóflóðin féllu. Snjórinn er mismunandi að gerð eftir því hvernig veður er þegar snjóar og þá mishætt við snjóflóðum. Árið 1950 snjóaði í stormi og barðist og festist snjórinn um leið.

Póstur, sem bjó inni í sveit, starfaði í 17 ár og fór milli Eskifjarðar og Seyðisfjarðar, yfir Oddskarð, Drangaskarð og Hestskarð. Sá næsti var í 2 ár, en fórst síðan í snjóflóði í Mjóafirði.

Snjóflóðið við Tröllanes fyrir aldamótin var mjög stórt. Sagt var, að maður, sem reið fyrir neðan það á fjöru, hafi ekki náð upp á brún þess með svipu sinni.

Guðmundur Hannesson gerði skipulag um 1930 af Neskaupstað.

Gunnar taldi að stoðvirki í upptökum væri eini möguleikinn til að koma í veg fyrir hættu af snjóflóðum.

Rósubotn kvað Gunnar vera vestan í Drangaskarði.

Gert í desember 1995.

Svanbjörg Helga Haraldsdóttir

VIÐAUKI 3.

SAMTÖL VIÐ HJÖRLEIF GUTTORMSSON Í JAN.-FEB. 1996 OG MARS-APRÍL 1997

Fyrri hluta árs 1996 hitti ég Hjörleif Guttormsson tvisvar vegna gagnasöfnunar um snjóflóð í Neskaupstað, en hringdi í hann 27. feb. 1996 til að fá svör við örfáum spurningum. Bráðabirgða-útgáfa þessarar skýrslu kom út vorið 1996. Síðan aðstoðaði Hjörleifur mikið við vinnslu gagna, sem eru með í viðauka 8, en þar eru gögn hans, sem geymd eru í Skjalasafni Neskaupstaðar.

Hjörleifur var fleiri daga í mælingum og athugunum á flóðunum í des. 1974. Þar sem hann hefur teiknað heilar útlínur á kort, mældi hann flóðin, notaði málband, en skrefaði og mat sjónrænt, þar sem flóðin eru teiknuð með strikálínum á kortunum. Þegar hlánaði skoðaði hann svæðið aftur og komu þá fram staurabrot og aurburður eftir flóðin.

Ytri kantur skógræktar lenti í flóði í þessari hrinu, þ.e. SA-hornið. Fyrir neðan miðja skógrækt fór það inn í hana og sneið skika úr, þannig að neðst fór það yfir nokkra tugi metra á breidd.

NV-horn skógræktar lenti einnig í flóði og var brotinn staur þar efst.

Hjörleifur taldi, að eftir þessum ummerkjum að dæma mætti ætla að gamla aðalskógræktarsvæðið og svæðið neðan skógræktar væru örugg, en þar eru Verkmenntaskólinn og Barnaskólinn.

Kantur flóðs var ofan við blokkir við Starmýri. Ef hann er framlengdur, lendir hann á elliheimilinu, sem er á innri gilbarminum.

Hjörleifur sagðist ekki hafa farið í smáatriðum í Tröllanesmálið, en að Ytra Tröllagilið væri óverulegra gil en Innra Tröllagilið, sem væri mikið flóðagil. Hann taldi, að hvort sem flóðið fyrir aldamót hefði komið úr því innra eða ytra væru þau bæði hættuleg.

Segulbandsspólur, sem hann tók upp af samtölum 1974-1975 sagði hann að mestu hafa verið um flóðin þá, en ekki eldri flóð. Heimildarmenn hans voru fæstir af eldri kynslóðinni.

Hann sá auglýsingu í Austra og spurði hvort við hefðum fengið dagbækur Marteins.

Guðlaug Ingvarsdóttir, Nesgötu 41, Neskaupstað, tengdadóttir Björns Björnssonar gæti gefið upplýsingar um dagbækur hans.

Í mars og apríl 1997 ræddum við Hjörleifur nokkrum sinnum saman um gögn og viðauka með þessu riti. Katrín Guðmannsdóttir á Veðurstofunni, setti hluta gagna hans frá 1974-1975 inn í ritvinnslu (viðauki 8), en þau eru geymd í Skjalasafni Neskaupstaðar. Hann lagði mikla vinnu á sig við yfirlestur og aðstoðaði við að setja flóð frá jan.-feb. 1975 á kort.

Svanbjörg Helga Haraldsdóttir

VIÐAUKI 4.

NESKAUPSTAÐUR OG NORÐFJARÐARSVEIT

Samantekt úr
Skriðuföllum og snjóflóðum II og III, útg. 1992,
eftir
Ólaf Jónsson, Halldór G. Pétursson,
Sigurjón Rist og Jóhannes Sigvaldason

Inngangur

Ritverkinu Skriðuföll og snjóflóð, útg. 1992, er skipt í 3 bindi. Fyrsta bindið er “Almennt um ofanföll - Erlendar stórskriður og snjóflóð”, annað bindið er “Skriðuannáll” og þriðja bindið er “Snjóflóðaannáll”. Hér eru teknar saman upplýsingar um Neskaupstað og Norðfjarðarsveit, en ekki um snjóflóð, sem fallið hafa á vegi, t.d. í Oddskarði. Fyrst er hér tekið fyrir þriðja bindið, þ.e. “Snjóflóðaannáll”, síðan annað bindið, þ.e. “Skriðuannáll”. Víða eru nánari lýsingar í bókunum en hér, en þær ætti að vera auðvelt að nálgast, því alls staðar eru blaðsíðunúmer viðkomandi bókar tekin fram. Atriði, sem tengjast Norðfirði óbeint eru sett með í sviga.

Nú, haustið 1995, er fyrst og fremst verið að taka saman upplýsingar um snjóflóð fyrir þéttbýlið í Neskaupstað, en síðar bætist við gagnasöfnun fyrir allt sveitarfélagið, þ.e. inn eftir firði, þar sem það er nú eitt sveitarfélag. Þessi samantekt um snjóflóð og skriðuföll liggur þó beint við úr bókunum Ólafs, allt er hér saman á einum stað. Hægt væri að nýta þessar upplýsingar um skriðuföll þó ekki hafi verið farið í nánari gagnasöfnun en þessa á því sviði, hafa þær til hliðsjónar, þegar snjóflóðahætta er metin og hugað er að varnarvirkjum. Einnig ætti að verða handhægara að finna þessar upplýsingar, þegar að heildarvinnslu um skriðuföll kemur.

Gæsalappir eru ekki notaðar í tilvitnunum í Snjóflóðaannálinn, en klausur með athugasemdum SHH eru merktar með bandstriki fremst, þ.e. -.

III. bindi - Snjóflóðaannáll

Bls.	Ár	Lýsing
81	1835	Prestþjónustubók Skorrastaðar (Norðfirði) segir, að 29. sept. hafi eftirtaldir menn orðið úti á fjallinu Nípu, milli Norðfjarðar og Mjóafjarðar, “væntanlega orðið fyrir snjóflóði”: Filippus Salomonsson, vinnumaður frá Bakka, Stefán Björnsson, unglingur frá Bakka, og Sigurður Sigurðsson, unglingur frá Nesi. Þeir virðast ekki hafa fundist. Í húsvitjunarbókinni 1834 (árið 1835 vantar), er Stefán sagður sonur húsfreyjunnar á Bakka í Norðfirði, Þorbjargar Sveinsdóttur, og er þá talinn 16 ára, Sigurður er talinn léttadrengur í Nesi 18 ára, en Filippus mun hafa flutt í sóknina 1835 frá Fáskrúðsfirði, 36 ára. Sigfús Sigfússon nefnir Filippus skáld og skrifara. Í Ættum Austfirðinga II, bls. 354, segir, að Filippus hafi búið á Grænanesi í Norðfirði, verið kvæntur Þórunni Sveinsdóttur, Skúlasonar, og hann hafi farist í snjóflóði eða aurskriðu.

- (91) 1844 Í þætti um Vilhjálms Jónsson frá Bakkagerði segir, að Vilhjálmur sé fæddur á Kirkjubóli í Norðfirði 30. mars 1820, dáinn 11. des. 1898. ... Þegar Vilhjálmur er fulltíða, líklega um tvítugt, fer hann í Hellisfjörð og er þar í þrjú ár, sennilega 1843-1845. Þá fer hann eitt sinn að vetrarlagi að leita fjögurra kinda, er fönn var mikil og hjarn undir. Fann hann kindurnar á tindi þeim er Nóntindur nefnist. Féll þá snjóskriða mikil úr tindinum, tók Vilhjálmur og kindurnar og flutti með sér niður undir Kvígindisdal, sem er langur vegur. Þar nam skriðan loks staðar. Gat Vilhjálmur með hörku og karlmennsku rífið sig upp úr snjónum og komist heim. ...)
- (111) 1866 ... að 7. feb. hafi Sigurður Magnússon frá Hofi í Mjóafirði og Þórður Ögmundsson frá Eldleysu í sama hreppi lagt til Miðstrandarskarðs, sem er milli Norðfjarðar og Mjóafjarðar, en í brúninni Mjóafjarðarmegin tók snjóflóð báða mennina. ...)
- 112 1867? Í þætti Vilhjálms Jónssonar frá Bakkagerði, sjá texta í sviga hér að framan um atburð árið 1844, segir, að hann hafi búið á Grænanesi í Norðfjarðarhreppi frá 1862-1868. Þá var hann eitt sinn á ferð yfir Hellisfjarðarskarð í miklum snjó. Féll þá á hann snjóskriða, er bar hann langan veg. Eftir mikla þraut og erfiða komst Vilhjálmur úr snjókyngjunni og heim til sín. Var hann þá máttfarinn mjög og aumlegur ásýndum. Eftir það var honum svo horfinn hugur, að hann mátti enga hættu líta.
- 133-154 1885 - Kaflinn um árið 1885 er langur, enda féllu snjóflóð víða á Austurlandi. Tafla er á bls. 154 yfir snjóflóðin í febrúar 1885 og helstu afleiðingar þeirra, en þar eru talin 9 snjóflóð. Hér er tekinn með texti um Seyðisfjörð, en þar féll það flóð, sem varð mest og mannskæðast í þessari hrinu.
- Á bls. 136 segir:
- Öskudagurinn var í þetta sinn upp á 18. febr. Sá öskudagur varð Seyðfirðingum eftirminnilegur, því að þá dundi yfir eitt hið stórfenglegasta og skaðvænasta snjóflóð, sem sögur fara af hér á landi. ... fórust 24. Um það er fjallað ítarlega frá bls. 133.
- Á bls. 135 er sagt frá veðri dagana fyrir snjóflóðin, en hér er tekinn með hluti þess texta:
- Tíðarfar á Austfjörðum eftir áramótin þennan vetur var með þeim hætti, að framan af janúar mátti það heita hagstætt, en síðari hluta mánaðarins tók að snjóa, og hlóð þá niður snjó af austri og norðaustri um allt Austur- og Norðurland í þrjár vikur til mánuð samfleytt. Þannig var t.d. 31. jan. ANA dimmviðri með stormi, töluverðu frosti og afskaplegri snjókomu. 1. febr. ANA dimmviðri, nokkurt frost og afar mikil snjócoma, og 2. febr. ANA dimmviðrisrytja, með töluverðu frosti og stormnæðingi. Þennan dag tóku snjóflóð að falla á Seyðisfirði. ...
- Á bls 151-154 er sagt á eftirfarandi hátt frá snjóflóði á Norðfirði:
- Svo gerðist það klukkan 2 aðfaranótt 26. febr., að snjóflóð hljóp á tvo bæi við Naustahvamm í Norðfirði. Voru það ekkjur tvær, er þar bjuggu. Á öðrum bæjum þarna varð vart við, þegar snjóflóðið féll. Var þá þegar sent út á næstu bæi og mönnum safnað til þess að grafa í rústirnar. Náðist allt fólkið lifandi á öðrum bænum, fernt að tölu, og hafði þá legið sjö stundir í snjónum. Á hinum bænum fórst gömul kona og tvö börn. Samkvæmt húsvitjunarbók Skorrastaðar 1885 hefur verið margbýlt í Naustahvammi, líklega einir fimm bæir eða búendur. ... Eitthvað

snerti snjóflóðið bæi þeirra (hér er fjallað um tvo aðra bæi í Naustahvammi), en ekki svo, að það skemmdi til muna. Snjóflóðið féll úr tindri upp af bæjunum. Þar er eigi vitað að snjóflóð hafi fallið fyrir eða síðan. ... Athyglisvert er, að öll snjóflóðin, sem greint er frá í þessum ótíðarkafla, hafa fallið móti suðaustri eða suðri. ...

163-164 1894 Snjóflóð hlupu víða á Austfjörðum síðast í janúar og fram um miðjan febrúar. Þann 31. jan. gerði rigningu, eftir að snjóað hafði í marga daga og mikill snjór var kominn í fjöll. ... Ísafold getur þess, að 5. eða 7. febrúar hafi snjóskriða fallið á bæinn Þiljuvelli í Norðfirði, og segir svo: "Misstu þar tveir bændur mikið af eignum sínum, eða 30 gemlinga, 19 ær og einn hest. Báðir lentu bændurnir í snjóflóðinu, og komst annar úr því hjálparlaust, en hinum var bjargað meðvitundarlausum, en óskemmdum samt, hefur hann þó legið lengi á eftir." Á Þiljuvöllum eru þetta ár samkvæmt sóknarmannatali Skorrastaðar, Gísli Þorláksson, kvæntur maður 27 ára og Brynjólfur Einarsson, 66 ára, báðir taldir húsmenn, en bændur engir, enda eru Þiljuvellir eigi taldir lögbýli árin fyrir og eftir. Það munu því hafa verið þessir tveir menn, sem í snjóflóðinu lentu.

- Sjá aðra lýsingu á þessu flóði í "Þegar snjóflóð hljóp á Þiljuvelli árið 1894", frásögn Haralds Brynjólfssonar, Eyþór Einarsson færði í letur, Austurland, jólin 1960, bls. 7 og 16.

360 1974 Æðimörg kröm snjóflóð féllu 4. febrúar úr fjallinu ofan við Neskaupstað.

361 1974 - Á bls. 361 er eftirfarandi lýsing:

Á austanverðu landinu snjóaði mikið um 20. september. Um mánaðamótin október-nóvember var veðráttan hlý og votviðrasöm. Allur snjór hvarf af láglandi, snjór var eftir í giljadrögum í fjöllum og fjallakollar alhvítir. Stillur og væg frost síðan út nóvember. Lægðir fóru austur sunnan við land í desember. Þær ollu mikilli snjósöfnun á Austurlandi og einnig á Norðurlandi, einkum eftir 12. dag mánaðarins. Á tímabilinu 13.-20. desember var austan og norðaustanvindátt ríkjandi á norðaustanverðu landinu og mikill fannburður, einkum síðustu dagana. Snjóflóð tóku að falla. ...

364-374 - Úrdráttur úr bls. 364-374 fer hér á eftir:

Í þessari snjóflóðahrinu rétt fyrir jólin 1974 urðu afdrifaríkust snjóflóð í Neskaupstað 20. desember. Í þeim flóðum fórust 12 manns og óhemju eignatjón varð í bænum. ... Fyrri flóðið af þessum tveim stóru, það sem kallað var Innra flóðið, féll úr svokölluðum Bræðslugjám, gilskorum þrem í fjallinu, kl. 13:47. Upptök þess voru í u.þ.b. 800 m yfir sjávarmáli og var aðsópssvæðið þar um 450 m breitt. ... þarna var tankur með 900 lestum af svartolíu og þeytti flóðið honum af grunni og dreifðist olía um stórt svæði. ... Á flóðasvæði innra hlaupsins voru því, þegar það fór yfir, aðeins 29 manns. Af þeim lentu 12 í flóðinu og voru fimm látnir er þeir fundust. ... Og rétt þegar allt er á fleygiferð til hjálpar vegna þeirra atburða er orðið höfðu þá fer hið síðara flóð í Neskaupstað þennan dag. Þetta hlaup féll örlítið utar, nær bænum, og kom úr svokölluðu Miðstrandarskarði þar sem fjallið er nokkru lægra. Upptök þess voru í nálægt 700 m hæð yfir sjó og á um 350 m breiðu svæði. ...

- Hér eru valdir stuttir kaflar úr, en lýsing er allítarleg í bókinni og vísast til hennar. Þar má fá allskýra mynd af atburðum, en einnig er þar vitnað í önnur skrif um þessa atburði.

- 379 1975 Dagana 12.-15. janúar gekk norðanstórviðri yfir landið. ... Í Neskaupstað gerði svonefnt Nípukollsveður, og skóf það að mestu snjó úr fjallshlíðinni fyrir ofan kaupstaðinn.
- 390 1978 Á páskadag 26. mars varð það hörmulega slys að tveir ungir menn er hugðust ganga úr Norðfirði um Gunnólfsskarð til Mjóafjarðar lentu í snjóflóði í skarðinu og fórust. ... Veður var um þetta leyti vont á þessum slóðum, skafrenningur og éljagangur. ... Fylgdu leitarmenn venjulegri gönguleið að klettabelti neðan skarðsins. Þegar að klettabeltinu kom urðu þeir frá að hverfa vegna mikilla svellalaga í klettunum og áttu óhæga leið til baka. Rétt um þetta bil urðu björgunarmenn varir við snjóflóð sem fallið hafði úr fjallinu við skarðið ... Fundust þeir í snjóflóðinu þar sem það hafði farið eftir gildragi við neðstu kletta. ... Snjóflóðið sem þeir lentu í var ekki stórt en það hafði hrúgast upp í gildraginu og fundust piltarnir á 1,5-2 m dýpi.
- 393 1981 Í frétt frá Neskaupstað er greint frá því að þar séu engin snjóflóð, sem í raun þótti nokkur frétt, því miklum snjó hefur kyngt niður um land allt og einnig talsvert á Norðfirði (Tíminn 24. mars). Í annál Veðurstofunnar í Jökli, 33. ár, bls. 152 er þó sagt frá nokkrum snjóflóðum á Norðfirði seint í mars þetta ár.
- 393 1981 ... 20. mars úr Innstu Bræðslugjá, 80 m breiðu sem stöðvaðist í 70 m hæð.
- 393 1981 Annað flóð féll 29. mars á Mánasvæðinu mun stærra eða 150-200 m á breidd og 1000 m á lengd. Ekkert finnst þó skráð um tjón af völdum þessara flóða (þ.e. einnig 20. mars).
- 411 1989 Vegna snjóflóðahættu á Seyðisfirði var á mánudagsmorguninn 27. febr. ákveðið að stöðva bræðslu í loðnuverksmiðju Hafsildar hf. ... Um þetta leyti var snjóflóðavakt í Neskaupstað en ekki var þó hætta talin mikil og engin hættuleg flóð fóru.
- 416 1990 Stórt snjóflóð féll þriðjudaginn 27. feb. á bæinn Þrastarlund í Norðfjarðarsveit, en bær þessi stendur á mörkum kaupstaðar og sveitar (Morgunbl. 28. febr. og 1. mars). Lenti flóðið á íbúðarhúsi og skemmdi það mikið. Flóðið tók einnig vélageymslu sem stóð við íbúðarhúsið, en í henni voru dráttarvél og fimm bílar sem flóðið hreif með sér og flutti langt niður á tún og eyðilagði meira og minna. Þá skemmdi flóðið útihús á bænum og braut einnig rafmagnslínu til bæjarins.

II. bindi - Skriðuannáll

- | Bls. | Ár | Lýsing |
|---------|------|---|
| 146 | 1870 | Norðanfari hefur það úr bréfi frá Norðfirði að hausttíð hafi mátt heita þar hin besta, þó hafi verið þar um veturnætur gróf rigningarköst, svo víða hafi hlaupið skriður á beitolönd og engi. |
| 151 | 1874 | Í bréfi úr Norðfirði til Norðanfara segir, að þann 9. okt. hafi þar eystra komið rigning mikil, vatnagangur og grjóthlaup, er víða hafi orðið að tjóni. ... |
| 200 | 1930 | Um 20. ágúst voru óhemju rigningar, einkum austanlands. Þann dag hlupu þrjár aurskriður í sjó fram á Norðfirði. ... |
| 216-217 | 1935 | Þetta sumar, um miðjan september, gekk norðaustanstormur og stórrigning í nokkra sólarhringa yfir norðan- og austanvert landi ... Skriðuhlaup urðu einnig á Norðfirði og Eskifirði í þessum úrkomum. Á Norðfirði urðu skemmdir á landi nokkurra býla, svo sem á Skorrastað, Skálateigsbæjum og Miðbæ. Á Skorrastað fóru í skriðuna 30-40 hestar af heyi. |
| 228 | 1937 | Þann 1. sept. voru stórrigningar austanlands. Þá skemmdust vegir, garðar og tún á Norðfirði af flóðum, en skriður féllu úr Hólmatindi við Eskifjörð og skemmdu vegi, tún og engi. |
| 243 | 1946 | Miklar rigningar voru á Austfjörðum 5.-7. ágúst ... Vatnsflóð mikil með árframburði urðu á Eskifirði og Norðfirði. |
| 272-273 | 1949 | Vatnavextir miklir og skriðuhlaup ollu skemmdum í Neskaupstað þann 23. nóv., eftir að úrhellisrigningar höfðu verið undanfarna daga. Um kl. 7 að morgni hljóp skriða úr fjallinu ofan við bæinn og stefndi á hús bæjarfógetans, felldi steinsteypu-garð ofan við það og fyllti kjallara þess aur og vatni ... Fleiri íbúðir urðu fyrir verulegum skemmdum, því lækir hlupu úr farvegum og grófu sér nýja um götur bæjarins, flæddu inn í hús og yfir húsalóðir. Aurlagið í húsi bæjarfógetans var um 1,5 m á þykkt. Skriðan rann svo áfram og bar mikinn aur í sundlaug bæjarins. ... |
| 275 | 1950 | ... Úrkomur þessar hófust snemma í júlí, eftir langan þurrviðriskafli ... Skriðuhlaupin hófust að þessu sinni á Norðfirði aðfaranótt 10. júlí eftir þriggja daga stórrigningu. Hlupu þá skriður nokkrar í Neskaupstað, er ollu skemmdum á tún-um, girðingum og kjöllurum nokkurra húsa, en ekki voru skemmdirnar af þessum skriðuföllum neitt í líkingu við tjónið af skriðunum árið áður. ... |
| 327 | 1959 | Á Norðfirði gerði um kl. 6 árdegis þann 21. okt. aftaka rigningu, sem fór vaxandi með auknu hvassviðri, er leið á morguninn, og stóð svo fram undir hádegi. Hlupu þá fram allir lækir í hlíðinni ofan við bæinn, fylltu öll vatnsból bæjarins af aur og leðju ... en með harðfylgi tókst að halda götunum færum fyrir umferð. Lá nærri, að stórtjón yrði á byggingum og mannvirkjum í bænum. |
| 343-344 | 1968 | Gífurlegt úrfelli gerði á Austurlandi í fyrri hluta nóvember. Fyrst snjóaði í fjöll, en aðfaranótt mánudagsins 11. nóv. gerði stórrigningu og hljóp þá feikna vöxtur í ár og lækir, og var þegar á þriðjudag orðið ófært víða, mest vegna úrrennslis og vatnavaxta. Í Neskaupstað hófst regnið fyrir alvöru á þriðjudagsnóttina, rigndi svo þann dag allan og færðist úrfellið í aukana, er leið á daginn. Tóku þá allir lækir að flæða yfir bakka sína og breyta farvegum vegna aurrenslis. Hljóp vatn víða í |

kjallara húsa. Um kl. 9:30 á þriðjudagskvöldið 12. nóv. féll aurskriða á íbúðarhúsið í Naustahvammi og önnur klukkustundu síðar. Þar bjó maður með þremur börnum sínum, og voru börnin ein heima, þegar fyrri skriðan féll. Þeim tókst þó að komast í næsta hús. Síðari skriðan fyllti alveg jarðhæð hússins og rann vatnsflaumurinn í gegnum húsið. Hjá býli því, er Grænanes nefnist, stíflaði aurskriða á eða læk, svo að hann hljóp úr farvegi sínum og flæddi um ræktarlönd bænda þar í nágrenninu. Loks féll um 500 m breið skriða þetta kvöld á ræktunarlönd hjá býlinu Seldal innst í sveitinni. ...

- 354 1974 Þann 24. ágúst var mikil lægð suðaustan við Ísland. Fór hún vaxandi og breiddist út hvassviðri um allt land. Var víða stormur þann 25. og sums staðar slydda og snjócoma og mikið vatnsveður austan og norðanlands. ... Í Neskaupstað var fjallið ofan við bæinn orðið einn allsherjar lækur. Mátti varla tæpara standa og eflaust hefðu fallið skriður, ef rigningin hefði staðið einhverjum klukkutímum lengur.
- 364 1980 Mikil rigning var á Austurlandi og Austfjörðum þann 31. október, að auki hlýnaði mikið og leysti því víða snjó úr fjöllum. Af þessum orsökum urðu vatnavextir og víða vegaskemmdir. Um kl. 14 þann 31. féll aurskriða yfir Urðarteig í Neskaupstað, en hann er innarlega í bænum, niður á Strandgötu og út í sjó. Um kl. 17 féll stærri skriða á Urðarteig, fór hluti hennar inn í kjallara húss við götuna og gjör-eyðilagði fallegan garð við húsið. Fleiri garðar eyðilögðust af völdum skriðunnar. Um sama leyti féll aurskriða í læk við félagsheimilið í Neskaupstað þannig að þar hlóðst upp aur og grjót. Einnig gróf lækurinn sundur götur þannig að ófært varð. Tjón á lóðum, 2-3 húsum, gatna- og holræsakerfi var talið nema tugum milljóna.

Svanbjörg Helga Haraldsdóttir

VIÐAUKI 5.

ÚR ENDURMINNINGUM INGVARIS PÁLMASSONAR ÁRIN KRINGUM 1894

Tíðarfar

Harðinda og ísárin sem gengu yfir Norður- og Austurland um og eftir 1880 voru farin að strjálást um 1890, þó komu snjó- og ísa ár á milli og yfirleitt voru þá snjóalög á Austurlandi allmikið meiri en á fyrrihluta tuttugustu aldarinnar. 1892 var mjög hart vor á Austurlandi. Veturinn var nokkuð snjóþungur frá nýári þar til í góulok, þá gekk til þíðvirðis og allan einmánuð var góð tíð svo að snjólaust var með öllu í lágsvæitum um sumarmál. Þá brá til norðan og norðaustan áttar með frosti og um krossmessu var kominn svo mikill hafís að 3. maí gekk krossmessufólk á ísi frá Barðsnesi yfir Norðfjörð að Nesi. Hélt sú veðráttá fram yfir hvítasunnu, þá fór tíð að hlýna, þó voru allir firðir fullir af ís til 20. júní. Hvarf ísinn þá eins snögglega og hann kom og fiskafli varð strax sæmilegur.

Þetta vor báru allar ær í húsum, er það sá erfiðasti sauðburður sem ég man eftir, þó oft hafi gengið erfiðlega, sérstaklega voru erfiðleikar miklir með húsrúm, því hlöður voru þá fáar. Fjáfellir varð ekki mikill þetta vor, en lambatjón allverulegt.

Veturinn 1892–93

Vetur þessi var all snjóþungur hér austanlands einkum snjóaði mikið á föstunni. Var þá allmikill uggur í bændum um afkomu búpenings því nú voru engar fyrningar frá árinu áður. Óttuðust margir að á eftir snjóþyngslunum myndi koma hart vor og alltaf óttuðust menn landsins forna fjanda hafísinn og ef hann kom var ekki að sökum að spyrja.

Óttuðust bændur í Norðfirði að sömu vorharðindi myndu dynja yfir og vorið áður. Voru því nokkrir bændur sem skáru af fóðrum í vikunni fyrir páska nautgripi og hrúta. En uppúr páskum gerði góðan bata og voraði vel svo öllu reiddi vel af.

Veturinn 1893–94

Vetur sá var mjög snjóþungur frá janúar til páska, sá snjóþyngsti af þessum þrem vetrum. Snjóaði þá hér á fjörðum látlaust hvern dag í þrjár vikur. Þá gekk mjög skæð inflúensa um allt Austurland og dó mesti fjöldi af fólki úr veikinni einkum eldra fólk. Var þá mjög víða erfitt á heimilum með skepnuhirðingu, kom það fyrir að fé varð að standa málþola svo dögum skipti því engin var svo rólfær að hann gæti sinnt gripunum. Víða voru miklir erfiðleikar á að koma líkum til grafar og hér í Norðfirði stóðu uppi 7 lík um tíma vegna þess að ekki var hægt að koma þeim til grafar sökum mannaleysis og þess að ófært var um sveitina vegna fannkyngis.

Alla þessa vetra var mikið um snjóflóð hér á Norðfirði, en ekki ollu þau tjóni sem teljandi var nema 1894. Þá var engin byggð innar en í Krossskálavík, að undanteknum tveim býlum, Bjarnaborg og Skriðu, fyrr en í Naustahvammi.

Á Skriðu bjó Friðrik Jóhannsson með móður sinni en á Bjarnaborg bjó Vilhelm Eyjólfsson og kona hans Sigríður Bjarnadóttir með börn sín, voru þar léleg húsakynni.

Vóru þau hjón ásamt börnunum alla veturna, flutt út að Nesi vegna snjóflóðahættu.

Ekki grandaði snjóflóð kofunum samt, en 1894 hljóp feiknamikið flóð úr Tröllagilinu og fór nokkur hluti þess yfir kofana á Bjarnaborg, en ekki skemmdust þeir til muna, því aðalflóðið fór utar og langt í sjó fram. Var flóðið svo þykkt þar sem sjórinn braut framan af því í fjöru að það var talið 10 álnir á þykkt.

Alla þessa vetur, á meðan snjóflóðahætta var, var aldrei farið á milli Naustahvamms og Ness nema á fjöru, enda var líttfært vegna snjóþyngsla eftir ströndinni. Var stillt svo til að fara þessa leið helst á fjarandi sjó, því menn höfðu þá trú að meiri hætta væri á að snjóflóð féllu með flæðandi sjó.

1894 féll eina snjóflóðið á þessum árum sem olli verulegu tjóni, þó á hverjum vetri féllu snjóflóð í sjó fram. Þetta flóð sem tjóninu olli, féll úr Drangaskarðsgilinu og kinninni að vestan alla leið ofan úr fjallsegg, féll það yfir bæ og útihús að Þiljuvöllum og drap 30 kindur og 1 hest, tók af útihús nær öll, mikið af heyi og féll út í sjó eftir Kvíabólslæknum en sakaði ekki hús til muna á Kvíabóli.

Manntjóni olli það ekki og skall þó þar hurð nærri hælum. Gísli Þorláksson sem þá bjó á Þiljuvöllum var ásamt tengdaföður sínum Brynjólfi Einarssyni í snjóhúsi sem byggt hafði verið yfir vatnsból í gilinu fyrir vestan bæinn, vóru þar fleiri mannhæðir frá yfirborði niður að vatni og snjótröppur sem gengið var eftir, en op snjóhússins um það bil jafn hátt gilbarminum, Gísli var staddur neðarlega í brunnhúsinu þegar snjóflóðið féll en Brynjólfur nokkru ofar. Ekki fylltist brunnhúsið alveg til botns og stóð Gísli í nokkru rúmi sem ekki fylltist af snjó.

Vildi það þeim til lífs að Gísli var með góða skóflu í höndunum. Tók hann nú að grafa sig með skóflunni upp eftir snjóhúsinu, sóttist honum það sémilega því að vegna auða rúmsins sem var neðst gat hann mokað snjónum niður fyrir sig. Þegar hann hafði grafið sig nokkuð upp eftir tröppunum hitti hann á Brynjólf sem lá þar umþakinn snjó. Var þá Brynjólfur orðinn meðvitundarlaus.

Nú torveldaðist moksturinn fyrir Gísla, því hann þurfti jafnframt því að grafa sig áfram, að flytja Brynjólf meðvitundarlausan með sér. Loks tókst honum að ná gati uppúr og komast á yfirborð skaflsins og tókst honum þá von bráðar að bjarga Brynjólfi upp, þá tók litlu betra við, snjóflóðið hafði farið yfir bæinn og var hann að miklu leyti í kafi, en kona Gísla, sem verið hafði í baðstofunni þegar flóðið féll, var þá langt komin að grafa sig út um stafngluggann sem snéri undan brekkunni.

Baðstofan stóð, að vísu brotnuðu í henni sperrur og hún skekkist, en fólkið sem í henni var sakaði ekki. Komu nú menn brátt að, því þetta var um miðjan dag, var öllu fólkinu bjargað og það flutt á öruggan stað. Brynjólfur hressist fljótt og lifði mörg ár eftir þetta.

Til merkis um hvað flóðið var mikið má geta þess að það tók 30 hesta hey sem stóð ofarlega á túninu alveg við tóft og spýttti það kollinum af heyinu alla leið ofan á melinn fyrir utan Kvíabólslækinn þar sem nú stendur húsið Laufás, þar stóð efri hluti heysins með öllu torfi óhöggugu eftir flóðið og mátti nota mikið af heyinu sem undir var á melnum.

Næstu ár eftir 1894 vóru vetrar snjóléttari og ekki kom hafís að Austfjörðum svo teljandi væri fyrr en 1902. Þá rak allmikinn hafís suður með Austfjörðum síðustu daga janúarmánaðar.

Var sá ís á hrakningu úti fyrir fjörðum, en ekki hindraði hann þó með öllu skipagöngur. Um mánaðamótin janúar og febrúar kom gufuskipið Egill til Seyðisfjarðar, var það skip eign Ottó kaupm. Wathne. Hélt skipið svo norður fyrir land til Eyjafjarðar og komst slysalaust norður, en á Eyjafirði í bakaleið lenti skipið í íshrakningum og sat loks fast í ísnum utarlega á Eyjafirði 3–4

vikur. Urðu skipverjar matarlitir og náðu einhverjum matvælum úr landi á ís. Loks komst skipið líttskemmt út úr ísnum og hélt til Noregs.

Fyrsta dag aprílmánaðar fylltust allir Austfirðir norðan Gerpis með ís. Vóru þá frost allmikil og fraus ísinn svo saman að hann var genginn frá Nesi og að Stuðlum. Á þriðja í páskum fór ég sem þetta rita með heyæki á sleða úr Hellisfirði að Nesi og gekk vel. Var Vilhjálmur Stefánsson, sem enn er á lífi 1946 með mér og getur vottað frásögn þessa. Þegar við fórum suður um morguninn varð Einar Jónsson hreppstjóri okkur samferða suður fyrir Hellisfjarðanes, hélt hann svo suður yfir firðina að Stuðlum og kom aftur sömu leið til baka síðari hluta dags.

VIÐAUKI 6.

ÞEGAR SNJÓFLÓÐ HLJÓP Á ÞILJUVELLI ÁRIÐ 1894

Frásögn Haralds Brynjólfssonar - Eypór Einarsson færði í letur

Úr jólablaði Austurlands 1960

Í fjallshlíðinni neðan við rætur brekku þeirrar, sem liggur upp að Kúahjalla, á milli fjárréttar Nesbæinga að innan og Kvíabólslækjar að utan, er stórt og mikið tún. Niður í gegnum túnið rennur lítill lækur í alldjúpu gili, hann leggur leið sína fram hjá Kirkjuhvoli og sameinast aðalkvísl Kvíabólslækjar við Kvíaból. Rétt utan við lækinn nokkuð ofan við mitt túnið stóð bær, og eru grónar tóftir hans mjög greinilegar þarna í túninu enn þann dag í dag. Þessi bær hét Þiljuvellir.

Árið 1888 fluttist að Þiljuvöllum Brynjólfur Einarsson, faðir minn, frá Skálateigi. Hann hafði misst konu sína, Björgu Jónsdóttur, árið áður og flutzt út á Nes og verið eitt ár á Kvíabóli, áður en hann settist að á Þiljuvöllum. Næsta ár 1880, fluttust þau einnig að Þiljuvöllum Ingibjörg, systir mín, og maður hennar, Gísli Þorláksson.

Húsaskipan var þá þannig háttað á Þiljuvöllum, að næst læknum, ekki nema 20–30 m utan við hann, stóðu fjögur hús í þyrpingu, baðstofa, skúr, hlaða og fjós. Baðstofan og skúrin stóðu hlið við hlið og vissu þilin mót suðri. Á baðstofupílinu var sexrúðna gluggi, sem hægt var að opna, og á milli baðstofunnar og skúrsins voru göng inn í bæinn og gengið úr þeim í öll fjögur húsín. Baðstofan var 8–9 álnir á lengd og 5–6 álna breið og veggir hennar, aðrir en framgaflinn, hlaðnir úr grjóti, þykkir og sterkir en fremur lágir. Bak við baðstofuna og fast upp að henni stóð hlaðan, stórt og mikið hús, nokkru breiðari en baðstofan og svo há, að veggirnir náðu upp fyrir þak baðstofunnar. Utan undir hlöðunni bak við skúrinn, stóð fjósið. Fram og niður af bænum var lítið fjárhús með 12 ám. Nokkru utar í túninu er lág og ávöl hæðarbunga, og heldur hún áfram upp túnið og nær alveg upp á Kúahjallabrún. Hallinn af bungunni og inn að læknum í túninu er ósköp lítill, en þó góður vatnshalli, og stóð húsaþyrpingin, sem áður er getið, í þessum halla. Á hábungunni, eða um það bil 70–80 m utan og ofan við húsaþyrpinguna, stóðu tvö lítil hús hlið við hlið og sneru stöfnum fram að firðinum eins og baðstofan, lítið ærhús og utan undir því enn minna hesthús. Af hábungunni og út að Kvíabólslæk er hallinn nokkru meiri og í þeim halla, 25–30 m utan við hesthúsið, stóð lambhús og sneri eins og hin húsín, og bak við lambhúsið stóð venjulega á vetrum nokkuð stórt hey.

Veturinn 1893–94 voru 7 manns í heimili á Þiljuvöllum, pabbi sálugi, Ingibjörg og Gísli og Pet-rún, dóttir þeirra, þá á öðru ári, vinnukona, Marin Jónsdóttir að nafni, dóttir hennar, Guðrún Jens-dóttir, 10 ára, og svo ég sjálfur, þá 13 ára gamall. Fyrri hluta vetrar hafði snjóað töluvert en þann snjó tekið upp aftur að mestu af láglendi. Fyrsta þorradag var þannig töluverður snjór ofarlega í fjallinu, en í neðra aðeins í giljum. Þennan dag var stillt og gott veður, alveg blíðalogn, en þykkt loft og úrkomulegt. Féð hafði verið látið út um morguninn, og upp úr hádeginu er ég sendur af stað til að smala ánum. Á meðan ég er að því, byrjar að ýra úr lofti, ósköp rólega, en eigi var það snjór strax, heldur kalsa rigning eða krapí, sem fraus fljótt og varð að svellglerungi á steinum, þannig að ég átti bággt með að standa á fótunum á leiðinni heim með ærnar. Þegar leið á kvöldið varð úrkomian að snjó og kyngdi nú niður snjónum látlaust þangað til á miðvikudagsmorgun, en

þá breyttist úrkoman aftur í rigningu. Þennan miðvikudagsmorgun fyrstan í þorra vorum við Gísli að koma úr fjárhúsunum úti á hæðarbungunni stuttu fyrir hádegið, en pabbi sálugi hafði á meðan verið að bera vatn í bæinn og fjósið úr læknum. Þegar mikið snjóaði, eins og þarna hafði gert, og lækurinn lokaðist, voru grafin göng ofan í gilið að læknum, reft yfir göngin með borðum og hlaðið snjó ofan á borðin. Nú kemur pabbi sálugi til Gísla og segir, að borðin í lofti brunnhússins muni vera að brotna undan snjóþunganum, sem orðinn var gífurlegur, og sé líklega bezt, að þeir fari strax og reyni að ná borðunum, áður en þau brotni, og fara þeir svo og ná í reku og halda niður í brunnhúsið. Ég var orðinn rennandi blautur í fætturna og fór því inn í baðstofu, settist á rúmið mitt og klæddi mig úr skóm og sokkum og tók Marin vinnukona blautu plöggin og skóna og fór með það fram í göngin. Þegar hún er rétt komin inn í baðstofuna aftur, heyrast allt í einu ógurlegar drunur og strax á eftir kippist baðstofan dálítið til svo að stór pottur, sem stóð þar á eldavél, hallaðist og skvettist úr honum út á gólf, en ekki datt potturinn samt niður. Um leið varð svarta myrkur inni. Ingibjörg þaut strax upp og ætlaði út, en göngin voru þá orðin full af snjó, svo hún komst hvergi, og tók hún því það ráð að fara út um gluggann á stafninum. Þegar hún kom út og sá hvers kyns var, hljóp hún rakleitt niður að Kvíabóli til þess að sækja hjálp. Ég sat berfættur á rúminu mínu, en sokkarnir mínir og skórnir grafnir undir snjó frammi í göngum, svo ég varð að sitja þar, sem ég var kominn, á meðan Marin fann handa mér þurra sokka og gamla glerharða leðurskó af Gísla á fætturna. Flýtti ég mér sem mest ég mátti og þaut síðan út um gluggann á eftir Ingibjörgu. Þegar ég kom út, sá ég hvað hafði gerzt. Það hafði fallið snjóflóð á bæinn. Þeir Gísli og pabbi sálugi höfðu verið komnir niður í brunnhúsið og verið búnir að ná flestum borðunum úr þaki þess og byrjaðir að moka upp lausa snjónum, sem þá féll niður, þegar snjóflóðið skall yfir og fyllti brunnhúsið af snjó. Gísli var þá staddur alveg niður við lækinn, en pabbi uppi í miðjum brunngöngunum, og héldu þeir báðir fyrst í stað, að snjóþak brunnhússins hefði hrunið ofan á þá, snjóflóð datt þeim ekki í hug. Gísli hafði svolítið svigrúm til að hreyfa sig og fór strax að krefsa frá sér snjóinn með höndum og fótum og róta honum niður með sér og ofan í lækinn, og gat þannig þokað sér upp úr brunnhúsinu á tiltölulega skömmum tíma. Á miðri leið rekst hann á handlegginn á pabba sáluga, þar sem hann lá grafinn í snjónum og gat sig hvergi hrært, þegar Gísli komst upp úr snjónum og sá vegsummerkin beið hann ekki boðanna, en tók strax að grafa pabba úr fönninni og var rétt að byrja á því, þegar ég kom út um gluggann. Ég litadist rétt aðeins um, en hljóp síðan í hendingskasti niður að Ekru að sækja hjálp. Von bráðar tók fólk að drífa að, og komu víst flestir, sem rólfærir voru á Nesi, en áður en þeir fyrstu komu, hafði Gísli tekizt að ná pabba sáluga úr fönninni, en hann var þá orðinn nærri meðvitundarlaus og var nú strax borinn niður að Kvíabóli og jafnaði hann sig fljótt.

Snjóflóðið hafði komið alla leið ofan úr Drangaskarðskinn, líklega sprungið fram úr brún Rósu- botns, en svo heitir botninn neðan undir Drangaskarði. Það hafði svo komið niður Kúahjallann utanverðan og áfram niður túnið. Smákvísl úr því hafði farið fram fyrir hæðarbunguna í túninu, sem áður er minnzt á, og lent á húsapyrpinguna þar. Hlaðan, sem stóð aftast og var stórt og veggjahátt hús, tók að mestu við hlaupinu, sem var orðið kraftlítið þarna, og stóð það af sér að nokkru leyti. Þó reif það þakið af hlöðuveggjunum, skellti því yfir baðstofuna og langt niður á tún og fyllti svo hlöðuna og bæjargöngin af snjó. En baðstofuna sakaði ekki, þar sem hún stóð í skjóli framan við hlöðuna, og fjósið og fjárhúsið fyrir framan bæinn, var það lágt, að snjóflóðið fór yfir það og staðnæmdist svo á túninu fyrir neðan. Ormar á Kvíabóli átti hesthús þar sem fjárhúsin mín og hlaðan eru núna við Sverristún, og þangað komu bara nokkrir kögglar. Af ærhúsinu og hesthúsinu á hæðarbungunni er það að segja, að flóðið reif þökin af þeim og fyllti tóftirnar af snjó og drapst hesturinn og 17 af ánum, sem voru í húsinu, en 2 fundust lifandi alveg inni við stafninn.

Mestur hluti snjóflóðsins kom niður hallann utan í hæðinni og þar var krafturinn því mestur. Það tók heyið, sem í voru 30 hestar, og lambhúsið, sópaði heyinu í heilu lagi niður á melinn, þar sem hús Hauks Ólafssonar stendur nú, og dreifði þar úr því, en slengdi brakinu úr lambhúsinu niður í Kvíabólslækjargilið innan við melinn og stöðvaðist þar. Í lambhúsinu höfðu verið 30 lömb og fundust þau dauð hingað og þangað í snjónum, en flest í gilinu, og þar fannst eitt þeirra lifandi um kvöldið. Snjóflóðið olli því miklu tjóni á búpeningi, heyjum og útihúsum, en fólkið og íbúðarhús slapp að mestu óskaddað.

Þegar miklum snjó kyngir niður, koma iðulega smásnjóflóð úr Drangaskarðskinn niður á Kúahjalla, en elztu menn mundu ekki eftir því, að þarna hefði fallið snjóflóð niður á jafnsléttu fyrr. Ekki er mér heldur kunnugt um neinar sagnir um það, og ekki hefur hlaupið þarna síðan. Árið 1885 eða 86 hljóp snjóflóð á Naustahvamm, en ekki hljóp á Þiljuvelli, og var þá enn meiri snjór í fjallinu þá en í þorrabyrjun 1894.

VIÐAUKI 7.

SNJÓFLÓÐ Í NAUSTAHVAMMI 1885

Frásögn Jóns Einarssonar

Fyrri hluti vetrar 1884-1885 var fremur snjóléttur í Norðfirði, og var oftast auð jörð allt fram yfir nýár. Frá Pálsmessu, 26. janúar, skipti alveg um og byrjaði að snjóa. Hver vikan af annarri leið svo næstum aldrei stytta upp og ekki sást einu sinni yfir fjörðinn. Á þessum tíma var oftast þungur stormur en ekki mikið frost. Fóru öll mannvirki í kaf, bæir og útihús, svo fólk þóttist ekki muna aðra eins fannkyngi frá því veturinn 1836, sem e.t.v. hefur verið hinn verstí á öldinni.

Þetta illviðri náði einnig til annarra Austfjarða, a.m.k. allt frá Borgarfirði til Fáskrúðsfjarðar, svo hvarvetna varð haglaust og því slæmt útlit vegna heyleysis, þegar kom fram á þorra. Varð það Norðfirðingum til nokkurrar bjargar, að þennan vetur var Norðmaðurinn Ole J. Hansen með þrjá menn í húsi sínu á Nesströnd, og fór hann fyrir sveitarfélagið á eigin „þiljubát“ til Seyðisfjarðar og sótti 80 tonn af korni, gegn mjög vægu gjaldi.

Þann 18. febrúar dundi mikil ógæfa yfir Seyðisfjarðarkaupstað, þegar þar féll snjóflóð, sem tók með sér 16 íveruhús og varð 24 mönnum að bana, auk þess sem tugir meiddust eða urðu húsnaðislausir og misstu aleiguna.

Þessi mikla snjókoma olli um sama leyti nokkru tjóni í Mjóafirði, en þar féll snjóflóð á fjárhús, sem barst með nokkrum tugum fjár, ásamt heyi, fram í sjó.

Í Norðfirði er þá sögu að segja, að þar hélt sífellt áfram að snjóa, og var svo komið að kvöldi 26. febrúar, að frá því þessi óveðurshrina hófst höfðu aðeins komið þrjú dagar, sem ekki var meiri og minni snjókoma einhvern tíma sólarhringsins. – Laust eftir miðnætti aðfararnótt 27. féll snjóflóð í Naustahvammi. Hófst það í fjallinu fyrir ofan, þar sem heitir Tindur eða Sultarbotnatindur, og féll eftir Sultarbotnagjá til sjávar. Á þessum tíma voru fjögur býli í Naustahvammi. Á tveim þeirra bjuggu ekkjur, Þorbjörg Jónsdóttir, með sonum sínum, Jóni og Guðjóni Einarssonum og Guðrún Þorleifsdóttir, ásamt þremur börnum, ... og Margrétu og aldraðri móður, Sesselju ..., en búendur á hinum bæjunum voru Þórður Diðriksson og Sveinn Stefánsson.

Séra Ingi Jónsson hefur skráð eftir Jóni Einarssyni lýsingu á þessum atburðum, er fer hér á eftir:

Það var í góubyrjun, rúmlega viku eftir stórtjónið á Seyðisfirði. Komið var fram yfir miðnætti og Þorbjörg í Naustahvammi var fyrir nokkru gengin til náða, ásamt sonum sínum. Svaf hún við norðurgabl baðstofunnar, ásamt Guðjóni, en Jón svaf við suðurgablinn. Enda þótt Jón væri fyrir nokkru til hvíldar genginn, lá hann enn vakandi. Úti kyngdi niður snjó, og heyra mátti þungan storminn gnauða. Þessi nótt virtist ætla að verða eins og allar aðrar á liðnum fjórum vikum. En svo varð ekki. Tíðindalaus varð hún ekki, heldur varð þetta nótt mikilla atburða.

Jón heyrir skyndilega nið mikinn, sem yfirgnæfir stormhljóðið og skiptir það engum togum, að áður en hann getur gert sér grein fyrir því, hvað á seyði sé, eða vakið móður sína og bróður, er allt um garð gengið. Hann liggur umkringdur snjó á alla vegu, svo að hann má sig ekki hræra. Snjórinn þrengir að honum, svo að hann á erfitt með andardrátt. Af móður sinni og bróður veit hann ekkert, hvort heldur þau eru lífs eða liðin. En honum gefst ekki mikill tími til umhugsunar um þetta, því að lítilli stundu liðinni missir hann meðvitund.

En það er af móður Jóns og bróður að segja, að þau vakna ei fyrr en allt er hjá liðið. Snjóþunginn virðist þó ekki hafa legið eins þungt á þeim og Jóni, og aldrei misstu þau meðvitund, en vissu ekkert hvort af öðru né hvað Jóni liði.

Víkur þá sögunni að nágrönnum þeirra. Það býlið, sem næst stóð bæ Þorbjargar, átti önnur ekkja Guðrún Þorleifsdóttir, og var örskammt á milli. Svo stóð á fyrir Guðrúnu um þetta leyti, að hún hafði brugðið sér yfir að Barðnesi nokkru áður, til þess að hitta dóttur sína, sem þar var. En móðir hennar, Sesselja, gætti búsins með þremur ungum börnum. Á þennan bæ féll snjóflóðið einnig og færði þar allt í kaf svo sem á bæ Þorbjargar.

Tvö önnur býli voru þarna við þessa bæi. Þjuggu þar Þórður Diðriksson og Sveinn Stefánsson. Flóðið náði rétt til þeirra heimila, en braut þó smávegis bæ Sveins. Verða þeir strax varir þess, að allt er grafið í snjó á nágrannabæjum þeirra; menn, hús og skepnur.

Voru þeir bændur fáliðaðir. Heima við voru aðeins konur þeirra og fremur ung börn. – Leita þeir skjótt til næstu bæja og safna mönnum til þess að grafa upp þá, sem flóðið hafði fært í kaf. Einnig var sent á bæina inn af Norðfirði og beðið um aðstoð þar, og brugðust allir fljótt og vel við. Hefja þeir síðan gröftinn og að nokkrum tíma liðnum koma þeir niður á fólkið. Var þá komið fram undir hádegi, og það búið að liggja undir snjónum frá því um miðja nótt.

Þorbjörg móðir Jóns og Guðjón bróðir hans, náðust bæði lifandi upp, voru þau ómeidd, en allmjög af þeim dregið. Jón náðist einnig ómeiddur, en meðvitundarlaus og illa haldinn. Leið nokkur stund þar til hann komst til meðvitundar. Var þá búið að flytja hann inn í bæ Þórðar Diðrikssonar og var þar hinum hröktu veittur hinn besti aðbúnaður. Voru þau öll fljót að ná sér og hafði volkið engin slæm eftirköst í för með sér.

Önnur var aðkoman í bæ Guðrúnar Þorleifsdóttur. Var þar móðir hennar, Sesselja, látin og tvö af börnunum, en það þriðja stúlka, Margrét Jónsdóttir að nafni, var með lífi og ómeidd að mestu og náði hún sér fljótlega. Lifði hún lengi eftir þetta og afkomendur hér í bæ.

VIÐAUKI 8.

ÚR GÖGNUM HJÖRLEIFS GUTTORMSSONAR 1975

Handrit varðveitt í Skjalasafni Neskaupstaðar - afrit á Veðurstofu Íslands

Inngangur frá SHH

Hjörleifur Guttormsson hóf að safna gögnum í Neskaupstað strax eftir flóðin í desember 1974. Hann skráði upplýsingar og gerði athuganir á flóðunum og afleiðingum þeirra bæði með náttúruskoðun og viðtölum við bæjarbúa. Jafnframt safnaði hann upplýsingum um eldri flóð. Snjóflóðakort voru síðan gefin út í febrúar 1975, unnin út frá þessum upplýsingum. Ákveðið var að hluti ljósrituðu gagnanna skyldu fylgja riti þessu í viðauka, þar eð þau voru hvergi til aðgengileg.

Katrín Guðmannsdóttir á Veðurstofunni setti gögnin í Word. Textinn er settur inn í þeirri röð, sem þau voru í afriti á Veðurstofunni, sem nefnt er “frumafrit” í tilvitnunum í aðaltexta. Þau kunna að virðast samhengislaus, enda er þeim ekki raðað í tímaröð eða unnið úr þeim hér að neinu leyti. Getið er nafna viðmælenda Hjörleifs þar sem um viðtöl er að ræða. Þar sem fyrir-sagnir eru “ómerkta” er textinn tekinn beint frá Hjörleifi um athuganir á aðstæðum í fjalli ofan við Neskaupstað og einnig mat á veðri.

28. desember 1976. Snjóflóð, upplýsingar frá Hálfðani Haraldssyni

Úr Staðargjá hleypur oft, einna lengst 20. desember 1974 það hann veit eða eitthvað niður fyrir raflínu, og kom tunga niður skammt utan við raflínustaur, sem stendur nær beint niður undan gjánni í aurkeilunni.

Einnig hljóp þarna í febrúar 1974 um leið og víða annars staðar votu hlaupi og horfði dönsk stúlka á það hjá þeim út um glugga í morgunsár eftir fótaferð.

Þá vissu þau hjón að Erlendur „Lindi“ hafði lent í snjóflóði, líklega úr Þrígjám (?) fyrir nokkrum árum og missti hann meðvitund.

Hálfðan benti á skrifaða heimild í vörslu kaupfélagsins Fram, eru það minningar Guðmundar Stefánssonar frá Laufási, er hér átti heima frá um 1880 fram yfir aldamót.

28. desember 1976. Snjóflóð, upplýsingar frá Aðalsteini Jónssyni á Ormsstöðum

Ingvar Pálmason talaði um mikið hlaup úr Tröllagili, líklega 1885, og hafði myndast margra mannhæða hár bakki við Gladhheima rétt innan við Netagerðina sem nú er, þegar sjór hafði brotið framan af hlaupinu. Oft var talað um snjóflóðaveturinn mikla 1885.

Um 20. desember 1974 kom snjóflóð niður úr Hnausagjá og niður í Réttarhvamm eftir gili Þverlækjar. Tók það um 50 staura í hagagirðingu ofan bæjar og nokkra staura í túngirðingu við Fremri-Bæjarlæk, þar sem tunga barst úr Réttarhvamm inn og niður eftir. Tók Aðalsteinn fyrst eftir þessu síðar um veturinn þegar girðing sást liggja niðri og ekki um ástæðu að villast. Ekki hefur snjóflóð áður komið svo langt niður svo Aðalsteinn viti, né heldur talaði Einar gamli á Stekk um það.

Veturinn 1926 féll krapahlaup niður Hjáleigulæk. Byrjaði ofan hamra og barst niður í Réttarhvamm og myndaði stíflu, sem síðar brast og kom flóðið niður farveginn og út úr honum á túnið utan bæjar og með nokkurn aur og grjót, sem varð að hreinsa burt. Ekki var þetta neitt stórfellt.

Þá minnst Aðalsteinn snjóflóðs niður í Kúabotna úr gjánum utan við Gunnólfsskarð og flutti með sér stór björg, sem hann tók eftir um sumarið, en oft voru hestar hafðir á beit þarna í hafti. Þetta gæti hafa verið nálægt 1920. Eru björgin þarna enn.

Enn greindi Aðalsteinn frá snjóflóði á Úlfsstaðahálsi í Loðmundarfirði, hafði það eftir manni þar (faðir Aðalsteins bjó á Klyppstað, en flutti í Seldal 1902 og á Ormsstaði 1905) og féll á sömu slóðum í tvígang með nokkurra ára bili fyrir 1900. Tók af fjárhús í bæði skipti, fyrst fjárhús, sem voru nokkru ofar og síðar önnur nokkru neðar í hálsinum í sömu stefnu og þurfi að grafa kindur úr fönn.

Ekki er Aðalsteini minnisstætt snjóflóðið við Vindheim 1938, kom þar ekki á vettvang en heyrði þó um það talað eftir á. Taldi fáar kindur hafa drepist (2-3?).

16.1.1975. Símtal við Guðna Þorleifsson

Um gömul snjóflóð:

1894: Þá hljóp á 3 bæi í Naustahvammi. Sá innsti var við fjárhús Guðna í túninu upp af íbúðarhúsinu, hinir litlu utar, þar sem sér fyrir tóftum á holtinu inn og upp af Rauðbjargaskemmu [HG 22.03.1997: nú saltfiskvinnsla] og í túninu 30-40 metrum ofar, þar sem mótar fyrir tóftum. Innsti bærinn gæti hafa verið í hlaupjaðrinum, þar eð hann mun hafa kastast minna en hinir og flóðið fór í sjó fram utar. Líklega er þetta hlaup komið úr Skjónalækjargili, því að hlaup þaðan leita yfirleitt út og niður, þótt nú skilaði hlaup sér inn og niður hjá bæjargirðingunni.

Síðan hefur snjóflóð ekki borist nándar nærri eins langt niður og yfirleitt fara þau ekki lengra en að „lyngjamótum“, þ.e. þar sem graslendi tekur við af lyngi.

Ein af orsökunum fyrir hinum miklu snjóflóðum núna telur Guðni vera óvanalega mikil svellalög í giljum og gilbrúnum, sem upphlóðust í norðvestan roki seint í nóvember eða byrjun desember. Þá fuku lækir upp í móti og ruku víða, þar eð þeir voru þá enn ófreðnir.

Snjóflóð ofan við Naustahvamm talið innanfrá (1974)

- I. Rétt innan við bæjargirðingu. Skilaði sér niður gilið innan við girðinguna, þar sem hún liggur efst, og næstum beint niður eftir, niður fyrir skriðurót og eitthvað niður í brekkurnar norðan við. Sameinaðist ekki næsta hlaupi fyrir utan og gekk eitthvað skemmra niður en það. Tími: 20. desember síðdegis, allavega á eftir bræðsluhlaupinu. Tók eftir því og næsta hlaupi (úr Skjónalækjargili) morguninn eftir.
- II. Snjóflóð inn og niður úr Skjónalækjargili, féll á kafla inn yfir bæjargirðinguna og lítið lengra en hún sýnir ummerki um. Óvanaleg hlaupstefna úr þessu gili, sem skilar snjóflóðum vanalega út og niður. Tími: 20. desember síðdegis eða aðfararnótt 21. desember. Tók eftir því að morgni 21. desember.

17.1.1975. Athuganir á Naustahvammi og snjósmælingar á hafnarsvæðinu

Kannaði fjallið með sjónauka f.h., en veður var sæmilega bjart, en sólarlaust. Hvergi var snjóflóð að sjá hér í útfjallinu nema ef vera kynni skrið ofan og utan í gilkininni næstri utan við Drangaskarðsgil. Reyndist aðeins brot í snjóhengju við utanvert gilið. Ekkert flóð að sjá neðan

gilkjafis. Eftir hádegi fór ég inn að SÚN og gekk á skíðum inn og upp á Fiskurðarhrygg milli Silungalækjar að innan og Nausthvatmlækjar að utan. Þetta er urðarhryggur, sem rís nokkuð, og er hávaði um 100 m ofan raflínu í sigti á tangann milli bátakvíar og hafnar og í grandann við ós Norðfjarðarár. Þaðan sér vel út og inn og auðvitað til fjallsins.

Flóðið sem Guðni Þorleifsson sagði mér frá í síma í gærkveldi er greinilegt, en það á að hafa fallið sl. þriðjudag, 14. janúar. Hefur það komið niður smágil nr. 2 utan við Skjónalækjargil (Sultarbotnagjá ytri), sem er einnig nr. 2 frá „innstugjá“, sem hljóp úr á bræðsluna. Við fjallsbrún eru þarna gífurlegar hengjur og virðist hafa brotnað lítillaga úr á einum stað og það valdið hlaupinu. Ber þó ekki á skriði fyrr en við gilmyinni ofan „jaðranna“, þ.e. hallsins eða fláanna, sem liggja sem belti út eftir fjalli. Þaðan spýja, nokkra tugi metra í breidd að fjallsrót, þar sem hún breikkar lítilsháttar en hefur stöðvast og virðist seigla í snjónum enda trúlega kramur og vindblásinn er flóð þetta féll. Stefnan niður að sjó ef framlengd væri liggur nálægt Borg Þóris Einarssonar, og er snjóflóðið frá 20. desember, sem féll næst innan við bræðsluhlaupið líklega komið niður úr sama gili, e.t.v. vegna hengjubrots. Raunar er vart um gil að ræða í neðsta hamrabeltið neðan jaðra, en lækur fellur þarna niður eftir loftmynd að dæma og í sjó rétt innan við Bjarg við útenda mjölskemmunnar sem uppi stendur.

Hengjurnar miklu við brún, sem raunar eru samhangandi hengja allt frá því ofan við „innstugjá“ að Skjónalækjargili og inn yfir það að hluta (ytri kverkin), verða mestar upp af Sultarbotnum ytri. Teygist hún fram líkt og skyggni um marga tugi metra frá brúninni að ég gæti haldið, þunn og blámenguð að sjá neðan í en hvít ofan á. Þarna norðan við mun vera fláinn sem tengist Lokatindi í Mjóafirði og skefur suður af honum.

Ræddi við Guðna Þorleifsson og Óla Sal. (Kristjánsson) úti við í Naustahvammi. Var farið yfir örnefni í fjalli og neðan þess og hafa þau flest verið færð inn á uppdrátt 1:5000.

Þá upplýsti Guðni frekar um mörk flóðsins 1894, sem hann hefur fyrir satt að hafi fallið í frosti og snjóuggu, en ekki blota. Bjarni í Þrastarlundi sagði mér í símtali í kvöld eftir Einari á Ormsstaðastekk (föður Þóris á Borg, Þorvaldar, Jóns o.s.frv.) að snjóað hafi mikið í logni ofan á harðan gadd, sem fyrir var, og hann talaði um meira og minna samfelld hlaup allt út að Bjarnaborg frá mýrunum utan við Ormsstaðastekk. Bjarnaborg voru upphaflega fjárhús frá Ormsstöðum reist þar sem nú er endinn á Ásgarði þar sem búa Sigfús Sigvarðarson og Helgi Hjörleifsson (Gamli spítalinn). Gæti það passað við innkant á hlaupi úr Tröllagili og flóð á Ströndinni innar, en Einar þessi var sagður hafa verið nokkuð skreytinn. Kofinn stóð víst aðeins utar en Gamli spítalinn.

Guðni Þorleifsson telur þá hafa staðið fjóra bæi í Naustahvammi. Afi hans bjó á bæ, er stóð svipað og hús Guðna, og slapp hann við flóðið. Þá var bær upp af þar sem fjárhús Guðna stendur nú, og braut innkantur flóðsins hann eitthvað. Þá var bærinn á „hólnum eða undir hólnum“ út og upp af Naustaveri, örskammt, og eru þar greinilega tóftir. Þar mun þrennt hafa farist (Sesselja Sveinsdóttir, 57 ára (móðir Guðrúnar Þorleifsdóttur) og börn Guðrúnar: Jón Jónsson, 4 ára og Sigurlaug Sigfinnsdóttir, 1 árs). 30-40 metrum ofar í túninu upp af hólnum stóð fjórði bærinn, þar sem bjó Þorbjörg Jónsdóttir ekkja, 59 ára, með sonum tveimur: Jóni og Guðjóni Einarssonum og vinnumanni, og náðust þau fjögur eftir sjö stundir, segir Ólafur í Skriðuföllum og snjóflóðum bls. 315-16. Útkant flóðsins telur Guðni að hafi verið litlu utar en Rauðubjargaskemman en innar en Borg (Þóris Einarssonar), þar eð fjárhús, sem stóð á grashól inn og upp af því húsi og hét hólloinn Borg (niður af núverandi hesthúsi sem Arnfinnur gamli byggði) og haggðist ekki fjárhúsið. Snjóflóð þetta er þannig að öllum líkindum fallið úr Skjónalækjargili (Sultarbotnagjá ytri) eða Naustahvammstindi innaf því, og komi það heim við orðalag í bók Ólafs Jónssonar: „Snjóflóðið féll úr tindu upp af bæjunum. Þar er eigi vitað, að snjóflóð hafi fallið fyrr eða síðar.“

Þá minnst Guðni snjóflóðs, sem fallið hafi á árunum 1937-40 og farið á fjárhús Elíasar í Vindheimi, en það stóð um 350 metra aðeins inn og upp af núverandi Vindheimshúsi, líklega innan við lækinn. Hafi flóð þetta ekki farið öllu neðar, en það hafi líklega verið ættað úr Bjarnabotnagjá ytri. Guðni var annars syðra á vertíð þennan vetur, og gerðist þetta eftir áramót.

Bjarni Jónsson í Þrastarlundi staðfesti í símtali að tvö snjóflóð hafi komið niður ofan Naustahvamms eftir hlaupin úti á Ströndinni, en ekki hafi hann veitt þeim mikla athygli, og vissi ekki um hvenær þau féllu eða nákvæmlega hversu langt niður. Taldi að verið gæti að bæjargirðinguna hafi fennt í kaf að hluta, en ekki endilega kaffærst í flóðinu.

Þegar hljóp á bræðsluna 20. desember lá Bjarni í rúmi á loftinu heima, heyrði mikinn dynk og kom snjóflóð í hug. Var kl. tíu mínútur í tvö. Fór hann strax niður í eldhús og þá sló út rafmagnið. Hringdi hann þá í rafstöðina.

Guðni í Naustahvammi var að vinna inni í Rauðubjörgum (saltfiskverkun) og urðu þeir einskis varir. Hins vegar hafði hann verið úti og heyrð þyt um morguninn, er hann var að gegna hestum, líklega um níuleytið og sett það í samband við snjóflóð úti í fjalli. Var óhugur í Guðna þennan morgun og flaug honum í hug að biðja Guðjón Marteinsson að láta hætta vinnu vegna hættu á snjóflóðum en lét ekki verða af því, þar eð slíkt yrði lagt út sem hugleysi. — Þórarinn Guðnason var heima er hljóp í bræðsluna og heyrði hávaðann frá hlaupinu.

Bjarni í Þrastarlundi mundi ekki eftir að snjóflóð kæmu niður þar nálægt bænum, eða mjög neðarlega úti á Ströndinni fyrir en þá í fyrravetur, t.d. skammt upp af tönkum BP. Hins vegar minnst hann hroðalegra skriðufalla ofan Naustahvamms og út eftir Ströndinni, er hann var þar á ferð unglingur sem mjólkurpóstur, og hlupu skriður á stóru svæði samtímis. Einnig kom það fyrir, að hætt var við að senda með mjólk út í bæ vegna snjóflóðahættu og þá flutt á báti frá Naustahvammi.

Bjarni vann við að byggja fyrstu verksmiðjuna á Ströndinni sem unglingur, líklega 1927 eða 1928. Var norskur maður, dr. Paul, eigandi, en forstjóri hans Joakim Imbjör. Kennir Bjarni um ókunnugleika þessara aðkomumanna að setja atvinnutæki niður á þennan stað.

Guðni Þorl. segir Fauins-grunna hafa verið þar sem síðar kom söltunarstöðin Nípa. Hafi Fauin, norskur maður, verið byrjaður að koma þarna upp hvalveiðistöð um aldamót og komnir grunnar og bryggjustúfur, en þá hafi hvalagengd þorrið og verið hætt við. Ekki kannaðist hann við snjóflóð í því sambandi.

Þorsteinn Ársælsson bílstjóri var í bíl sínum á innleið við hús Orms Sveinssonar ásamt Gísla Begga skipstjóra þegar flóðið kom niður hjá Mána. Sá þeir mikið kóf og höfðu orð á, að þetta væri meiri vindhviðan. Logn hafði verið og kom allt í einu hár kófstrókur, e.t.v. 20 m hár. Þegar hann settist, sáu þeir hvað gerst hafði og flóðinu hafði skilað langt út á sjó, e.t.v. 100 metra eða meira.

Jóhann Þórisson var að ýta snjó ofan við SÚN og var nýbúinn að taka sköfu út hjá steypa tankinum og ætlaði til baka (að bakka) þegar allt í einu fennti fyrir alla glugga, þannig að vinnukonurnar höfðu hvergi nærri undan og hann fékk hellu fyrir eyrun. Þegar virtist slota opnaði hann hurðina og steig út á beltið. Sá hann þá hvað gerst hafði og allt var fullt af snjó ofan frystihúss og fast við ýtuna. Fór hann niður að SÚN, þar sem menn voru á þönum, hittu föður sinn, sem hafði fengið nokkurt áfall, tók bíl Orms og óku þeir feðgar út á sjúkrahús. Komu við hjá Þorsteini lögregluþjóni heima í Strandgötu 40 og sögðu honum um hlaupið en héldu síðan rակleitt út eftir, hittu aðeins Karl Waldorf og Svein Davíðsson við kaupfélagið og voru þeir þá að halda inn eftir og lentu í Mánahlaupinu. Þeir feðgar fluttu fregnina út á sjúkrahús. Þaðan fór Jóhann til baka út fyrir, þar eð Mýrargata var lokuð og kom að Mánahlaupinu. Sýnist líklegt að

nær 10 mínútur líði á milli hlaups á SÚN og hlaups á Mána. Jóhann reiknar með að þeir hafi verið 4-5 mínútur út til Þorsteins lögregluþjóns, síðan ca. 2 mín. út hjá kaupfélagi og Karl og Sveinn a.m.k. jafnlengi inneftir, en hafa trúlega ekið greitt, þar eð þeir vissu um flóðið á SÚN.

Jóhann Þórisson telur líklegt, að hlaupið í bræðsluna (úr miðgjánni) komi aðeins á undan hlaupinu á SÚN og ályktar það af þessu: Sæmundur Gíslason var á innleið á bíl sínum og beið við vegamótin þjóðvegur-bræðsla eftir að hann opnaði veginn með ýtunni, og gerði Jóhann það og hélt áfram með sköfuna út hjá tanki neðan götu en Sæmundur ók rakleitt inneftir og lendir í flóðinu 80-100 metrum innar, en Jóhann skefur snjóinn út eftir á meðan um 70-80 metra leið og er búinn að ýta honum niður fyrir hjá tankinum innanverðum, þegar hlaupið kemur. Þarna gæti munað allt að 30 sekúndum.

20.1.1975. Símtal við Sigríði Elíasdóttur, Starmýri 23, f. 1912

Hún telur fullvíst, að snjóflóðið úr Nesgili hafi fallið um kl. 12:30-12:45 þann 19. desember. Hún var þá stödd úti með sonarbörn sín og ræddi við aðra krakka ofan við húsið að Starmýri 23 (innri verkamannabústaðurinn). Voru þar 2 börn 2ja ára og 2 börn 5 ára. Veður var norðaustanvindur með fjúki og dimmviðri en létti svolítið til öðru hvoru og birti í kófið, og í slíku hléi fór Sigríður út með börnin. Heyrði hún þá allt í einu mikinn nið eða þyt til fjallsins og virðist hann færast nær. Ekkert sá hún til fjalls og skammt frá sér vegna skafla ofan við húsið. Eldri börnin tóku einnig eftir þessu og vildu fara inn og samsinnti Sigríður því. Henni fannst hljóðið vera „...eins og beint fyrir ofan mig“. Ekki setti hún þetta þó í samband við snjóflóð fyrir en seinna og fór úr henni óhugurinn eftir að inn kom. Um það leyti voru menn að fara til vinnu og nefndi hún þetta ekki við aðra en börnin. Sigríður átti um tíma heima í Vindheimi hjá föður sínum, en hann hafði flutt úr Mjóafirði um 1920, er hún var á níunda ári. Árið 1936 eða 37 líklega í febrúarmánuði um hádegisbil, féll snjóflóð á fjárhús Elíasar inn og upp af Vindheimsbænum og stöðvaðist nokkuð niðri á „efra túninu“, kippkorn neðan við fjárhúsið. Í húsinu voru um 20 ær og dráputst þær flestar, en örfáum varð bjargað. Snjókoma með blotum hafði þá verið um nokkurt skeið áður en flóðið féll, en menn voru vitni að því, er það kom niður, en ekki vissi Sigríður hvaðan úr fjalli það var ættað. Hafði það m.a. farið eftir lækjarfarveginum fyrir utan fjárhúsið. Brotnaði húsið alveg niður, en það var úr torfi og grjóti með trésperrum járnklæddum. Flóðið var alldjúpt og erfitt að grafa í það eftir kindunum.

Sigríður bjó í Móakoti rétt ofan við síldarbræðsluna sem síðar var reist, flutti þangað 1929 eða 30 og bjó þar fram undir 1950 með börnum sínum. Rétt innan við var Hruni og Skálholt, hvort tveggja hús, sem fóru í snjóflóðinu en neðan vegar stóð húsið Hrapandi. Bærinn í Naustahvammi, sem Þorbjörg og Jón Einarsson og Guðjón voru í, og lenti undir snjóflóðinu 1885, heldur Sigríður að hafi heitið Skjálfandi. Lækin utan við Bjarg kallar hún Bjargalæk, en vissi ekki nafn á lækjunum við Móakot. Kannaðist þó við nafnið Þórunnarmýrarlækur, en vissi um foráttumýri þar upp af Móakoti, „milli túnanna“, en þar höfðu skepnur oft farist, og var ekið þar í fenið fleiri tonnum af grjóti skömmu fyrir 1930.

Ekki minnst hún snjóflóða þar í grennd, en nokkrum sinnum komu vatnsflóð í Þórunnarmýrarlækinn (þó hristi mýrin sig), oftast að vorlagi, t.d. eitt sinn mikið flóð sem hreif með sér fisk og skúra út á sjó og björguðu tveir menn, sem voru við fiskþvott, sér með því að stökkva í skektu þar við bryggjuna. Áður hafði rignt mikið og hljóp þá víða, t.d. hjá Sigga og Þóru Davíðs á Melnum (Melagötu ?) og á Tröllanesi. Hún minnst tveggja vatnshlaupa á Tröllanesi niður hjá Steinsnesi.

6.2.1975. Símtal við Helga Hjörleifsson, Ásgarði

Hjörleifur faðir hans bjó alla sína tíð í Hruna (varð 75 ára gamall), en síðan tók við af honum Hermann Jónsson. Helgi byggði hins vegar upp í Skálholti fast fyrir innan og bjó þar til 1945 að hann flutti út í Ásgarð. Þorsteinn Jónsson í Naustahvammi byggði þarna einnig.

Snjóflóð. Oft komu skvettur úr gjánum niður í miðjar hlíðar, einkum í sunnan hlýviðri eða sólskini.

Man aðeins einu sinni eftir að snjóflóð kæmi niður undir túnin þar upp af og skemmdi girðingu. Var það líklega sama veturinn og hljóp á fjárhús Elíasar í Vindheimi, í febrúar eða mars 1936. Féll flóðið yfir girðingu beint upp af Skálholti, e.t.v. um 300 metrum ofar og fleygði henni niður í boga. Telur Helgi að flóðið hafi þar verið kraftlítið og girðingin dregið úr því.

Einnig man Helgi eftir snjóflóði við Skuld „upp úr 40“, en gæti e.t.v. hafa verið 1936. Klofnaði það sitthvorum megin við Skuld og fóru köggjar úr því alveg niður að götu. Gerði flóð þetta engan skaða að Helgi telur.

Þá sá Helgi eitt sinn snjóflóð falla niður úr Gunnólfsskarði úr kinninni öðrum megin úr klettabelti og féll það stutt niður fyrir hamra. Líklega snjóaveturinn 1914, sem var afskaplega snjóþungur. Þá mokuðu þeir 8 tröppur niður úr fönninni að útidyrum í Hruna.

Hefur ekki heyrt um snjóflóð niður úr Tröllagili og telur Sveinhildi í Hátúni staðfesta það eftir sínum föður. Tröllagil telur hann ytra gilið upp af Tröllavegi og telur sig aldrei hafa heyrt innra gilið undir því nafni, og veit ekki heiti á því.

Veturnir 1910, 1912 og 1914 voru miklir snjóavetur.

Snjóflóðið í Naustahvammi 1885. Helgi smalaði með Ara og Jóni Einarssyni í Naustahvammi sem unglings og sýndu þeir honum hvar húsin, sem grófust undir flóðinu, stóðu. Annað og það neðra hafi staðið „neðan undir hólnum“ inn og upp af Rauðubjargaskemmu, reist af Sveini Jónssyni á eldra bæjarstæði, burstabygging með timburpili að neðan en grafið inn í hólinn bakatil. Hitt húsið var innar og ofar, rétt innan við læk, sem rann á milli bæjanna, ca. 8-10 metra inn af lækjargilinu. Telur Helgi sig geta bent á bæjarstæðin í auðu. Hins vegar hafi fjárhús staðið á túninu upp af hólnum. Ekki kannast hann við að bær hafi staðið þar sem nú eru fjárhús Guðna Þorleifssonar, en hins vegar stóð bær Ara þar sem hús Guðna er nú. Telur hlaupið hafa komið úr gili upp af bæjunum (Innri? Sultarbotnagjá) en ekki úr tindi. Hlýtur hlaupið að hafa verið nokkuð breitt.

Skriðuhlaup voru algeng mjög við og í lækjum hjá Skálholti, Bjargi og einkum Skuld. Stundum hljóp inn í kjallarann hjá Gísla í Bjargi. Einnig þekkir Helgi frásögnina um mikið grjóthlaup á Tröllanesi og haft eftir Magnúsi Hávarðssyni, Adam, Þorsteini o.s.frv. Var það svo stórt og þykkt, að beljur fóru ekki yfir það.

Segir Þuríði konu Guðna Sveinssonar þekkja vel til fólksins sem varð fyrir snjóflóðinu í Naustahvammi.

19.1.1975. Upplýsingar um snjóflóð frá Sigurði Vilhjálmsyni, Miðgarði 3

Magnús Hávarðsson, f. 1878, sagði Sigurði frá því, að þegar hann var um 9 ára gamall hafi fallið mikil snjóflóð í Norðfirði á svæðinu frá Naustahvammi út á Tröllanes og Ströndin þar á milli verið meira og minna þakin snjóflóðum. Þannig hafi fallið mikið snjóflóð niður í sjó á Tröllanesi og ekki hægt að komast fyrir utan það um tíma. Hafi ytri mörk þess verið við grjótvegg, sem

hlaðinn hafi verið í sjó fram út frá Tröllanestanganum, þar sem Netagerðin stendur nú. Ekki gat hann um fleiri snjóflóð fram í sjó á Ströndinni og tengdi þetta ekki mannskaðaflóðinu í Naustahvammi í frásögn sinni. Hafi hann verið notaður þá til sendiferða frá Naustahvammi út að Nesi. Magnús Hávarðsson lýsti veðri svo á undan þessum miklu snjóflóðum, að snjóað hafi upp úr göngum, síðan tekið upp snjó, en svo snjóaði seinni part vetrar mikla gumsu.

Þá hafði Sigurður það eftir Bjarna Björnssyni sjúkrasamlagsgjaldkera, að rétt um 200 árum áður en netagerðin var reist (1964-66) hafi mikið grjóthlaup fallið niður á Tröllanes, og ekki verið fært neinum stórgrip. Hafði Bjarni þetta eftir Þorsteini Adamssyni, sem hafði það frá sínum föður og hann frá Ormari föður sínum. Ætti þetta þannig að hafa gerst um 1765. Svo mikið er víst, að nóg var af grjóti að hafa á Tröllanesi og mikið notað í hleðslu. Þannig var hlaðinn mikill grjótveggur frá stígnum utan við gamla kaupfélagið, um 1 metri á þykkt (breidd) og náði sá upp undir Steinsnes. Innar voru víða hleðslur m.a. um fiskreiti og merki um grjóturð allt inn undir „Nýhöfn“, sem er sjóhús Guðmundar Bjarnasonar innan og neðan við BP-tankana. Einnig hafi verið mjög grunnt í stórgryti á túnblettum. Ytri hlutann úr þessari urð telur Sigurður kominn úr „Ytra gilinu“ sem sumir hafi kallað Tröllagil, en Sigurður telur það nafn upphaflega eiga við innra gilið, sem er langtum meira og hrikalegra.

Sjálfur minnst Sigurður snjóflóðs, er lengst hafi gengið niður ofan Tröllaness seinni part vetrar 1920, líklega í marsmánuði, en það stöðvaðist á melkolti, þar sem nú er húsið Urðarteigur 6 (Ingólfur Gíslason). Þetta var býsna hátt hlaup og hlóðst upp eins og heysáta. Féll það í blota að Sigurður telur, en hann var þá 6 ára og höfðu börnin gaman af að leika sér í kantinum á hlaupinu, sem var nýjung fyrir þau. Sáust merki um hlaupið löngu eftir að annar snjór var hlánaður um vorið.

19.1.1975. Upplýsingar um Mánahlaupið frá Þorsteini Ársælssyni, Urðarteigi 4

Þorsteinn var með bíl sinn kyrrstæðan hjá húsi Orms Sveinssonar, Strandgötu 24, og voru að taka þar eitthvert dót á bílinn, en annars á innleið. Inni í bílnum sátu með Þorsteini, Gísli Sigurbergur Gíslason, skipstjóri og Árni vélamaður á ms. Björgu en á palli stóð Guðmundur Magnússon, Urðarteigi 20. Sáu þeir þá hlaupið þeytast niður hjá Mána um 300 metrum innar. Virkaði það sem kófmökkur, 15-20 metra hár og fylgdi hann mest frambrún hlaupsins, en settist fljótt og sáust þá verksummerki. Strókurinn barst út á sjó og telja þeir flóðið hafa borist á móts við:

Þorsteinn: Á móts við ytri flugbrautarendann, sem mælist 330 m út frá miðju hlaupi.

Gísli: Grandann sunnan við ós Norðfjarðarár (Borgarhrók), sem mælist um 450 m.

Meðaltal þessara viðmiðana er 390 ~ 400 metrar.

Snjórinn virtist sökkva mjög fljótt og jafnframt kom upp drasl, sem borist hafði með hlaupinu, m.a. steyputunna af steypubíl frá Gylfa langt frá landi. Nokkur kvika var í sjó, enda haugasjór úti fyrir. Athuganir þessara manna eru mikilsverðar, ekki síst að því er tekur til frambrúnar hlaupsins, og skeikar raunverulega ekki miklu í umsögn þeirra.

Þorsteinn hermdi það eftir föður sínum, að snjóflóð í Mjóafirði sunnanverðum nálægt Asknesi hafi borist yfir fjörðinn, m.a. tekið með sér skúr þar úr fjöru yfir undir Strönd handan fjarðar. — Athugist nánar.

Frá Helgu konu Þorsteins fékk ég upplýsingar um, að snjóflóðið ofan Steinsness (Hlíðargötu) hafi verið komið niður um morguninn 28. desember, og hefur það sennilega fallið um kl. 19 kvöldið áður, þar eð Sævar Sigurvaldason stjúpsonur Guðjóns Magnússonar, taldi sig hafa heyrt í

snjóflóði um það leyti í fjallinu fyrir ofan og haft orð á því heima, og Guðjón sá svo verks-
ummerki við fjárhúskofa sinn snemma morguninn eftir.

20.1.1975. Símtal við Steinunni Aðalsteinsdóttur, Blómsturvöllum 47

Hún telur snjóflóðið úr Drangagili hafa komið niður 20. desember á tímanum 10:30-11. Það var rétt að verða bjart og nokkur tími leið, uns maður hennar kom í hádegismat. Hún heyrði dýnk og varð þess vör að snjó fyllti fyrir tvo glugga að norðanverðu á húsinu og fór snjórinn upp undir þakskegg. Geil var bak við húsið en síðan allhárir skaflar. Ekki setti hún þetta strax í samband við snjóflóð, en um hádegðið sáu þau flóðið skammt fyrir ofan húsið og smádreifar niður að því og framhjá húsinu að utanverðu. Girðingin stóð þó uppi og lítinn snjó að sjá fyrir en nokkuð uppi í túninu, þannig að magnið var lítið neðst. Töldu þau jafnvel, að vindstrokan frá flóðinu hefði þeytt skaflinum fyrir gluggana, en líklega hefur þó eitthvað borist að húsinu.

20.1.1975. Símtal við Reyni Zoëga

Eftir Bjarna Björnssyni heyrði hann um hlaup niður Kvíabólsgilið, er tekið hafi báta með sér, þar sem nú er Efnalaugin.

Þá um hlaup í Mjóafirði hjá Hesteyri, og hafi flóðbylgjan farið yfir fjörðinn og truflað mann (Friðjón Benediktsson), sem var á kamri í flæðarmálinu í hvalveiðistöðinni á Asknesi.

Þegar hljóp á bræðsluna 20. desember hringdi Reynir símstjóri í nafna sinn og sagði honum atburðinn. Reynir hringdi þá strax út í Dráttarbraut og bað alla sem gætu að fara inneftir til bjargar. Síðan fór hann upp til Ólafs Gunnarssonar og út um gluggann sáu þeir mökkinn frá ytra flóðinu við Mána.

31. janúar [1975]

Frá því um kl. 17 í gær, 30. janúar hefur verið þíða og rigndi dálítið í ANA-átt í gærkvöldi og smávegis sl. nótt. Kl. 06 í morgun var +4°C á Dalatanga og létti til í morgun, hiti yfir frostmarki.

Sl. nótt eða í gærkvöldi hefur komið eitt kramt snjóflóð í kaupstaðarlandinu, það best verður séð. Er það fram úr innstu „gjánni“ ofan við Síldarvinnslu sem hljóp úr um daginn (20. desember), nær stutt niður eftir skriðunni fram úr gjákjafninum, varla nema á móts við framlengingu hamrabeltis, sem kemur í ljós undan skriðu litlu utar (skissa í handriti).

2. febrúar 1975

S-SV þíðviðri, hiti 5°C og meira, úrkomulítið sl. nótt. Smávegis krapaspýja hefur fallið niður farveg Stóralækjar í fjalli og rétt niður fyrir gilkjafn, mjó og efnislítill.

Önnur smá krapaspýja hefur fallið niður fast utan við Sultarbotna ytri, og sýnist hafa byrjað með losi úr hengjunni í brúninni þar fyrir ofan. Nær ekki niður í skriðurót, mjó og efnislítill héðan að sjá í sjónauka.

Á tímanum kl. 19, 1. febrúar til kl. 24, 2. febrúar, þ.e. á 29 klst. bili hefur snjór í ca. 2 m skafli sigið og bráðnað um 15 cm. Við snjómokstur reyndist um 1 fet í efsta snjólagi vera „sülzig“ eða þíður og gleypur snjór, en þar undir þurr og vindþjappaður.

6.2.1975. Símtal við Einar Jónsson, Tröllavegi

Jón Einarsson, faðir Einars, lenti í snjóflóðinu 1885 í Naustahvammi og bjargaðist. Hann bjó síðan í Hruna ofan núverandi Síldarbræðslu. Einar fæddist í Nesi, en ólst upp í Hruna. Hann segir, að á nær hverjum vetri fyrrum hafi hlaupið á þessu stykki inn undir Naustahvamm og út á Ströndina og komu stundum kögglar niður að girðingum. Hafði yfirleitt hlaupið fljótt þegar snjóaði og hafi menn ekki talið hættu stafa af þessu. Jaðrarnir milli gilja hafi verið taldir hættulegri hlaupsstaðir en gilin.

Ekki man Einar eftir snjóflóði 1936 fyrir ofan Skálholt né á fjárhús Elíasar í Vindheimi 1936. Ekki hefur hann heldur heyrt talað um snjóflóð á Tröllanesi.

Veturinn 1910 var óskaplegur snjóavetur, en Einar var þá 15 ára. Þá var slétt af öllu, einnig giljum, og enginn steinn stóð upp úr. Engin sérstök snjóflóð féllu þá.

Túnin ofan Hruna náðu um það bil 130-140 metra upp fyrir húsaröðina. Markar hann þetta af 60 faðma köðlum, sem dregnir voru upp eftir og raktir sundur.

Ekki þekkir Einar nein sérstök örnefni þarna innfrá, t.d. ekki Sturluenni og Þórunnarmýri.

3.2.1975

SSA-átt talsverð rigning sl. nótt, hiti +6°C kl. 9 í morgun. Engin teljandi hreyfing á snjó í fjalli utan smáskrið í giljum, og myndast hafa sérkennilegar rásir í snjóinn í hvilftum neðan brúna og niður eftir hlíðum sennilega vegna missigs, rífflunar í vindbarningi og vatnsrennslis.

Helsta snjóflóð er í gjánni næstri utan við Miðstrandarskarð, sem liggur skáhalt frá brún inn og niður, en beygir síðan niður ofan malartekjugryfju. Hefur snjóspýja þessi farið svolítið niður fyrir sveiginn í gjánni að aðalhamrabelti nr. 2 að neðan.

Á leið með snjóþíl inn Norðfjarðarsveit sá ég merki um snjóflóð úr Hoflaugarfjalli og Bagli og tók af þeim myndir. Gætu verið bæði allgömul og önnur nýleg. Eitt all grjótborið hefur komið niður úr Hofsgjá og segir mér Hálfván á Kirkjumel, að það hafi fallið um sama leyti og flóðin úti í bæ um 20. desember sl. Flóð þessi ná niður á hallið neðan hamra, en ekki niður fyrir stallinn upp af bæjunum. Teknar skyggnumyndir.

Á Kirkjubólsteigi og inn í Fannardal er allt hvítt yfir að líta og hvergi að sjá birkitanna upp úr og ekki heldur í Staðarhálsi milli Seldals og Fannardals. Hins vegar standa hríslur allmargar upp úr fönninni við sneiðingana inn af Skuggahlíð. Mikill snjór er á Oddsdal og telur Sveinn Sigurbjörnsson 3-4 metra víða niður á veginn ofan við miðjan dal. Ekki hefur lagt mjög mikið í kinnina að norðanverðu við skarðið, en að sunnanverðu er slétt af öllu. Hefur slóð snjóþílsins færst langt upp fyrir veg í kinnunum og er mjó og heldur glæfraleg í dimmviðri, en nú var albjart.

Snjór er mikill á Eskifirði norðanverðum, en mun minni og víða auðir rindar á Hólmanesi. Ekki er heldur mjög mikill snjór á leiðinni inn á Reyðarfjörð.

Úr Teigagerðistindi hafa fallið nokkur snjóflóð, m.a. eitt grjótborið, og annað ferskt (frá síðustu nótt). Ná þau skammt niður eftir skriðum.

Birkihríslur standa nokkrar upp úr sunnan í Grænafeili og þar sést greni í miðri hlíð upp úr snjó upp af gamla íþróttavellinum.

Á Fagradal eru göngin eftir blásarann á veginum víða 1-1,5 m og hafa vart farið yfir 2 metra áður en hlánaði, þannig að ekki virðist þarna hafa verið nein óskapa fönn.

Snjóflóð sunnan Oddskarðs 19.-20. desember 1974 - samkvæmt frásögn Sveins Sigurbjörnssonar, Eskifirði (snjóbílstjóra)

Tvö veruleg snjóflóð féllu yfir þjóðveginn skammt sunnan við Oddskarð sólarhringinn 19. desember frá ca. 07 að morgni til jafnlengdar 20. desember. Hið efra kom niður úr krikanum milli Svartafjalls og Hólmgerðarfjalls um það bil sem kinnina þrýtur og vegur sveigir niður í lægðina austan í Hólmgerðarfjalli. Fór það kippkorn niður fyrir þjóðveg niður undir brekkubrún, þar sem brattast er niður í botn Sellátradals. Ekki mjög breitt (100-150 m?).

Hitt féll litlu neðar úr hlíð Hólmgerðarfjalls í breiðu belti og var líklega um 400-500 metra á breidd á þjóðvegi. Féll það ca. 50 metra niður fyrir raflínu og braut í henni eina staurasamstæðu og rofnaði þá straumur milli Norðfjarðar og Grímsár kl. 08:25 að morgni 19. desember. Hafði Sveinn ekið þarna um í blindbyl á leið til baka frá Neskaupstað milli kl. 06 og 07 um morguninn. Um miðjan dag fór hann upp með raflínnum til viðgerða og rakst þá á neðri snjóflóðakantinn sem háan vegg, og hélt sig hafa villst af vegi í átt að fjalli. Var þetta ofan við efstu beygju þar sem byrjar að halla í lægðina fyrir ofan af hæðarkollinum. Sáú þeir línurofið skömmu síðar og áttuðu sig á, að snjóflóð hafði fallið.

Morguninn eftir hélt Sveinn aftur upp með raflínnum til viðgerða og sá þá efra hlaupið í sæmilegu veðri um kl. 8 um morguninn 20. desember. Fór hann yfir skarðið og bjó til slóð í norðurkinninni, en ferð snjóbíls með farþega frá Eskifirði var stöðvuð um kl. 15 þá um daginn af almannavarnanefnd Neskaupstaðar eftir að snjóflóð höfðu valdið manntjóni í Neskaupstað. Var snjóbíllinn þá kominn upp fyrir 2 fyrstu beygjurnar ofan Eskifjarðar með 7-8 farþega, en þá hafði veður líka versnað á ný. Sveinn fór svo yfir skarðið í góðu veðri 22. desember og kom aftur til Neskaupstaðar í versnandi veðri að kvöldi 23. desember. Lagði hann þá upp eftir miðnætti með 14 farþega og komst upp fyrir beygju neðan undir Hátúni, þar sem fyrir honum varð snjóflóð. Var þá snúið við, enda þreifandi bylur og komst bíllinn við illan leik með farþega til baka til Neskaupstaðar um kl. 09 að morgni 24. desember.

7.2.1975. Viðtal við Magnús Hermannsson, f. 1926

Hann veitti upplýsingar um hvenær snjóflóð féllu samkvæmt mælum í Grímsárvirkjun, sem slá út sem síritar, er högg kemur á línu og sýna nákvæma tímasetningu (1974).

19. desember kl. 08:25. Snjóflóð á línu sunnan í Oddskarði (flóð úr Hólmgerðarfjalli, sbr. Svein Sigurbjörnsson).

20. desember kl. 13:47. Snjóflóð á bræðsluna og SÚN í Neskaupstað.

24. desember kl. 09:06. Snjóflóð á raflínu í Tungudal.

Það síðasttalda mun hafa fallið úr norðurhlíð dalsins (suðurhlíð Slenjufells) og brotið 4 staurastæður. Kastaðist flóðið yfir dalbotninn og upp í hlíðina hinum megin og myndaði þar háa frambrún, jafnvel nefndir 30 metrar.

Raflínuviðgerðarmenn fóru þarna á vettvang 24. desember og gengu frá endum en gert var við síðar, verkstjóri var Gísli ...

Snjóflóð niður að Hruna. Þegar Magnús var í barnaskóla, e.t.v. í janúar-febrúar 1936, féll snjóflóð niður að Hruna, þar sem fjölskyldan bjó, alveg að íbúðarhúsinu, en stöðvaðist þar og skemmdi ekki mannvirki.

Þó færði það úr stað tunnu sem stóð við brunn skammt ofan við fjós, sem var fast við bæinn.

Dimmt var þegar börnin fóru í skólann um morguninn og sáu þau fyrst flóðið, er þau komu heim um hádegið, en fullvíst var, að það hafði fallið niður nóttina áður. Flóðið sem Helgi Hjörleifsson talar um að farið hafi yfir girðinguna talsvert ofar, mun hafa fallið síðar eða um eða eftir 1940. Athuga þyrfti, hvenær Helgi flutti í Skálholt.

Ekki man Magnús eftir snjóflóði við Skuld um sama leyti, því sem Helgi Hjörleifsson greinir frá.

Aurhlaup. Magnús minnst vel sem krakki (4 ára) aurhlaupsins mikla ofan við Hruna sumarið 1930 (20. ágúst). Börnin sáu hlaupið koma niður fjallið og stefna beint á bæinn. Fór það fremur hægt. Hermann flúði með Jakob og Magnús syni sína inn í Bjarg, þar sem Anton Lundberg og Sigurborg bjuggu þá í kjallara, og rétt á eftir skall skriðan á Bjargi, innri hlutinn, en ytri hlutinn hljóp niður eftir Kristínarlæk í sjó fram. Þannig klofnaði hlaupið ofan við túnin og greindist að mestu í lækina tvo, Bjarglæk og Kristínarlæk (svartolíulækinn). Tók þetta hlaup m.a. fiskhjall hjá Sigurði Jónssyni (?) og setti bryggju neðan við þar sem nú er Síldarbræðslan að mestu á þurrt.

Haustið 1941 (1942?) kom aurhlaup niður fyrir Urðarteig hjá húsi Eiríks Guðnasonar og báru að því grjót. Ættu Eyleif og Sigga(?) að muna vel eftir því.

Haustið 1949 kom svo mikið aurhlaup í Stekkjarlæk, þann sem kemur niður fast innan við barnaheimilið. Hafði fallið spilda í fjallinu í lækjarfarveginn og stíflað hann og líklega sameinast tveir lækir í einum farvegi. Fór lækurinn úr farvegi og rann niður þar sem nú er Stekkjargatan, en aðalurskriðan kom á bæjarfógetabústaðinn og í sundlaugina.

Reynir Zoëga mun hafa skoðað verksummerki í fjallinu.

1.2.1975. Símtal við Bjarna Jónsson, Þrastarlundi

Skriðuföll. Þau um sumarið 1930.

Veturinn 1929-30 einn sá besti, snjóléttur, fé sleppt á endaðri góu, gott vor, heyskapartíð góð í júlí, 2. ágúst fór að rigna og rigndi dæmalaust mikið. Skriðuföll um 20. ágúst.

Fyrst hleypur við Vindheim, hleypur niður að grjótgarði ofan túns, en leir og drulla í sjó fram.

Naustahvammslækur hljóp einnig kringum Bjarg, alveg niður í sjó. Mest í læknum við Síldarvinnsluna. Aðalsteinn vann hjá Norðmönnum þá um morguninn. Langstærst og mest. Myndaði grjóteyri fram í sjó. Trillubryggja nær á þurru. Næsta hlaup kringum Skuld, ysta hlaupið, báðum megin við húsið í sjó fram. Hreinar ófærur að komast á milli.

Bjarni man eftir snjóflóði rétt utan og ofan við Hruna, man eftir bólstrum þar. Jón Bjarnason telur það hafa farið í sjó fram. Eftir 1930.

Helgi Hjörleifsson fæddur og uppalinn í Hruna, Hjörleifur bróðir Ara á Naustahvammi. Helgi bjó lengi í Skálholti.

Eitt sinn snjóaði mikið, þá flutt mjólk á skektu frá Naustahvammi, einnig vegna ófærðar, en líka vegna snjóflóðahættu, í um hálfan mánuð. Bjarni og (Aðalsteinn) voru þá í mjólkurflutningum og réðu eldri menn þessu.

12.6.1975. Bjarni Þórðarson gaf upplýsingar

Þann 29. september 1835 urðu úti í Nípunni (urðu fyrir snjóflóði): Filippus Salómonsson, vinnu- maður Bakka, Stefán Björnsson (St. Bjarnas.), unglingspiltur Bakka, Sigurður Sig., unglingspiltur frá Nesi, (úr kirkjubók?).

Laugardagur 28. desember 1974 (HG kannaði fjallið ofan Neskaupstaðar)

Kannaði fjallið ofan Neskaupstaðar með tilliti til snjóflóða, en frá því um kl. 17 í gær til hádegis í dag hefur verið allmikið úrfelli, fyrst slydda en síðan rigning á láglandi, en trúlega mest snjór til fjalla. Hefur bætt mikið á snjóinn í fjallinu og dregið í hengjur í utanverðum gilbrúnum í hlíðum. Krapaflóð hafa fallið á einum 5 stöðum, svo sem hér skal greint frá:

1. Lítið flóð neðst í hlíð upp af frystihúsi SÚN litlu utar en gilin, sem flóðið mikla kom úr á dögnum. Hefur ekki skilað sér teljandi niður fyrir brekkurót.
2. Talsvert hlaup upp af húsunum nr. 18 og 20 og plastverksmiðju Guðmundar Magnússonar við Urðarteig. Á upptök sín ofarlega í fjalli á skriðurinda neðan við breitt hamrabelti ca. 100 metra neðan við brún (miðað við hæð frá sjó). Sást vel sprungan í snjónum ögn A-laga á ca. 50-100 metra breiðu belt, en að öðru leyti mótaði lítið fyrir jöðrum hlaupsins niður fjallið. Hefur það stöðvast niðri á móts við raflínu og er þar líklega um 70 metra breitt, en tota skilaði sér þó lengra niður úr því innanverðu og lágu smádriftir fast að kartöflugeymslu (smákofa) í eigu Guðmundar Bjarnasonar. Hlaupið hefur slitið niður nær allan innkant hestagirðingar Þórðar frá Skógum, sem hann hafði reist upp undir kletta, og efri kant beitargirðingar, sem var skammt ofan við raflínurnar og útkant hennar ofan til. Guðrún Jóhannsdóttir, húsfreyja að Urðarteigi 18, sagði Gísla mann sinn hafa haft orð á því í rúminu snemma í morgun, að hann hafi þá heyrt þyt og skruðninga og sagt, að líklega hafi fallið snjóflóð. Hefðu þau svo séð ummerkin í birtingu í morgun. Taldi Guðrún, að snjóflóð hefði fallið allt að því eins langt niður síðla í fyrravetur.
3. Talsvert snjóflóð ofan Blómsturvalla, virðist komið ofarlega úr fjalli innan við urðarhvilftina, sem Konráðslækur er ættaður úr, en þar mótaði fyrir „brotsári“ rétt neðan hamrabeltisins, sem er ofan við hvilftina. Lengst niður nær hlaup þetta fast að girðingu um lóð hússins nr. 15 við Blómsturvelli (Sigfúsar Guðmundssonar), að vísu aðeins smádriftir, sem stöðvast hafa á girðingarnetinu, en um 20 metrum ofar er væn snjódyngja, og breikkar hlaupið talsvert þaðan upp eftir, þar sem það á kafla hefur farið yfir barrtrjáplöntun í eigu Skógræktarfélagins. Sigfús hafði fyrst tekið eftir ummerkjum, er hann kom heim um hádegisbil gangandi, en Sigurjón Baldursson, loftskeytamaður, hafði látið þess getið við hann, að er hann fór á vaktina um 6-leytið í morgun hafi hann heyrt þyt og látið sér koma í hug snjóflóð. Að sögn Loga bæjarstjóra féll í fyrravetur krapahlaup niður litlu innar langleiðina að húsi Axels Óskarssonar nr. 13.
4. Snjóflóð innst við Kúahjalla, líklega ættað úr gildrögunum neðan urðarhvilftarinnar, sem Konráðslækur kemur úr. Hefur það fallið allbreitt við báðar loftnetsstangirnar, sem nýlega hefur verið komið fyrir inn og niður af Kúahjallanum og stöðvast við girðingatetur inn og upp af spennistöðinni, talsverðan spöl ofan götu, en ekkert íbúðarhús er þar neðan undan.
5. Smáhlaup virtist mér hafa fallið niður skriðuna innan við mynni Drangaskarðsgils fram með efstu símastaurunum, sem þar standa og þá yfir snjós kriðuna, sem þarna féll á stærra svæði um daginn (20. desember).

Seinnipartinn í gær gerði bleytuhríð af austri í Neskaupstað en í nótt hlýnaði og rigndi talsvert á láglandi fram undir hádegi, en létti til um nónbilið með vestanátt. Nokkur krapahlaup féllu ofan kaupstaðarins, að líkindum snemma morguns og náðu lengst niður á tveimur stöðum ofan Urðarteigs og Blómsturvalla, t.d. stöðvaðist snjós kriða skammt ofan við húsið að Blómsturvöllum 15 og hafði þá farið yfir reit með ungum barrtrjám á kafla. Annars ollu þessi flóð engu tjóni utan slitu niður gamlar girðingar á nokkrum stöðum, og oft áður hafa krapahlaup fallið mun víðar úr fjallinu ofan kaupstaðarins, t.d. á útmánuði í fyrravetur.

4.1.1975. Frásögn Reynis Zoëga

Samkvæmt frásögn Reynis Zoëga, sem mældi dýpt í flóði milli Steypusöluskála Gylfa að skemmu Bifreiðabjónustunnar 22. desember var það að meðaltali á bilinu 100-120 cm, en dýpra eða grynna á stöku stað vegna mishæða í landi.

10.1.1975. Athuganir á snjóalögum í fjalli Neskaupstaðar

N-átt mjög hæg, bjartviðri, frost -10° til -15°C . Sól niður fyrir hamra á köflum mest. Mikill snjór í fjallinu og hefur dregið saman í skafla og hengjur, einkum í utanverðum giljum, en mikil fönn neðan brúna í gildrögum, t.d. í kinnunum við Dranga- og Miðstrandarskarð.

Snjóflóð hafa orðið alveg nýlega, e.t.v. í morgun eða síðasta sólarhring:

1. Í utanverðri kinninni við Miðstrandarskarð skammt neðan brúna, en aðeins sigið niður í botn, sem þar verður, annars ekki ósvipað broti þarna 20. desember.
2. Í gjánum, innstugjá og miðgjá upp af Síldarbræðslu, smáspýjur niður þar sem hamrar eru brattastir, en hafa stansað ofarlega í miðhallinu, þar sem kominn virðist mikill snjór, þannig að gilin eru þarna nærri sléttfull. Auðsætt er smástreymi snævar víða niður gjárnar og hliðarbarma þeirra, án þess að um flóð sé að ræða, fremur að kögglar losni eða smádreifar. Þannig safnast smám saman meiri og meiri snjór neðan bröttustu hamranna í miðhallinu.

Uppgötvaði tvö snjóflóð gömul:

1. Ofan Hlíðargötu upp af Alfreð Árnasyni, Ólafi H. Jónssyni og Guðjóni Magnússyni og Steinsnesi allt niður undir hús. Krapahlaup, sem féll aðfararnótt eða að morgni 28. desember.
2. Snjóflóð við bæjargirðingu ofan raflínu, hefur farið yfir hana rösklega á bili tveggja hornsteina, komið inn og niður sniðhallt úr aðalgilinu utan við girðinguna, þar sem hún liggur upp brattann, og er þetta milli brekkurótar og raflínu.

Mengun. Nokkur mengun er við fjarðarbotn en þó hvergi löðrandi að sjá. Dálítið af útötuðum fugli. Þorvaldur Einarsson skýtur þessa veikburða fugla með fógataleyfi og sýndi mér hávellu, sem hann hafði banað dálítið olúborna. Gengið að ósi Norðfjarðará.

11.1.1975

A-kaldi, skýjað en úrkomulítið utan smáél, frost -5° til -2°C , byrjaði að hvessa og snjóa með kvöldinu.

Athugun á fjalli. Engin snjóflóð sjáanleg. Á snjóflóðin frá 20. desember grisjar hér og hvar neðan brekkna, þannig að þau þekur ekki mikið nýsnævi, en snjó hefur feykt talsvert af rindum og hávöðum í gil og niður undir sjó.

Olúmengun. Unnið að dælingu og upphitun olú í svartolíugeyminum yfir í heilan geymi neðan bræðslu. Gengur allvel að sögn Svans. Mikil olútjörn virðist utan við geyminn í átt að spennistöð og ætlaði að brjótast þar fram í gær, en ýtt var að snjó sem hindrun. Nú á að reyna að dæla beint úr þessari „tjörn“ með einskonar sugu (áburðar- eða safnhússugu). Geymirinn sem menguðum snjó er mokað í, er ekki nærri fullur að opi, en ekki hefur verið byrjað að hita í honum. Búið að fjarlægja snjó og olú að mestu í línu upp að útkanti geymanna og allt ofan vegar, nema þá dreifar.

Olúgírðingin dregin fyrir framan bilið milli SÚN- og Bræðslubryggju um nónbil 10. janúar. Í henni var svolítið af olíu, en vatnaði yfir hana innanverða næst landi, þannig að af henni var lítið gagn. Talsvert mengaður sjór í línu frá SÚN-bryggju suður að ósi Norðfjarðarár eða yfir í Borgarkrók. Talsvert þykk brák sunnan við hafnarmynnið við Leiru, og brúnleit slika á sjó úti á firði. Í gær gufaði einkennilega upp af slíkri brík í froststillunni en sást annars ekki rjúka af sjónum.

Talsvert sér á fugli. Giskaði á að um 1/5 hluti máva við fjarðarbotninn væri verulega ataður, og virðist sjá meira á ungum svartbaki en eldri svartbaki, sem hefur oft sloppið. Sá hávelli að því komna að sökkva skammt frá landi. Sumir mávar leitast við að ná af sér olíunni með því að dýfa sér ótt og títt í vatn, aðrir reita fiður með nefi, og er það allt aumlegt að sjá.

Smávegis olía barst inn á Leiru norðan flugvallar á flóði, en mest er undir ísi. Sama gildir um Norðfjarðará og ósinn.

15.1.1975. Skoðunarferð í Neskaupstað

Á tímanum 11-16 gekk ég á skíðum um kaupstaðarlandið frá viðlagasjóðshúsum á Bakkabökkum inn rétt ofan byggðar að Síldarvinnslu á Ströndinni og þaðan með fjörunni að ósi Norðfjarðarár. Verulega hefur bætt á snjóinn, en þó er erfitt að giska á magn þar eð allt hefur færst til, rífið niður í svörð og steina á rindum en dregið saman í gil og lægðir og ekki síst niður yfir kaupstaðinn í veðrahamnum, sem geisað hefur frá því á sunnudagsmorgni 12. janúar.

Skaflamyndun er mikil í bænum. Ofan efstu húsa hafa myndast (eða bætt á) um 3 metra háir skaflar með 2-3 metra bili frá húsveggjum, en neðar liggja skaflar hlémegin, oft langir garðar, en dyngjur mestar þar sem trjágróður er mikill svo sem í Tungu og hjá Magnúsi Guðmundssyni.

Í fjalli er víða berrífið í skriðum og á rindum neðan hamra, en snjó dregið í gil og kvosir neðan brúna og sá þó ekki vel upp í eggjar sökum kófs og síðan snjómuðu. Áberandi miklir skaflar eru skáhallt frá NA-SV fyrir gilmyggi og rísa víða hátt, t.d. í Drangaskarðsgili, Nesgili og Bakkagili. Mikil fönn virtist í gjánum ofan Síldarvinnslu og yfirleitt meiri og minna rífinn snjó í fjallinu innan til (innan Tröllagils).

Við Síldarvinnslu var vinna hafin í frystihúsi við smíðar o.fl., en olúmenn hitti ég ekki. Flotgírðingin lá sem dræsa framanundan fjöru utan mjölskemmmunnar. Talsverð olúbrák var milli bryggjana neðan Síldarvinnslu og út með landi brúnleitar brákir. Einnig var olía við fjöru í fjarðarbotni og barst inn um ósinn norðan flugvallar inn á Leiru, sem þó er undir ísi nema yst. Olúbrák var líka inni í Norðfjarðará innan við granda, en mjög var hásjávað. Hefur brimið gengið hátt sl. nótt og að undanfögnu, m.a. yfir afleggjarann út á flugvöll og kastað þar upp ýmsum reka.

Skemmdir vegna veðursins. M.a. losnað járn á mjölskemmmunni og feykt inn og brotið dyrnar (í gærkvöldi), einnig losnað lítilsháttar járn á saltfiskskemmu (Rauðubjörg). Gullfinnur sökk neðan við grjótgard á höfninni. Pappi virðist hafa losnað (fokið) af þaki á nýja Tindahúsinu og einnig fauk af þaki í Vík (Snjólfur) og á Hjöltum ofan við Þórhól.

Í kvöld um kl. 19 féll snjóflóð á síldarbræðslu Hafsíldar á Seyðisfirði.

Hvergi sé ég merki um ný snjóflóð, en svolítil spýja hefur hreyfst við innanvert Nesgil neðan til og stöðvast ofan skriðu.

Sá lítið af fugli, helst hávellur og endur, en einnig skarf, fáir ataðir olíu að sjá.

Guðni í Naustahvammi sagði mér í síma að kvöldi 16. janúar að „í fyrradag“ hafði komið niður einhver snjóspýja utan við Skjónalækjargil. Tók ekki eftir henni á umræddri göngu degi síðar, en skyggni leyfði þá ekki skoðun til fjalls og smávegis nýsnævi hafði fallið (17.1.).

Guðjón Marteinnsson sagði, að í gær hefði mátt tala um Nípukollsveður inn við fiskvinnslustöð. Um morguninn hafi verið nær óstætt á plönunum utan við skemmuna og aftur um kvöldið.

Sérlega hvasst virðist svo hafa orðið á tímanum 22-03 aðfararnótt miðvikudags og hafði mörgum ekki orðið svefnsamt, t.d. hjá Kristni Ívarssyni á Blómsturvellum og hjá Gerði skólastjóra við Mýrargötu. Þá var járn að losna á Hjöltum ofan við Þórhólinn og fór Róbert í að negla það niður.

16.1.1975. Athuganir og myndir af snjósköflum

Gekk út ofan viðlagasjóðshúsa og tók myndir af skaflamyndunum utan húsanna og milli þeirra svo og þeirra og húsanna innan við í smíðum. Einnig út og upp hjá Jóhanni K. Sig., ofan verkamannabústaða við Starmýri og af húsi Sigurjóns lögregluþjóns Jónssonar við Víðimýri, auk Mýrargötu 37. Skaflar nokkru meiri ofan húsa en eftir austanveðrið fyrir áramótin, en liggja svipað að mér virðist.

Engin snjóflóð að sjá héðan utanað horft með sjónauka í fjallið. Mikill snjór neðan brúna og í giljum. Áberandi snjóhengja sunnan í Naustahvammstindi horft héðan inneftir.

Skafl að húsi allt að grópi (rönd) ca. 50 cm neðan við brún frá SV-horni að ytri glugga á vinnuherbergi. Enginn skafl austan við neðst.

Setti niður málmstöng til að fylgjast með sigi skafls ofan húss. Sett upp og út af NV-horni. – Upp úr (nýsnævi) 81 cm, kl. 18, 16.1.1975. – Upp úr skaralagi 91 cm, kl. 11, 16.1.1975.

17.1.1975. Olíupáttur

Við svartolíutankinn hitti ég starfsmann Olíuverslunar, sem tjáði mér, að þeir væru að verða búnir að ná því úr svartolíugeyminum, sem hægt væri með dælum en í óveðrinu fennti mikið inn í geyminn og myndar snjórinn ískristalla innan um olúna, sem erfitt er að þíða að gagni. Meiningin væri að glíma næst við olíupollinn utan við tankinn með dælu og haugsugu, sem væntanleg væri daginn eftir með flugvél. Tæki hún inn í tank, sem væri tengdur henni 2500 lítra af olíu, sem síðan ætti að þeyta upp í safngeyminn. Svan og Stefán Bjarnason fóru suður í dag með smávél, væntanlegir aftur um miðja næstu viku.

Olíugirðinguna sagði hann vera með öllu ónýta, en Stefán ætlaði að koma með meira af henni í vikunni, þá trúlega til að setja við bátakvína.

Við bátakvína var unnið að því að njörva saman staura í þrefalda röð, sem leggja á síðan þvert yfir og miðaði því verki nokkuð.

Á firðinum mátti sjá nokkrar allstórar olíubrúkir í dag.

18.1.1975

Skoðaði fjallið í sjónauka og var skyggni allgott og sól í brúnum um tíma. Hvergi hefur snjó hreyft að ráði, nema smáskrið ofan Urðarbotns og í hliðarveggjum gjáa ofan Naustahvamms. Ógnarmikill skafl liggur í Urðarbotni neðanverðum og eins í kinnunum neðan Drangaskarðs.

Olíubrúkir nokkrar á firðinum, einkum frá Síldarvinnslu og út með landi.

19.1.1975

Éljugangur og mugga til fjalla þannig að illa sást til brúna. Ekki var nein ný flóð að sjá eða hreyfingu við gilkafta í Drangaskarðs-, Nes- eða Bakkagili. Guðmundur Bjarnason ætlaði að horfa í innfjallið. Gekk upp með NA-hríð milli kl. 15-16.

20.1.1975

Éljugangur og kóf fram yfir hádegi, létti síðan til. Talsvert hefur rífið niður á autt í fjallinu. Hvergi flóð að sjá við athugun úr sjónauka. Mikið hrím á klettum efst innan til, m.a. innan við Miðstrandarskarð. Mikill snjór í giljum, m.a. „gjárnar“ að sjá nærri fullar ofan SÚN á „jöðrunum“.

9.2.1975

Gengið á skíðum kl. 12-14 út á Þúfu. Þar út frá, yst á Hálsunum er snjólaust nema í giljum og lítinn snjó hefur fest í Nípunni þar upp af. Snjóflóð hefur fallið niður gildrag fast utan við Þúfu og er þar snjór í gílinu svo langt upp sem séð verður en lítill til hliðar. Þetta er mjótt hlaup, 10-15 m á breidd og með svipuðu yfirbragði og hlaupin frá desember sl., þannig að ætla má að það hafi fallið um 20. desember sl.

Mengunarbrák af olíu (?) sýndist liggja út sunnan við miðjan flóa og í sveig skammt frá Barðsneshorni og sveigir þar til suðurs. Kom brákin fram sem lygna á annars smágáruðum sjó.

Talsvert sást af mávi í Nípunni og sat hann m.a. á syllunum skammt utan við Þúfu.

Í góðviðrinu þeystu menn á snjósleða, vélhjólum og jeppa um harðfennið ofan við Bakkabakka, snjósleðinn með börn á þotu í eftirdragi.

Snjóflóð 4.2.74. Veður á Dalatanga

Tími	Klukkan	Hiti °C		Vindur		Úrkoma í mm
		Hámark	Lágmark	Vindátt	Hnútar	
2.feb.	kl. 9					8,8
	kl. 18					31,6
3.feb.	kl. 9	2,5	1,6	NNA	21-36	32,2
	kl. 18	1,8	0,9	NNV	22-33	5,4
4.feb.	kl. 9	2,1	1,2	ANA	13-18	1,5

Snjóflóð í Neskaupstað, desember 1974

Flóð sem féllu 20. desember talið innan frá kaupstaðarmörkum:

- I. Snjóflóð úr gili ofan Naustahvamms (Sultarbotnagil ?). Hefur fallið inn og niður yfir bæjar-girðinguna, sem liggur upp frá Vindheimi á um 300 metra löngum kafla ofan raflínu og stöðvast um 500 metra vegalengd frá sjó í ca. 70 metra y.s.
- II. Snjóflóð ofan Naustahvamms utarlega, upp af mjölskemmu Síldarvinnslunnar og húsi Þóris Einarssonar. Hefur fallið út og niður skriðu utan Sultarbotnsgils og líklega byrjað í gili þar upp af og virðist miðja þess fylgja lækjarfarvegi. Flóð þetta féll niður fyrir raflínu, þar sem það var um 130 metra breitt og þverbraut tvo raflínustaura í beinu framhaldi af því sem

brotnaði í næsta flóði fyrir utan. Flóðið stöðvaðist um 85 metrum neðan raflínu 300 metra frá Ströndinni (270 m ofan mjölskemmu) í 35-40 metra y.s. Mesta breidd þess nokkru ofar en raflínan gæti hafa verið um 150 metrar.

Mælingar 29.12.1974 á snjóalögum eru í handriti (niðurstöður hér)

Meðalsnjódýpt reyndist vera 140 cm, 115 cm, 73 cm og 35 cm (bls. 76-78 í “frumhandriti” á Veðurstofunni).

Yfirlit um snjóflóð sem fallið höfðu í Neskaupstað til kl. 13, 21. desember 1974 - byggt á vettvangsskoðun kl. 13-16 þann dag

Auk snjóflóðanna tveggja á Ströndinni, hafa fá snjóflóð fallið, það stærsta úr Drangaskarðsgili (Kvíabólslæk) allt niður undir hús utarlega við Blómsturvellu ofan götu.

Talið utan frá er ástandið þannig:

1. Snjóflóð með upptök rétt innan við Hrafnakirkju (Bakkalæk) hefur fallið inn og niður með Neslæk og yfir neðri hluta á útkanti skógræktargirðingar og stöðvast líklega nálægt neðri kanti hennar.
2. Snjóflóð mun minna en 1. hefur fallið yfir Skógrækt ofanverða að vestan (nálægt norð-vesturhorni) og niður ca. 1/3 af Skógrækt. Mun hafa fallið síðdegis þann 20. desember.
3. Snjóflóð úr Drangaskarðsgili og lítilsháttar vestan þess hefur fallið niður undir utanverða Blómsturvellu á allbreiðu svæði.
4. Snjóflóð úr Tröllagili, smáspýja, sem nær skammt niður fyrir gilkaftinn.
5. Snjóflóð neðan Miðstrandarskarðs eftir þremur gildrögum allt í sjó fram. Upptök 50-100 metrum neðan við brún.
6. Snjóflóð við SVN, komið úr þremur hamragjám, hið mesta úr þeirri í miðið, upptök mjög hátt í fjalli.
7. Snjóflóðið litlu innar upp af Naustahvammi, hefur náð eitthvað niður hallann og þar dreift sér og stöðvast alllangt ofan við byggð.

Um önnur snjóflóð virðist ekki vera að ræða, þannig að óvída hefur hlaupið að ráði nema á Ströndinni og neðan Drangaskarðs. Þannig gæti enn víða hlaupið úr fjallinu, bæði fram úr giljum og úr hnausum milli þeirra. Hengjur eru víða með brúnum, ekki síst neðan Drangaskarðs og utar. Aðalhættusvæðið með tilliti til byggðarinnar tel ég þó vera á svæðinu ca. frá Barnaheimili eða húsi Jóns Nóasonar við Blómsturvellu og inn að hlaupi frá Miðstrandarskarði, þ.e. við innri hluta Blómsturvallu, Hlíðargötu og Urðarteig og neðar fram undan giljum.

22. desember 1974. Til almannavarnarráðs í Neskaupstað

Athugun Hjörleifs Guttormssonar á snjóflóðum, sem fallið hafa í Neskaupstað til viðbótar upplýsingum frá 21. desember.

Tvö snjóflóð hafa fallið úr fjallinu utan við Drangaskarð umfram það sem fram kom í gær:

1. Úr gili næst innan við Stóralæk allt frá brúnum niður undir beitargirðingu, og innsti hlutinn niður rétt utan við Vatnshól. Hlaup þetta er allbreitt en grunnt.

2. Hlaupið hefur niður gilið hjá Hrafnakirkju [Bakkagil] allt frá brúnum og gengur það niður innan við Vatnshól.

Hengjur sem sjást með brúnum frá innanverðu Drangaskarði og út undir Stóralækjardrög eru brotalínur snjóflóða, og hefur þannig hlaupið mun meira úr útfjallinu en áður var talið, bæði úr giljum og hnausunum milli þeirra. Ætti þannig engin snjóflóðahætta að vera með tilliti til byggðar frá Barnaheimili við Blómsturvelli utanverða og út úr, jafnvel þótt bæti verulega á snjó.

Laugardagur, 28. desember 1974

Kannaði fjallið ofan Neskaupstaðar með tilliti til snjóflóða, en frá því um kl. 17 í gær til hádegis í dag hefur verið allmikið úrfelli, fyrst slydda en síðan rigning á láglandi, en trúlega mest snjór til fjalla. Hefur bætt mikið á snjóinn í fjallinu og dregið í hengjur í utanverðum gilbrúnum í hlíðum. Krapaflóð hafa fallið á einum 5 stöðum, svo sem hér skal greint frá:

1. Lítið flóð neðst í hlíð upp af frystihúsi SÚN litlu utar en gilin, sem flóðið mikla kom úr á döggunum. Hefur ekki skilað sér teljandi niður fyrir brekkurót.
2. Talsvert hlaup upp af húsunum nr. 18 og 20 og plastverksmiðju Guðmundar Magnússonar við Urðarteig. Á upptök sín ofarlega í fjalli á skriðurinda neðan við breitt hamrabelti ca. 100 metra neðan við brún (miðað við hæð frá sjó). Sást vel sprungan í snjónum ögn A-laga á ca. 50-100 metra breiðu belt, en að öðru leyti mótaði lítið fyrir jöðrum hlaupsins niður fjallið. Hefur það stöðvast niðri á móts við raflínu og er þar líklega um 70 metra breitt, en tota skilaði sér þó lengra niður úr því innanverðu og lágu smádriftir fast að kartöflugeymslu (smákofa) í eigu Guðmundar Bjarnasonar. Hlaupið hefur slitið niður nær allan innkant hestagirðingar Þórðar frá Skógum, sem hann hafði reist upp undir kletta, og efri kant beitargirðingar, sem var skammt ofan við raflínurnar og útkant hennar ofan til. Guðrún Jóhannsdóttir, húsfreyja að Urðarteigi 18, sagði Gísla mann sinn hafa haft orð á því í rúminu snemma í morgun, að hann hafi þá heyrt þyt og skruðninga og sagt, að líklega hafi fallið snjóflóð. Hefðu þau svo séð ummerkin í birtingu í morgun. Taldi Guðrún, að snjóflóð hefði fallið allt að því eins langt niður síðla í fyrravetur.
3. Talsvert snjóflóð ofan Blómsturvalla, virðist komið ofarlega úr fjalli innan við urðarhvilftina [urðarbotn], sem Konráðslækur er ættaður úr, en þar mótaði fyrir „brotsári“ rétt neðan hamrabeltisins, sem er ofan við hvilftina. Lengst niður nær hlaup þetta fast að girðingu um lóð hússins nr. 15 við Blómsturvelli (Sigfúsar Guðmundssonar), að vísu aðeins smádriftir, sem stöðvast hafa á girðingarnetinu, en um 20 metrum ofar er væn snjódyngja, og breikkar hlaupið talsvert þaðan upp eftir, þar sem það á kafla hefur farið yfir barrtrjáplöntun í eigu Skógræktarfélagins. Sigfús hafði fyrst tekið eftir ummerkjum, er hann kom heim um hádegisbil gangandi, en Sigurjón Baldursson, loftskeytamaður hafði látið þess getið við hann, að er hann fór á vaktina um 6-leytið í morgun hafi hann heyrt þyt og látið sér koma í hug snjóflóð. – Að sögn Loga bæjarstjóra féll í fyrravetur krapahlaup niður litlu innar langleiðina að húsi Axels Óskarssonar nr. 13.
4. Snjóflóð innst við Kúahjalla, líklega ættað úr gildirögunum neðan urðarhvilftarinnar [urðarbotn], sem Stekkjarlækur kemur úr. Hefur það fallið allbreitt við báðar loftnetsstangirnar, sem nýlega hefur verið komið fyrir inn og niður af Kúahjallanum og stöðvast við girðingatetur inn og upp af spennistöðinni, talsverðan spöl ofan götu, en ekkert íbúðarhús er það neðan undan.

Smáhlaup virtist mér hafa fallið niður skriðuna innan við mynni Drangaskarðsgils fram með efstu símastaurunum, sem þar standa og þá yfir snjóskriðuna, sem þarna féll á stærra svæði um daginn (20. desember).

2. mars 1975. Stórgrýti í snjóflóðum, mæld 2. mars

	Stærðir í cm		
	lengd	breidd	hæð
1. Bræðsluflóð, steinn um 10 m ofan vegar, beint upp af vélarhúsi SÚN.	70	60	110
2. Skágil utan Drangaskarðs. Talsvert af grjóti niður yfir ofanverða Skógrækt, einn mjög stór ofan við efri kant ómældur, annar niðri undir miðgirðingu ca. 160 m.h.	140	70	70
3. Nesgilsflóð.			
a) Stórt bjarg inn og niður af Vatnsbóli rétt ofan við bílaslóð.	200	140	90
b) Rétt ofan og utan við hliðið, sem farið var um upp að Vatnshól (út af SA-horni Skógræktar).	130	80	130
4. Bakkagilsflóð.			
a) Bjarg utan Vatnshóls, rétt ofan aðrennslisskurðar.	170	115	90
b) Bjarg í flóði nokkru innar og ofar, út af Vatnshól.	140	70	90

13. febrúar 1975 kl. 14-16. Athugað snjóskrið í fjalli Neskaupstað

Hæg ANA-átt með -6°C frosti og éljagangi síðasta sólarhring en upprof og sólskin á milli í dag. Hefur þannig bætt á um 10-12 cm snjólagi á 10 cm lausamjöll sem féll 10.-11. febrúar. Hefur snjó ekki skafið teljandi síðan.

Athugaði snjóskrið í fjalli í sjónauka og tók myndir af svæðum frá Tröllagili inn að Gunnólfsskarði. Engin teljandi snjóflóð hafa fallið og ekkert niður fyrir hamrabeltin neðstu í fjallinu. Hins vegar er mikið skrið frá brúnum og niður í gilin ofan Síldarvinnslu og eins úr gilkinunum og hafa af þessu myndast smáflóð, sem stansa á „jöðrunum“ ofan til eða um miðju, en fara ekki niður fyrir hamrana neðan þeirra. Þó vottar fyrir flóði neðan úr „innstu gjá“, en er líklega frá því fyrir nokkrum dögum. Þá hefur skriðið í kinnunum við Miðstrandarskarð og niður í Rósubotn við Drangaskarð, en annars lítið í fjallinu utan til.

15. febrúar 1975. Snjóskrið í fjalli í Neskaupstað

Í morgun hlýnaði og varð hiti um 4°C er á daginn leið, SA-misvindi 15-40 hnútar. Mikið hefur oltið niður hlíðar af snjóköggjum og mynda þeir víða þéttan kemming milli hamrabelta, en ná ekki niður fyrir fjallsrætur. Virðast þeir leggja af stað við neðanverð hamrabeltin, e.t.v. við það að snjór fellur niður af syllum og rúlla síðan sem snjóboltar. Ekki voru sjáanleg nein kröm, samfelld flóð. Meira bar á þessu neðan við miðjar norðurhlíðar en ofar, og sama sást neðan hamra í Múlanum á móti.

16. febrúar 1975

SA-þíða +4°C og talsverð rigning og hvassviðri. Sígur snjór ört og hlánar. Eru snjóflóðin frá desember orðin auð víða. Skoðuðum fjallið enn kl. 16 (ókum inn fyrir bræðslu). Engin snjóflóð hafa fallið, utan spýja niður úr innstugjá ofan bræðslu, sýnist eiga upptök í jaðrinum og nær ekki að skriðurót, byrjar mjótt ca. á miðjum jaðrinum en breiðast nokkra tugi metra. Hefur komið niður síðasta sólarhring.

Örlítill spýja í skriðunni innan bæjargirðingar.

Snjóflóð við Tröllanes

Snjóflóð við Tröllanes fyrir aldamót. Magnús Hávarðsson, 9 ára gamall. Sigurður Vilhjálmsson. Snjóflóð frá Konráðslæk inn að Framnesi, 8 m kantur. Elín Magnúsdóttir kona Ág. Blöndal.

Lýsing á veðurfari haustið og fyrri hluta vetrar 1974-75 vegna snjóflóða á Norðfirði og Seyðisfirði (Gunnsteinn Stefánsson)

Snjór kom í fjöll með fyrra móti þetta haust. 20. september byrjar að snjóa, og snjóar nokkra daga. Þennan snjó tók aldrei upp að öllu leyti.

Október var úrkomulítill mánuður og hitastig oftast á láglendi 0-4°C framanaf. 13. dag mánaðar komst hiti upp í 10°C og hlánaði þá töluvert til fjalla. Á tímabilinu 15.-23. okt. var hiti frá 2-8°C, 24. frystir og er frost það sem eftir er mánaðar.

Hitastig í nóvember var oftast yfir frostmarki 1-6° að frádregnu tímabilinu 17.-22., þá daga var frost.

Afleiðingar af því að hitastig var oftast skammt ofan við frostmark frekar aðgerðarlítið, var sú að fjallshlíðar bólstruðu í þeim frostaköflum sem komu og eins á nóttum þegar hitastig fór niður fyrir frostmark.

Frost er allan desember og oftast mikil snjókoma frá 10. desember.

Desember 1974. Hjörleifur Guttormsson: Snjóflóðamælingar í Neskaupstað

I. Snjóflóð við bræðslu

A. Þversnið - dýptarmæling - 29.12.1974 - eftir beinni línu frá neðri brún innsta olúgeymis utan við frystihús ofan aðalgötu inn eftir í sigti við veggbrún (SV-horn) á kjallara starfsmannahúss (norræna húss) og spölkorn inn fyrir flóðið. Stysta fjarlægð frá þessari línu niður að þjóðvegi í beygjunni ofan bræðslu virtist um 12 metrar. Sjá línu á uppdrætti.

0 metrar	(við innbrún geymis),	snjódýpt	10 cm	
5	-	flóðjaðar	-	190 -
10	-		-	105 -
15	-		-	80 -
20	-		-	95 -
25	-		-	90 -
30	-		-	brak undir

35	-	-	-	sama
40	-	-	105	-
45	-	-	135	-
50	-	-	165	-
55	-	-	170	-
60	-	neðan við kjallara	90	-
65	-	sama	-	skafið frá
70	-	-	100	-
75	-	-	195	-
80	-	-	170	-
85	-	-	145	-
90	-	-	135	-
100	-	-	100	-
105	-	-	120	-
110	-	-	245	-
115	-	-	180	-
120	-	-	120	-
125	-	-	100	-
130	-	-	110	-
135	-	-	95	-
140	-	-	125	-
145	-	-	145	-
150	-	-	155	-
155	-	-	165	-
160	-	-	190	-
165	-	-	195	-
170	-	-	160	-
175	-	-	125	-
180	-	-	80	-
185	-	-	130	-
190	-	-	245	ólúsmit
195	-	-	140	mikil svartolía
200	-	-	135	sama
205	-	-	120	-

210	-	-	150	-
215	-	-	155	-
220	-	-	145	-
225	-	-	125	-
230	-	-	130	-
235	-	-	145	-
240	-	-	140	-
245	-	-	155	-
250	-	-	180	-
255	-	-	135	-
260	-	þaðan langsnið til fjalls	130	-
265	-		175	-
270	-		145	-
275	-		140	-
280	-		125	-
285	-		125	-
290	-		125	-
295	-	innjaðar snjóflóðs	<u>155</u>	= 7730 m í 55 mælingum
300	-	innan við snjóflóð	80	-
305	-		95	-
310	-		95	-
315	-		110	-
320	-		90	-
325	-		70	-
330	-		70	-
335	-		70	-
340	-		85	-
345	-		50	-
350	-		50	-
355	-		25	-
360	-		<u>50</u>	= 940 m í 13 mælingum

Meðalsnjódýpt á flóðasvæði skv. 55 mælingum: 140 cm

Þar af nýsnævi ofan á flóði skv. 10 mælingum: 15 -

Meðalsnjódýpt í flóði að frádregnu nýsnævi 125 cm

Áætluð hjöðnun flóðsnjó 20 cm/100 cm = 25 cm/125 +25 -

Upprunaleg meðalsnjódýpt flóði þannig: 150 cm (± 10 cm)

Deilt í þriðjunga fást þessi gildi:

Ysti hluti snjóflóðs 135 cm umreiknað 144 cm

Miðhluti snjóflóðs 144 - - 154 -

Innsti hluti snjóflóðs 142 - - 152 -

Meðalsnjódýpt á 60 metra kafla innan við flóðið skv. 13 mælingum: 70 cm.

Breidd snjóflóðs í línu rétt ofan aðalgötu 290 metrar skv. mælingu

- - við sjávarmál 295 - skv. korti

- - ofan raflínu mest 410 - skv. korti

- - við gilkafta (hamrabelti) 140 - skv. mælingu

- B. Langsnið - dýptarmæling - 30.12.1974 - eftir línu frá stöng við 260 metra í þversniði (frá innsta olúgeymi) í beina stefnu á mynni „miðgjár“. Sjá línu á uppdrætti.

Fjarlægð frá sjó um 100 metrar, þar sem mæling hefst.

100 metrar	snjó dýpt	130 cm	í um 15 m y.s.
110 -	-	170 -	
120 -	-	150 -	
130 -	- yfir	250 -	dyngja við geymisstæði
140 -	-	160 -	
150 -	-	180 -	
160 -	-	150 -	
170 -	- yfir	250 -	
180 -	-	180 -	
190 -	-	160 -	
200 -	-	<u>165 cm</u>	meðaltal um 160 cm
210 -	-	155 -	
220 -	-	170 -	
230 -	-	175 -	
240 -	-	160 -	
250 -	-	155 -	
260 -	-	215 -	
270 -	-	200 -	

280	-	-	205	-	
290	-	-	yfir 250	-	
300	-	-	<u>185 cm</u>		meðaltal um 185 cm
310	-	-	245	-	
320	-	við raflínu	- yfir 250	-	um 50 m y.s.
330	-	hreyfður snjór	-	125	-
340	-		-	125	-
350	-		-	145	-
360	-		-	170	-
370	-		-	170	-
380	-		-	170	-
390	-		-	155	-
400	-		-	<u>195 cm</u>	meðaltal um 175 cm
410	-		-	170	-
420	-		-	150	-
430	-		-	120	-
440	-		-	90	-
450	-		-	180	-
460	-		-	35	-
470	-		-	85	-
480	-		-	85	-
490	-		-	45	-
500	-		-	<u>130 cm</u>	meðaltal um 105 cm
510	-		-	155	-
520	-		-	185	-
530	-		-	140	-
540	-		-	115	-
550	-		-	180	- um 100 m y.s.
560	-		-	210	-
570	-		-	195	-
580	-		-	225	-
590	-		-	135	-
600	-		-	<u>190 cm</u>	meðaltal um 175 cm
610	-		-	230	- í um 150 m y.s.

620	-	snjóhryggur	-	yfir 250	-	
630	-	snjóhryggur	-	yfir 250	-	
640	-	snjóhryggur	-	yfir 250	-	
650	-	snjóhryggur	-	yfir 250	-	
660	-	snjóhryggur	-	yfir 250	-	
670	-	snjóhryggur	-	yfir 250	-	í um 170 m y.s.
680	-	snjóhryggur	-	yfir 250	-	
690	-	snjóhryggur endar	-	<u>yfir 250</u>	-	meðaltal yfir 250 cm
700	-		-	<u>130 cm</u>	-	áætlað um 300 cm
710	-		-	195	-	
720	-		-	220	-	
730	-		-	225	-	
740	-		-	195	-	
750	-		-	250	-	
760	-		-	yfir 250	-	
770	-		-	yfir 250	-	
780	-		-	yfir 250	-	
790	-		-	yfir 250	-	
800	-		-	<u>yfir 250 cm</u>	-	meðaltal yfir 250 cm ?
810	-		-	yfir 250	-	áætlað um 275 cm
820	-	gilmynni miðgjá	-	yfir 250	-	í um 235 m y.s.

Breidd á hlaupi þarna 140 metrar og gilmynni gjánna þriggja öll í svipaðri hæð í neðsta samfellda hamrabeltinu. Þaðan breikkar flóðið í mjúkum boga út yfir bungu aurkeilunnar fyrir neðan. Ofar breikkar bilið milli gjánna á ný, og þannig verður aðsópssvæði þeirra þriggja samanlagt 400–500 metra breitt neðan fjallseggja skv. mælingum eftir loftmynd (1:20 000).

Meðaltal í	200	metra bili frá sjó	mældist um	160	cm
-	-	300	- - - -	-	185 -
-	-	400	- - - -	-	175 -
-	-	500	- - - -	-	105 -
-	-	600	- - - -	-	175 -
-	-	700	- - - -	áætlað	- 300 -
-	-	800	- - - -	<u>áætlað</u>	- 275 -

Meðalsnjódýpt í 700 metra langsníði þannig um 195 cm 20.12.74

Miðað við 15 cm nýsnævi og 20 cm hjöðnun/100 cm frá 20.12.74, ætti upprunaleg meðalsnjódýpt í flóði frá fjöru til fjalls að hafa verið um 205 cm (\pm 10 cm). Við magnútreikning ber þess þó að gæta, að gildin úr efstu tveimur bilunum, þar sem flóðið er mjóst, hækkar meðaltalið óeðlilega mikið.

Þynnst verður flóðið að meðaltali í um 500 metra fjarlægð frá sjó, þar sem það er jafnframt breiðast nokkru neðan við skriðurót, þar sem bratti minnkar að mun.

II. Snjóflóð við Mána úr Miðstrandarskarði, féll 20.12.74 um kl. 14.

A1. Þversnið - dýptarmæling - 29.12.1974 - eftir línu frá húsinu við Strandgötu 62, frá NA-horni (húss Gylfa Gunnarssonar), yfir flóðið að Shellporti 4 m neðan við NV-horn. Liggur lína þessi þannig rétt ofan við grunn Bifreiðapjónustunnar og rétt neðan við Mánabragga. Sjá línu á uppdrætti.

5 metrar	frá húsi Gylfa	snjódypt	105 cm
10	-	-	85 -
15	-	-	60 -
20	-	-	60 -
25	-	-	25 -
30	-	-	35 -
35	-	-	35 -
40	-	-	45 -
45	-	-	40 -
50	-	-	10 -
60	-	-	10 -
65	-	-	25 -
70	-	lækjargil við hlaupjaðar	190 -
70,5	-	flóðjaðar - innri	-
80	-	-	100 -
85	-	-	100 -
90	-	-	55 -
100	-	-	55 -
110	-	-	105 -
120	-	-	100 -
		þaðan hreyfður snjór	
234,5	-	flóðjaðar - ytri	
264	-	Shellport - innkantur	

A2. Þversnið - dýptarmæling - 29.12.1974 - inn frá fjárhúsi ofan við Salthús Mána, frá SV-horni (fjárhúss Sveinbjörns Jóhannessonar) í stefnu í stöng 25 neðan við steypustöð (síló) Gylfa Gunnarssonar. Sjá línu á uppdrætti.

5	metrar	frá fjárhúshorni	snjódýpt	35	cm
10	-	flóðjaðar	-	60	-
15	-		-	75	-
20	-		-	75	-
25	-		-	105	-
30	-		-	195	-
35	-		-	105	-
40	-		-	100	-
45	-		-	120	-
50	-		-	120	-
55	-		-	190	-
60	-		-	120	-
65	-	hreyfður snjór	-		-
70	-	hreyfður snjór	-		-
75	-		-	200	-
80	-		-	135	-
85	-		-	55	-
90	-		-	120	-
100	-		-	125	-
120	-		-	85	-
125	-		-	100	-
145	-		-	150	-
150	-	barð - flóðjaðar	-	80	-

Meðalsnjódýpt í flóði í þversniði A2 í um 110 m fjarlægð frá ströndinni og 15 m y.s. samkvæmt mælingum 120 cm

Þar af nýsnævi ofan á flóði áætlað 15 -

Meðalsnjódýpt flóði að frádregnu nýsnævi 105 cm

Áætluð hjöðnun flóðsnævar 20 cm/100 cm 20 -

Upprunaleg meðalsnjódýpt flóði þannig áætluð 125 cm (± 10 cm)

Meðalsnjódýpt á 60 metra kafla innan við flóðið skv. 11 mælingum: 40 cm (þversnið A1)

Breidd snjóflóðs við sjávarmál skv. uppdrætti 145 metrar

-	-	í þversniði A1 (neðan Mánabragga)	164	-
-	-	í þversniði A2 (neðan Steypusölu)	140	-
-	-	við raflínu skv. uppdrætti	170	-
-	-	ofan raflínu mest skv. uppdrætti	270	-
-	-	við neðstu hamrabelti skv. loftmynd	250	-
-	-	aðsópssvæði neðan fjallseggja ca.	300	-

Langsnið skv. mælingum Reynis Zoëga, sem kannaði snjódýpt í flóðinu 22.12.74 í línu milli Steypusölu og Bifreiðapjónustu. Taldi hann snjódýptina á þessum kafla að meðaltali 100-150 cm, en grynna eða dýpra á stöku stað vegna mishæða í landi. Kemur þetta vel heim við áætlaða meðalsnjódýpt eftir mælingum 29.12.74, þ.e. 125 cm.

Fjarlægð frá fjöru að fjallsegg (lengd hlaupferils)

skv. loftmynd 1:20 000 1500 metrar

Hæð upptaka yfir sjó um 650 metrar

Ferill flóðs í sjó fram. Meðaltal af framburði 2ja sjónarvotta, sem sáu hlaupið falla út á fjörðinn þaðan sem þeir sátu í kyrrstæðum bíl um 300 metrum utar á Ströndinni gefur um **400 metra** reiknað út frá fjöru. Athugendur höfðu mið í land sunnanvert við fjarðarbotninn og gefur annað 330 m, en hitt 450 m - um 400 meðaltal.

27. mars 1978. Eftir Hjálmarí Ólafssyni (flóð á páskadag, úr Gunnólfsskarði)

Snjólagið 300-400 cm með 50-60 cm laust til hliðar við flóðið, ekki breitt, 25-30 cm en þykkt, um 4 m á þykkt. Mjög laust. Annað hlaup undir var greinilegt. Innan við gilið. Smáspýja beint að ofan. Búnir að leita frá 03-10:10. Kannski 300 m upp, þá um helmingur eftir. Voru 18 frá 03.

Veðurfar og úrkoma á nokkrum athugunarstöðum 16.-20.des. 1974

Tími	Staður	Hiti °C		Vindur		Úrkoma í mm
		Hámark	Lágmark	Vindátt	Hnútar	
16. des.	Dalatangi	0,3	-0,7	NA	21-36	4,5
	Seyðisfjörður	1,0	-1,0	ANA	22-33	9,9
	Eyvindará	-1,6	-2,1	NA	13-18	10,4
17. des.	Dalatangi	1,6	-2,1	NA	25-38	15,6
	Seyðisfjörður	1,4	-2,0	NA	7-16	33,2
	Eyvindará	0,0	-3,5	NA-NNA	9-25	13,4
18. des.	Dalatangi	-1,5	-6,1	NNA-N	10-28	3,5
	Seyðisfjörður	-2,0	-11,0	N-NA	1-6	6,5
	Eyvindará	-3,4	-8,6	NNA-NA	2-13	3,6
19. des.	Dalatangi	-3,4	-6,3	NA-NNA	22-39	2,2
	Seyðisfjörður	-4,0	-10,2	NA	11-33	3,2
	Eyvindará	-6,0	-11,8	NA-NNA	13-34	?
20. des.	Dalatangi	-0,1	-4,7	NNA	19-23	19,3
	Seyðisfjörður	-1,0	-4,0	br.-NA	1-10	19,6
	Eyvindará	-3,4	-6,0	N-NNA	18-24	12,2

Snjóflóð í desember 1974

Nr.	Staður í Neskaupstað	Dagur	Kl.	Upptök		Flóðferill					Magntölur			Tjón	
				aðsópssv.		lengd		breidd hámark	frambrún		fallandi meðaltal	meðaldýpt			rúmfang áætlað m ³
				hæð	breidd	allt	neðan 100 m		m.y.s.	frá sjó		þver-snið	lang-snið		
A. Þurr flóð															
1	Sultarbotnagjá innri (Naustahvammsgil)	19.-21.		700?		1750	0	150?	>100	850	18,3°				
2	Sultarbotnagjá ytri (Skjónalækjargil)	19.-21.		750?		1550	160	200?	70	500	26,0°				
3	Breiðajaðarsgil	20.		800?		1700	310	150	35	270	22,4°				
														288 þús. m ²	
4	Bræðslugjár (þrjár)	20.	13:47	800?	450	2000	525	410	0	0	23,6°	150cm	175cm	600 þús. m ³	5 látnir
												290m	500m	150 þús. m ²	stórfellt
5	Miðstrandarskarð (Mánasvæðið)	20.	14	700	350	1700	500	270	0	0	24,3°	125cm		+80 þús. m ²	7 látnir
											(19,5°)			189 þús. m ³	stórfellt
6	Tröllagil innra	19.-21.		?					>100	500				220 þús. m ³	
7a	Drangagil	20.	10:30-11	600	400	1550	280	230	50	350	20,8°	150cm		176 þús. m ²	
								+		(650)	(22,8°)			264 þús. m ³	
7b	Skágil	21.?		650	150	1600	150	100	70	470	21,3°			115 þús. m ²	
														173 þús. m ³	
8	Nesgil	19.	12:40	700	275	1950	310	210	50	410	19,5°	150cm	165cm	165 þús. m ²	girðingar
												175m	400m	271 þús. m ³	trjágróður
9	Bakkagil	19.-21.		700	150	2050	490	260	40	250	18,8°	130cm	145cm	279 þús. m ²	girðingar
												230cm	400m	391 þús. m ³	smávegis
10	Stóragil	19.-21.		?					130	650					
B. Kröm flóð															
V1	Ofan Urðarteigs	28.	06	600	80	1300	290	70	30	200	26°				
V2	Ofan Hlíðargötu (Tröllagil ytra)	27.	19	600		1400	320	210	30	190	24°				
V3	Ofan Blómsturvalla	28.		550		1250	270	70	45	290	23,8°				
V4	Ofan Blómsturvalla	28.		600		1300	160	70	65	430	24,3°				



VIÐAUKI 9.

KORT EFTIR MÆLINGUM OG ATHUGUNUM HJÖRLEIFS GUTTORMSSONAR: SNJÓFLÓÐ Í NESKAUPSTAÐ 19.-28. DES. 1974

KORT MEÐ ÖRNEFNUM OG STAÐSETNINGUM SNJÓATHUGUNARSTAURA 1975-1979

Kort Hjörleifs Guttormssonar voru í kvarða 1:2000, en minnkuð hér í blaðsíðustærð A3.

Þau ár, sem Gunnar Ólafsson skráði upplýsingar um snjóflóð í Neskaupstað (1975-1983), voru snjóathugunarstaurarnir á kortinu notaðir til viðmiðunar við staðsetningar snjóflóða.

VIÐAUKI 10.

SNJÓFLÓÐANEFND NESKAUPSTAÐAR

Inngangur (SHH)

Afrit af hluta gagna frá snjóflóðanefnd Neskaupstaðar fylgja hér á eftir. Nefndin starfaði 1975-1976 og skilaði af sé tillögum og fylgiritum. Efnisyfirlit þeirra er fremst. Áhugasamir geta skoðað þau á bókasafni Veðurstofunnar.

Efnisyfirlit - fylgiskjöl

1. Álit snjóflóðanefndar Neskaupstaðar í október 1976.
2. Yfirlit um störf snjóflóðanefndar.
3. Lög um almannavarnir.
4. Snjóflóðin í Neskaupstað (sérprentun).
5. Snjóflóðin í Neskaupstað (veðurfarslegur aðdragandi).
6. Bráðabirgðayfirlit í febrúar 1975 um helstu snjóflóðasvæði í Neskaupstað (með upprætti).
7. Þingsályktun um rannsóknir á snjóflóðum og skriðuföllum 14. maí 1975.
8. Snjóflóðavandamál á Íslandi (M. de Quervain).
9. Snjóflóðavarnir í athugun (fréttatilkynning 1. október 1975).
10. Frá snjóflóðanefnd Neskaupstaðar (fréttatilkynning 30. janúar 1976).
11. Erindisbréf fyrir athugunarmann snjóflóða í Neskaupstað.
12. Viðmiðunarreglur fyrir athugunarmann snjóflóða í Neskaupstað og almannavarnanefnd Neskaupstaðar.
13. Neskaupstaður: Viðvörðunarkerfi og rýmingaráætlun vegna snjóflóða.
14. Bréf frá Almannavörnum ríkisins dags. 10. desember 1975.
15. Bréf frá snjóflóðanefnd til almannavarnanefndar Neskaupstaðar dags. 11. desember 1975.
16. Snjódýptarmælingar og athuganir á snjóalögum í Neskaupstað veturinn 1975–1976 (skýrsla athugunarmanns).
17. Bréf frá Veðurstofu Íslands dags. 4. nóvember 1975.
18. Kostnaðaráætlun vegna snjóflóðavarna í Neskaupstað 1975 og 1976.
19. Bréf til NGI (Norges Geotekniske Institutt) dags. 3. október 1975.
20. Bréf frá NGI dags. 10. október 1975.
21. Bréf frá NGI dags. 19. nóvember 1975.
22. Skýrsla NGI dags. 17. nóvember 1975.
23. Bréf til NGI dags. 21. desember 1975.
24. Bréf frá NGI dags. 6. mars 1976.
25. Bréf til NGI dags. 9. apríl 1976.
26. Bréf frá NGI dags. 11. maí 1976.
27. Bréf frá NGI dags. 6. júlí 1976.
28. Skýrsla frá NGI dags. 6. júlí 1976.
29. Greinargerð um kynnisferð varðandi snjóflóðavarnir í Noregi og Sviss í febrúar 1976 (Þórarinn Magnússon).
30. Snjóflóðarannsóknir, spár og varnir, mars 1976 (Helgi Björnsson).
31. Álit snjóflóðanefndar Rannsóknarráðs ríkisins (væntanlegt).
32. Heimildaskrá.

1. Álit snjóflóðanefndar Neskaupstaðar í október 1976

1. Nefndin mælir eindregið með því, að starf athugunarmanns snjóflóða í Neskaupstað verði til frambúðar og unnið samkvæmt erindisbréfi sem mótað hefur verið um starfið. Eðlilegt er að starfsrammi athugunarmanns verði endurskoðaður frá ári til árs af almannavarnarnefnd eftir því sem þurfa þykir í ljósi fenginnar reynslu.
2. Almennavarnarnefnd hafi á hverjum tíma tilbúna rýmingaráætlun og aðrar skipulegar varúðarráðstafanir og björgunaraðgerðir með tilliti til snjóflóða. Vísar snjóflóðanefnd til framkominnar tillögu NGI um rýmingu og ábendinga um veðurfarsaðstæður, er leitt geta til snjóflóða. Hefur almennavarnarnefnd fengið drög að viðmiðunarreglum fyrir athugunarmann snjóflóða og nefndina til að styðjast við í þessu sambandi, en þær reglur þarf að þróa með aukinni vitneskju.

Ákvörðun um rýmingu tekur almennavarnarnefnd eftir eigin mati hverju sinni en nefnd okkar telur óhjákvæmilegt að beita rýmingu í varúðarskygni við tiltekna aðstæður, sem stöðugt má endurmeta í ljósi nýrra upplýsinga og að fenginni reynslu.

3. Við skipulag byggðar gildi sú meginregla að byggja ekki hús til íbúðar eða atvinnureksturs á svæðum, sem talið er af sérfróðum aðilum að snjóflóð geti náð til.

Verði allt land kaupstaðarins neðan við eðlileg byggðarmörk flokkað og kortlagt með tilliti til snjóflóðahættu eftir sama kerfi (rauð, blá, gul og hvít svæði) og tekið hefur verið upp víða erlendis í þessu skyni (Sviss, Noregur).

Komi til álita að reisa hús á áður óbyggðum svæðum, sem snjóflóð gætu fallið á, verði það aðeins gert að vandlega athuguðu máli og að fengnum tillögum sérfróðra aðila um varnarmörk og hönnun mannvirkja. Alls ekki verði byrjað að byggja á slíkum svæðum fyrr en skipulag þeirra með tilliti til snjóflóðavarna hefur verið fullmótað og staðfest af réttum aðilum og afstaða tekin til byggingar varnarmannvirkja og fjármagn tryggt í því skyni.

4. Snjóflóðanefnd hefur fengið sérfræðilegt mat á snjóflóðahættu gagnvart núverandi byggð í kaupstaðnum og tillögur um varnarmörk. Nefndin telur brýnt að fá hið fyrsta mótaðar reglur eða sett lög eftir því sem rétt þykir um það, hver bera skuli kostnað og taka ákvarðanir um gerð hugsanlegra varnarmannvirkja. Að mati nefndarinnar er tilgangslaust að tala um slík varnarmörk nema fyrir liggi að ríkið eða hliðstæður aðili (viðlagatrygging) greiði kostnað við byggingu þeirra að mestu eða öllu leyti. Að þeim forsendum gefnum telur nefndin mjög æskilegt, að komið verði í áföngum upp varnarmannvirkjum ofan byggðar þar sem mest er í húfi. Vísar nefndin til tillagna NGI um forgangsroðun varðandi varnarmörk og gerir ekki athugasemdir við þær hugmyndir. Hins vegar þarf nánari athugun að fara fram á tæknilegum forsendum slíkra varnarmannvirkja, m.a. jarðtæknilegar kannanir.

Í vissum tilfellum getur komið til álita að kaupa upp eignir á hættusvæðum í stað þess að reisa þar varnarmörk, en slíkt má ekki verða til þess að öðru jöfnu að seinka varnaraðgerðum og tryggt þarf að vera að slíkt húsnæði yrði ekki áfram notað til íveru.

Eftir að varnarmörk hafa verið reist, er eðlilegt að endurmeta fyrri reglur um rýmingu viðkomandi svæðis. Þó ber að hafa í huga, að þrátt fyrir varnarmörk fæst ekki fullkomið öryggi, en mjög yrði undir umfangi þeirra komið, hversu á þau má treysta. Tillögur NGI gera ráð fyrir þeim möguleika, að slík virki yrðu reist í áföngum á hverjum stað einkum þegar um jarðvegshauga er að ræða.

5. Vegna snjóflóðasvæða, þar sem þegar er komin byggð, telur nefndin að taka beri mið af eftirfarandi:
- 5.1 Ekki verði bætt við byggð a slíkum svæðum frá því sem nú er, nema reist hafi verið varnarvirki sem réttlæti endurmat á flokkun slíkra svæða.
 - 5.2 Heimilað verði viðhald núverandi mannvirkja, íbúðar- og atvinnuhúsnæðis, að því tilskyldu að slíkt leiði ekki til að fleiri dvelji að jafnaði á viðkomandi svæði. Jafnframt verði eigendum fasteigna á snjóflóðasvæðum veitt ráð um æskilega styrkingu mannvirkja og breytingar, er veitt gætu aukið öryggi gagnvart snjóflóðum.
- Þegar atvinnufyrirtæki á snjóflóðasvæðum eiga í hlut, er sérstök nauðsyn að réttir aðilar (skipulags- og bygginganefnd) horfist í augu við vaxtarþörf þeirra í fyrirsjáanlegri framtíð, áður en meiriháttar viðhald eða viðbyggingar eru heimilaðar. Kemur þá til álita að stuðla að flutningi slíkra fyrirtækja eða reisa varnarvirki, er réttlæti áframhaldandi uppbyggingu þeirra á sama stað.
6. Nefndin telur þörf á að sem fyrst verði könnuð réttarstaða aðila í sambandi við þær reglur og aðgerðir til varnar gegn snjóflóðum, sem hér er mælt með, svo og vegna annarra aðgerða, er bæjaryfirvöld kunna að ákveða.
 7. Snjóflóðanefnd telur rétt að bæjarbúum verði veittar hlutlægar upplýsingar og fræðsla um snjóflóð og hættu af þeim og þær meginreglur, er lagðar verða til grundvallar öryggisráðstöfunum af hálfu almannavarna vegna snjóflóðahættu. Telur nefndin, að aðeins með slíkri vitneskju almennings um forsendur varúðarráðstafana, sé líklegt að þær beri árangur þann, sem að er stefnt. Jafnframt ber að leggja áherslu á að kenna almenningi að nýta kosti snævarins til útilífs, enda sé þá jafnframt tekið eðlilegt tillit til snjóflóðahættu, m.a. við staðsetningu og rekstur skíðabrauta.
 8. Snjóflóðanefnd hefur þegar gert tillögur til almannavarnanefndar Neskaupstaðar um samstarf almannavarna á Austurlandi við öflun og dreifingu upplýsinga um snjóflóð og æskilegar varúðarráðstafanir, svo og um aðild ýmissa aðila að því starfi, sbr. bréf snjóflóðanefndar frá 11. desember 1975.
- Á sama hátt hvetur nefndin bæjaryfirvöld og almannavarnir í Neskaupstað til að leita samvinnu og hafa frumkvæði um aðgerðir til eflingar snjóflóðavarna á landsmælikvarða. Neskaupstaður býr á þessu sviði við svipaðar aðstæður og mörg önnur byggðarlög í landinu, en sú dýrkeypta reynsla sem hér hefur fengist leggur okkur nokkrar skyldur á herðar um forystu til að koma í veg fyrir, að slíkir atburðir komi mönnum aftur í opna skjöldu.
9. Snjóflóðanefnd vekur athygli bæjarstjórnar á þeirri hættu, sem byggð getur stafað af skriðuföllum og aurflóðum og tillit þarf að taka til við skipulag byggðar. Bendir ýmislegt til, að slík hætta sé oft á sömu svæðum og snjóflóð falla yfir. Þarf þetta sérstakrar úttektar við að mati nefndarinnar, einnig með hliðsjón af hugsanlegum varnarvirkjum gegn snjóflóðum.
 10. Snjóflóðanefnd er ljóst, að margháttaður vandi fylgir þeim aðstæðum, sem ljósar hafa orðið í framhaldi af snjóflóðunum í desember 1974. Við honum ber mönnum að bregðast af raunsæi og með markvissum aðgerðum er tryggi sem mest öryggi fyrir íbúa byggðarlagsins í bráð og lengd.
- Bæjaryfirvöld og almannavarnir verða því að framkvæma þær fyrirbyggjandi aðgerðir, sem tók eru á og vitneskja leyfir hverju sinni, og gera kröfur sem réttmætt er um stuðning ríkisins og annarra aðila við þær aðgerðir.

6. Bráðabirgðayfirlit í febrúar 1975 um helstu snjóflóðasvæði í Neskaupstað síðastliðin 100 ár samkvæmt athugunum Hjörleifs Guttormssonar og ýmsum heimildum. Sjá ennfremur uppdrætti í kvarðanum 1:5000.

Í þessari greinargerð verður aðeins greint á milli snjóflóða, eftir því hvort þau eru þurr að meginhluta eða kröm, þ.e. falla eftir fannkomu í frosti eða í blota. Hafa ber í huga, að hitastig breytist verulega frá láglandi til fjalls og eðli úrkomu að sama skapi.

Þurru snjóflóðin eru einkum tengd helstu giljum í fjallinu ofan kaupstaðarins og hafa neðan fjallsróta sömu meginstefnu og gilrásirnar neðst í hamrabeltunum. Þar eru þær víða þröngar og eykur það á hraða snjóflóðanna.

Margt bendir til að öll stærstu snjóflóðin í landi Neskaupstaðar síðustu 100 árin, sem heimildir ná til, hafi verið þurr snjóflóð að meginstofni og fallið í kjölfar nokkurra sólarhringa norðaustan fannkomu í vægu frosti ofan á harðfenni til fjalla. Þetta á örugglega við um snjóflóðin 1885 og 1974, sem skiluðu sér í sjó fram á svæðinu frá Tröllanesi inn undir Naustalæk á að minnsta kosti 4 stöðum á allbreiðu beltí og snjóflóð féll úr Drangagili 1894 niður fyrir núverandi Sverristún í farveg Kvíabólslækjar innan við íþróttavöllinn og niður svæðið yst við Blómsturvelli og Piljuvelli.

Krömu flóðin eru miklu algengari og mega heita árlegur viðburður einhvers staðar í bæjarlandinu þá vetur, sem einhver teljandi snjór fellur. Koma þau í kjölfar blota ofan í nokkur snjóalög, einkum í austan eða suðaustan hláku með úrkomu, eins og t.d. gerðist aðfararnótt 4. febrúar og 28. desember 1974. Krömu hlaupin haga sér svipað og snjóbolti eða hraunstraumur og falla ekki eins langt niður að jafnaði og þurru hlaupin og fara einnig hægar, nema um hrein krapahlaup sé að ræða sem haga sér svipað og vatnselgur. Ekki eru heimildir um, að kröm snjóflóð hafi skilað sér í sjó fram á Ströndinni eða utar, en hins vegar fallið allt niður að 20 metra hæð yfir sjó. Stærstu krömu flóðin falla úr sömu giljum og þurru flóðin, en tengjast einnig smærri gildrögum og hvilftum í fjallinu ofarlega, og má þannig búast við þeim víðar en þurru flóðunum. Sum krömu hlaupin aðfararnótt 28. desember 1974 virtust hafa byrjað sem flekahlaup hátt í fjalli, en fljótlega fengið eðli votra hlaupa.

Tvær hrinur af krömum snjóflóðum á síðasta ári (3.–4. febrúar og 27.–28. desember 1974) gefa tilefni til að álykta, að þeirra vegna sé óráðlegt að byggja íbúðahverfi ofar en gert hefur verið við Blómsturvelli, Hlíðargötu og Urðarteig og nauðsynlegt sé að hanna byggingar sem þar verða reistar eftirleidis með tilliti til nokkurrar snjóflóðahættu.

Hætta vegna þurra snjóflóða er sem fyrr segir einkum bundin við nokkur gil og gljúfur í fjallinu en í tengslum við þau eru sumpart adsópsgeilar neðan fjallseggja, þar sem mikill snjór getur safnast fyrir og sprungið fram í einu vefangi og skilað sér með feiknahraða niður gil og aðliggjandi hlíðar.

Rétt er að telja hér upp ein 9 svæði, sem líkleg eru til að skila niður öflugum eða allmiklum snjóflóðum af þessari gerð, og varða þau hvert með sínum hætti byggð og skipulag. Þessi svæði verða talin upp innan frá kaupstaðarmörkum og miðað við gilin, sem eru aðalsnjóflóðarásirnar, þótt vissulega geti flekahlaupin einnig gripið yfir á hnausana til hliðar við þau, en þar liggur sjaldnast jafn mikill snjór (sjá samsvarandi tölusetningu efst á yfirlitskortí).

1. **Innri Sultarbotnagjá** (Naustalækjargil) upp af Vindheimi. Úr henni féll að líkindum snjóflóðið 1936, sem stöðvaðist röskum 200 metrum ofan núverandi þjóvegur litlu innar en húsið í Vindheimi stendur.

2. **Ytri Sultarbotnagjá** (Skjónalækjargil). Úr henni falla oft snjóflóð að sögn kunnugra, t.d. tvívegis á sl. ári niður í 60–70 metra hæð y.s. Í henni átti að líkindum upptök sín snjóflóðið mikla 1885 sem hljóp í sjó fram í Naustahvammi. Snjóflóð úr gjánni hafa mismunandi stefnu eftir snjóalögum og upptökum í aðliggjandi kinnum, þar eð hún er allbreið niður. Þó munu snjóflóð oftar skila sér út og niður en inn á við.
3. **Gil við Breiðajaðar** (nafnlaust) er rétt utan við Ytri Sultarbotna. Það er lítt áberandi skora, nema í hamrabeltunum efst, en upp af henni safnast snjór í geysilegar hengjur efst út yfir fjallsbrúnina, og hafa þær í vetur náð nær samfelld en þó minnkandi út að gjánum ofan bræðslunnar. Niður þetta gil og jaðarinn neðan þess er snjóflóðahætta, þegar brotnar úr hengjunni, en myndun hennar má heita árviss í einhverjum mæli og er tengd fjallsrima og fláa, sem gengur þar norður af í átt til Mjóafjarðar (Lokatindur). Þarna hljóp að 30–40 metra hæðarlínu 20. desember 1974 og aftur kom þar niður smáspýja en skemmra í blota um miðjan janúar 1975. Hlaup tengd þessari hengju og gilskorunni skila sér út og niður í átt að mjölskemmu SV sem uppi stendur, en ekki er víst að mikil snjósöfnun sé þarna að jafnaði í fjallinu.
4. **Bræðslugjárnar þrjár** (nafnlausar) sem skiluðu niður snjóflóðinu mikla 20. desember 1974. Glögg vitneskja er um snjóflóð þarna niður af Hruna, líklega snjóaveturinn 1936, auk þess sem kröm hlaup hafa komið þar niður undir 40 metra hæðarlínu. Gjár þessar greinast talsvert í hömrinum hið efra og geta safnað í sig miklu snjómagni, sem stöðvast einkum í giljunum milli „jaðra“ neðan aðal hamrafluganna, en uppi yfir í brúninni myndast hengjur, sem hleypt geta öllu af stað, ef úr þeim fellur.
5. **Miðstrandargilin** (Mánasvæðið) niður undan samnefndu skarði, eru fremur grunnar rásir, nema ysta gilið, sem sveigir út og upp hnausinn utan við skarðið og hefur veðrast ofan í sjálfa fjallseggina. Allmikil aðsópsgeil (snjóakista) er neðan brúna við skarðið og þar sprakk fyrir flekahlaupi á allbreiðu beltí rétt neðan brúna 20. desember 1974, en snjó hreyfði þó ekki í ysta gilinu, sem áður er nefnt, í þetta sinn. Heimild er um hlaup niður hjá Skuld um eða eftir 1930 (1936?), og kramahlaup hafa oft fallið þarna niður fyrir fjallsrætur, t.d. í fyrravetur og þá einnig úr ysta gilinu.
6. **Tröllagil** (innra og ytra). Samhljóða munnlegar heimildir eru fyrirliggjandi frá þremur aðilum um mikið snjóflóð í sjó fram frá nesoddanum á Tröllanesi og eitthvað inn eftir ströndinni, sennilega 1885, en þá er sagt að hlaupið hafi meira og minna á allri ströndinni milli Naustahvamms og Tröllaness. Kramt snjóflóð féll niður á móts við húsið yst við núverandi Urðarteig á útmánuðum 1920, og var það að líkindum einnig ættað úr Tröllagilinu innra. Gilið nokkru utar, upp af Tröllavegi, gengur í sumra munní undir sama nafni eða er kallað Ytra Tröllagil. Þar komu niður mikil kröm hlaup 4. febrúar og 27. desember 1974, í síðara skiptið allt niður undir íbúðarhúsin innst við Hlíðargötu. Þarna kann einnig að vera hætta á þurrum hlaupum, en þetta ytra gil safnar þó í sig minna snjómagni en innra gilið og ekki er þar veruleg hengjumyndun samkvæmt athugun í vetur.
7. **Drangagil** með miklu aðsópssvæði neðan brúna (Kinnar) skilar þurrum og votum hlaupum niður utanvert við Kúahjalla, og féll snjóflóð þar 1894 niður um Þiljuvallatún yfir svæði, þar sem nú er talsverð byggð. Snjóflóðið 20. desember 1974 úr Drangagili nam staðar við húsaröðina yst ofan Blómsturvalla og því hlaupi sameinaðist hlaup úr næsta gili fyrir utan (nafnlausu). Var framendi þess hlaups í desember sl. með nákvæmlega sömu stefnu og hlaupið 1894, að því best verður séð af heimildum.

8. **Nesgil** skilar vel afmörkuðum flekahlaupum niður milli Vatnshóls og Skógræktar með fremenda á túnunum upp af verkamannabústöðunum innst við Starmýri. Stöðvaðist hlaupið 19. desember sl. þar í um 50 metra hæð yfir sjó um 100 metrum ofan við innri verkamannabústaðinn.
9. **Úr Bakkagili** falla flekahlaup niður fast utan við Vatnshól, og þar út af var hlaupið 19.–20. desember um 100 metra breitt. Fór það niður í kartöflugarða bæjarins og neðsta totan stöðvaðist í gili Bakkalækjar um 15 m utan og ofan við efsta húsið, sem þar er nú í byggingu. Gilin þar fyrir utan (Uxavogslækjar-, Stóralækjar- og Háslækjargil) sendu öll niður smáhlaup um 20. desember 1974, en þau voru efnislítill og stöðvuðust öll ofan við 100 metra hæð.

10. febrúar 1975

HG

11. Erindisbréf fyrir athugunarmann snjóflóða í Neskaupstað

Athugunarmaður snjóflóða er starfsmaður á vegum almannavarna í Neskaupstað og vinnur undir stjórn almannavarnanefndar. Hann er fastráðinn starfsmaður á vegum bæjarstjórnar Neskaupstaðar og gilda um kaup hans og kjör ákvæði ráðningarsamnings. Vinnutími athugunarmanns ákvarðast af föstum athugunum, en er annars óreglulegur og hagar athugunarmaður starfi sínu eftir hentugleikum innan ramma þessa erindisbréfs. Um dagleg störf og einstök atriði skal hann hafa samráð við bæjarverkfræðing, sem tekur við skýrslum hans reglubundið, sendir þær út eftir nánari ákvörðunum og varðveitir frumgögn. Einnig skal bæjarverkfræðingur annast nauðsynlega fyrirgreiðslu við athugunarmann, m.a. varðandi viðhald athuganabúnaðar og tækja.

Í aðalatriðum flokkast störf athugunarmanns þannig:

1. Reglubundnar veðurathuganir samkvæmt formi Veðurstofunnar um skýrslustöð og umsjón með öllum tækjum til veðurathugana (sírítar o.fl.).
2. Snjódýptarmælingar:
 - a) Dagleg skráning á snjódýpt eftir aflestri á mælistöngum við veðurathuganastöð, að jafnaði einu sinni á dag, en þéttar við afbrigðileg skilyrði. Jafnframt skal ákvarða sem verða má dýpt nýsnævis frá degi til dags, eða milli veðurathugana.
 - b) Vikulegur aflestur á mælistöngum ofan Víðimýrar (50–250 metra hæð y.s.).
 - c) Skráning eftir mælingu á snjóflóðastöngum í bæjarlandi, þegar mikinn snjó leggur og eftir snjóflóðahrinur. Þess sé gætt að velja til slíkra athugana aðstæður, þegar ekki er hætt á snjóflóðum.
3. Snjóflóðaeftirlit og skráning:
 - a) Fylgst skal með snjóalögum í fjalli með athugun úr byggð (sjónauki), einkum eftir að vænta má, að snjóflóð hafi fallið. Öll snjóflóð skulu skráð og kortlögð á yfirlitskort í kvarðanum 1: 10 000 eftir sjónmáli, en athuguð nánar og mæld, ef þau falla niður fyrir 200 metra hæð y.s.
 - b) Meðan snjór liggur í hlíðum skal athugað reglubundið a.m.k. einu sinni í viku, hvort snjóflóðastangir (nr. 1–78) standa og merkt við á lista, ef stöng hefur fallið og aðstæður síðan kannaðar nánar.

4. Viðbrögð við hættuástandi: Settar verða viðmiðunarreglur um það, við hvaða aðstæður beri að telja hættu af snjóflóðum. Í samræmi við þær reglur skal athugunarmaður hafa samband við formann almannavarnanefndar (staðgengil að honum fjarstöddum), og ákveður hann frekari viðbrögð.
5. Tilkygningar um snjóflóð: Athugunarmaður tekur við tilkygningum um snjóflóð, sem fallið hafa, m.a. á öðrum stöðum á Austurlandi, og miðlar þeim í samráði við formann almannavarnanefndar eftir kerfi, sem þróað verður. Einnig skrásetur hann allar slíkar upplýsingar til varðveislu og útsendingar til aðila, sem þær eiga að fá.
6. Viðhald búnaðar og eftirlit: Athugunarmaður skal fylgjast með ástandi tækja og búnaðar vegna snjóflóðavarna og gera tillögur til bæjarverkfræðings um viðhald þeirra.

Ákvæði til bráðabirgða:

Á meðan snjóflóðanefnd Neskaupstaðar starfar að skipulagningu snjóflóðavarna, vinnur athugunarmaður undir stjórn hennar og hefur samband við formann hennar og formann almannavarnanefndar, ef hætta er talin af snjóflóðum.

11. desember 1975

HG

12. Viðmiðunarreglur fyrir athugunarmann snjóflóða í Neskaupstað og almannavarnanefnd Neskaupstaðar - síðari hluti: Helstu veðurfarsþættir sem leitt geta til meiriháttar snjóflóða í Neskaupstað

Úrkoma: Snjór mælist 30–40 mm (vatnsgildi) samtals í nokkuð samfelldum óveðurskafla.. Hlé á snjókomu í ca. 1 dægur nægir ekki til að rjúfa snjóflóðaskilyrði, ef hitastig helst lágt (ca. ÷ 6°C á láglandi, þ.e. um ÷ 10°C eða meira til fjalla). Ör snjócoma eykur mjög á snjóflóðalíkur.

Vindur: Ríkjandi átt frá norðri til austurs. Taka ber mið af vindstefnu yfir fjallseggjum og annesjum (Dalatangi). Gola nægir til að feykja snjó, þannig að leitt getur til flekahlaupa, en við hægán vind þarf eitthvað meiri úrkomu til að snjóalög hlaupi.

Hitastig: Nálægt frostmarki eða lægra á athugunarstöð í Neskaupstað. Frostlinun, þ.e. hækkun hitastigs frá nokkru frosti í átt að frostmarki eykur verulega líkur á snjóflóðum. Frostherðing, þ.e. vaxandi frost, eykur stöðugleika snjóalaga og dregur þannig úr líkum á snjóflóðum.

Sé hitastig + 2°C eða meira er snjór orðinn blautur upp eftir hlíðum og dregur þannig úr skriði snjóflóða.

Að jafnaði má reikna með hitastigi um 4,5°C lægra í 700 metra hæð yfir sjó en mælist í athugunarstöð (við sjávarmál).

16. Snjódýptarmælingar og athuganir á snjóalögum í Neskaupstað veturinn 1975–1976

Athugun skiptist í þrjá meginþætti:

- I. Dagleg skráning á snjódýpt á Bakka-bökkum.
- II. Aflestur á mælistöngum ofan Víðimýrar upp skógræktarteiginn.
- III. Fylgst með snjóalögum í fjallinu og snjós kriði með stuðningi 78 snjómælistanga, sem settar voru í fjallið á sl. hausti.

Skal nú gerð nánari grein fyrir hverjum þessara þátta.

- I. Dagleg skráning snjódýptar á Bakka-bökkum hófst 29. nóvember en þá komu fyrstu snjóar og var jörð hvít fram til 8. desember. Mælistengur voru 9 og daglega reiknað út meðaltal á snjódýpt. Mest var hún á þessu tímabili 2. desember, 25 cm.

Frá 8. desember til 29. s.m. var jörð alauð á mælistað, en þann dag byrjaði að snjóa og var jörð alhvít fram til 6. febrúar en þá tók upp allan snjó. Eftir það var snjólaust allan veturinn nema hvað lítilsháttar snjóaði dagana 10.–12. apríl og varð meðaldýpt þá mest 10. apríl 12,8 cm.

Janúar var sem sagt eini samfelldi snjóamánuður vetrarins og mesta snjódýpt mældist 7. janúar 48,3 cm meðaltal, en mesta aukning frá einum degi til annars var 6. janúar 12 cm, 7. janúar 13,3 cm og 20. janúar 17 cm.

Línurit með leikmannssniði sýnir snjókomu í janúar og til samanburðar er annað línurit yfir hitastigið í sama mánuði.

- II. Mælingar ofan Víðimýrar hófust 30. nóvember. Snjór var mældur við 5 mælistangir, sem settar voru með 50 metra hæðabili frá 50 m y.s. til 250 m hæð y.s. Þennan dag var meðal snjódýpt 32 cm, en sama dag 20,2 cm á Bakka-bökkum.

Alls voru gerðar 14 mælingar, hin síðasta 15 febrúar og er þá meðalsnjódýpt 3,5 cm. Mestur var snjórinn á þessum mælistað 29. janúar 62,6 cm, en þegar snjódýpt var mest á Bakka-bökkum þann 7. janúar var meðaldýptin þar 48,3 cm en þann sama dag var meðaldýptin á stöngunum á fjallinu ekki nema 45,2 cm, eða heldur minni.

Jafnframt því að mæla snjóinn í fjallinu reyndi ég að gera mér grein fyrir ástandi hans, t.d. þéttleika, hengjumyndanir, skara eða skel, harðfenni (barfenni, gaddur) o.s.frv. Sömuleiðis fokstefnu, sem er næsta breytileg í fjallinu. Það er t.d. einkennandi í norðlægri átt að vindur hefur allt aðra stefnu í innfjalli en útfjalli og virðast mér skilin oft um Tröllagil.

Línurit yfir snjódýpt á þessu svæði fylgir með.

- III. Fyrsta athugun á snjóflóðamælistöngum í fjallinu var gerð 10. desember. Síðan voru athuganir sem hér segir:

21. desember: Allar stangir standa.

27. desember: Þá er stöng nr. 63, ofan Kúahjalla brotin, sennilega fallið undan veðri.

7. janúar: Stöng nr. 10 fallin og horfin í snjós kriði, einnig stöng 18. Þessar stengur eru á gamla bræðslusvæðinu og snjós kriðið verður daginn áður. Þann dag, 6. janúar um kl. 17 fellur mesta snjóflóð vetrarins úr Skágili utan Drangaskarðs, niður farveg Bakkalækjar allt að vatnsbóli í ca. 90 m h.y.s.

21. janúar: Ekkert skeð.

29. janúar: Ekkert skeð.

18. febrúar: Ekkert skeð.

20. apríl: Ekkert skeð

Alls eru þetta átta kannanir. Hin síðasta, 20. apríl, var fyrst og fremst til þess gerð að kanna ástand stanganna að liðnum vetri. Flestar standa vel en nokkrar hallast, en tvær eru brotnar og ein liggur niðri. Málning er víða nokkuð snjád og þarf trúlega að bæta þar um fyrir næsta vetur.

Stengurnar tvær í Drangaskarðskinn standa báðar og hefur lítill sem enginn snjór verið við þær í vetur. Kannski eru þær of hátt á brúninni og þyrfti að athuga nánar stað þeirra.

Lokaorð

Vegna snjóleysis þennan vetur fengust mjög takmarkaðar upplýsingar um þau atriði sem máli skipta vegna snjóflóðahættu. Þó má finna ákveðna samsvörun milli úrkomu (snjókomu), hitastigs og snjóskriðs í janúarmánuði. Þá sýnist mér að all vel beri saman snjódýpt í Bakka-bökkum og í fjallinu ofan Víðimýrar.

Í frumgögnum eru, eins og áður er að vikið, skráðar ýmsar athuganir sem gætu kannski orðið kunnáttumanni að liði við rannsóknir síðar meir og má vera að verk þetta sé ekki unnið fyrir gýg.

Neskaupstað, síðasta vetrardag 1976.

Gunnar Ólafsson (sign)

22. Skýrsla NGI dags. 17. nóvember 1975 - síðari hluti: Skred i Neskaupstaður

Tidspunkt	Meteorologisk stasjon	Hovedvindretning fr skredutlsning	Vindstyrke i Beaufort	Temperaturer		Nedbr siste aktuelle dager mm	Skredtype	Merknad
				Middel °C	Maks. °C			
26.2. 1885	Berufjrdur	NE	1 – 2	-2	0,5	Siste sju dgn: ≈ 33	Trre flaksred	Vind og nedbr trolig for lav
5. el. 7. feb. 1894	Berufjrdur	S – SW	2 – 3	2	4,9	Siste sju dgn: 5.2.: 49 7.2.: 73	Vtt flaksred ned mot byen	
Mars 1920	Papey	NE ?	3 – 6		≈ 5	17.3. kom det mye xnt med vind fra NE	Vtsnskred (ant. flakskred)	
Jan./feb. 1936	Papey	N – NW	3 – 5	<– 2	-2,0	?	Trre flakskred	
Feb./mars 1936	Papey	N – NW	3 – 8	-1	1,6	?	?	
Feb./mars 1966	Dalatangi	N – E	0 – 3	1,0	3,1	Siste dgn: ≈ 20	Trre	
	Seydisfjrdur	N – E	3 – 6	0	3,4	Siste sju dgn: ≈ 50		
4.2. 1974	Dalatangi	N – SE	2 – 5	1,5	2.2.: 1,5 4.2.: 2,1	Siste dgn: 1,5 Siste fire dgn: ≈ 80	<u>Trre skred</u>	
	Seydisfjrdur	E	1 – 5	≈ 1	2,0	Siste dgn: 48,4 Siste fire dgn: ≈ 120		
20.12.1974	Dalatangi	N – NE	3 – 8	-2	-0,1	Siste dgn: 12,1 Siste fire dgn: ≈ 33	Trre flakskred	
	Seydisfjrdur	N – ENE	1 – 8	-5	-0,1	Siste dgn: 19,6 Siste fire dgn: ≈ 66		
28.12.1974	Dalatangi	S – E	1 – 7	2	≈ 3	Siste dgn: 7,9 Siste fire dgn: ≈ 25	Vte flakskred	

VIÐAUKI 11.

SNJÓFLÓÐAVARNIR Í NESKAUPSTAÐ

Fréttatilkynning frá bæjarstjórn Neskaupstaðar, 15. desember 1976

Snjóflóðavarnir í Neskaupstað

Fréttatilkynning frá bæjarstjórn Neskaupstaðar, 15. desember 1976

Snjóflóðanefnd, sem bæjarstjórn Neskaupstaðar skipaði í september 1975 til að vinna að rannsóknum á snjóflóðum og vörnum gegn þeim hefur lokið störfum og skilaði í lok október sl. ítarlegu álit til bæjarstjórnar og almannaþinganna í Neskaupstað. Á vegum nefndarinnar var leitað ráðgjafar hjá snjóflóðadeild Jarðtæknistofnunar Noregs (Norges geotekniske institutt NGI) og komu sérfræðingar þaðan til Neskaupstaðar haustið 1975. Skiludu þeir skýrslum um athuganir sínar og auk þess ráðgaðist snjóflóðanefndin við þá og innlendir stofnanir svo sem Veðurstofu Íslands og Almannaþingarnar í Neskaupstað. Álls hélt snjóflóðanefndin 18 bókaða fundi og skilaði bæjarstjórn yfirliti um störf sín ásamt mörgum fylgiskjölum.

Um lokaálit var full samstaða í nefndinni, en hana skipuðu: Hjörleifur Guttormsson, formaður; Haukur Ólafsson, Ólafur Gunnarsson, Stefán Pálmason og Stefán Þorleifsson. Starfsmaður nefndarinnar var Þórarinn Magnússon, bæjarverkfræðingur, sem á sl. vetri kynnti sér snjóflóðavarnir erlendis ásamt fleiri íslendingum.

Í fyrravetur sendi snjóflóðanefndin frá sér tvær fréttatilkynningar um störf sín og athuganir, en strax í október 1975 samþykkti bæjarstjórn tillögu frá nefndinni um að ráða sérstakan athugunarmann snjóflóða og gegnir Gunnar Ólafsson því starfi samhliða veðurathugunum.

Bæjarstjórn Neskaupstaðar hefur fjallað um álit nefndarinnar og haldina var sameiginlegur fundur bæjarstjórnar, snjóflóðanefndar og almannaþinganna í Neskaupstaðar um málið 29. nóv. sl. Á bæjarstjórnarfundum 10. des. sl. gerði bæjarstjórn samþykkt um snjóflóðavarnir og sendi áskorun til ríkisstjórnar og Alþingis í sambandi við þau mál.

Rétt þykir að birta hér í heild álit snjóflóðanefndar og samþykktir bæjarstjórnar, þar eð þessi gögn snerta marga aðila og geta verið leiðbeinandi fyrir mörg önnur byggðarlög ekki síður en Neskaupstað.

Álit snjóflóðanefndar Neskaupstaðar (október 1976)

1.

Nefndin mælir eindregið með því, að starf athugunarmanns snjóflóða í Neskaupstað verði til frambúðar og unnið samkvæmt erindisbréfi sem mótað hefur verið um starfið. Eðlilegt er að starfsrammi athugunarmanns verði endurskoðaður frá ári til árs af almannaþinganefnd eftir því sem þurfa þykir í ljósi fenginnar reynslu.

2.

Almannaþinganefnd hafi á hverjum tíma tilbúna rýmingaráætlun og aðrar skipulegar varúðaráðstafanir og björgunaraðgerðir með tilliti til snjóflóða. Vísar snjóflóðanefnd til framkominnar tillögu NGI um rýmingu og ábendinga um veðurfarsaðstæður, er leitt geta til snjóflóða. Hefur almannaþinganefnd fengið drög að viðmiðunarreglum fyrir athugunarmann snjóflóða og nefndina til að styðjast við í þessu sambandi, en þær reglur þarf að þróa með aukinni vitneskju.

Ákvörðun um rýmingu tekur almannaþinganefnd eftir eigin mati hverju sinni, en nefnd okkar telur óhjákvæmilegt að beita rýmingu í varúðarskyni við tilteknar aðstæður, sem stöðugt má endurmeta í ljósi nýrra upplýsinga og að fenginni reynslu.

3.

Við skipulag byggðar gildi sú meginregla að byggja ekki hús til

fbúðar eða atvinnureksturs á svæðum, sem talið er af sérfróðum aðilum að snjóflóð geti náð til.

Verði allt land kaupstaðarins neðan við eðlileg byggðarmörk flokkað og kortlagt með tilliti til snjóflóðahættu eftir sama kerfi (rauð, blá, gul og hvít svæði) og tekið hefur verið upp víða erlendis í þessu skyni (Sviss, Noregur).

Komi til álita að reisa hús á áður óbyggðum svæðum, sem snjóflóð gætu fallið á, verði það aðeins gert að vandlega athuguðu máli og að fengnum tillögum sérfróðra aðila um varnarvirki og hönnun mannvirkja. Alls ekki verði byrjað að byggja á slíkum svæðum fyrr en skipulag þeirra með tilliti til snjóflóðavarna hefur verið fullmótað og staðfest af réttum aðilum og afstaða tekin til byggingar varnarmannvirkja og fjármagn tryggt í því skyni.

4.

Snjóflóðanefnd hefur fengið sérfræðilegt mat á snjóflóðahættu gagnvart núverandi byggð í kaupstaðum og tillögur um varnarvirki. Nefndin telur brýnt að fá hið fyrsta mótaðar reglur eða sett lög eftir því sem rétt þykir um það, hver bera skuli kostnað og taka ákvarðanir um gerð hugsanlegra varnarvirkja. Að mati nefndarinnar er tilgangslaust að tala um slík varnarvirki nema fyrir liggja að ríkið eða hliðstæður aðili (viðlagatrygging) greiði kostnað við byggingu þeirra að mestu eða öllu leyti. Að þeim forsendum gefnum telur nefndin mjög æskilegt, að komið verði í áföngum upp varnarvirkjum ofan byggðar þar sem mest er í húfi. Vísar nefndin til tillagna NGI um forgangsröðun varðandi varnarvirki og gerir ekki athugasemdir við þær hugmyndir. Hins vegar þarf nánari athugun að fara fram á teknilegum

forsendum slíkra varnarvirkja, m. a. jarðtæknilegar kannanir.

Í vissum tilfellum getur komið til álita að kaupa upp eignir á hættusvæðum í stað þess að reisa þar varnarvirki, en slíkt má ekki verða til þess að öðru jöfnu að seinka varnaradgerðum og tryggj þarf að vera að slíkt húsnæði yrði ekki áfram notað til íveru.

Eftir að varnarvirki hafa verið reist, er eðlilegt að endurmeta fyrri reglur um rýmingu viðkomandi svæðis. Þó ber að hafa í huga, að þrátt fyrir varnarvirki fæst ekki fullkomið öryggi, en mjög yrði undir umfangi þeirra komið, hversu á þau má treysta. Tillögur NGI gera ráð fyrir þeim möguleika, að slíki virki yrðu reist í áföngum á hverjum stað einkum þegar um jarðvegshauga er að ræða.

5.

Vegna snjóflóðasvæða, þar sem þegar er komin byggð, telur nefndin að taka beri mið af eftirfarandi:

5. 1. Ekki verði bætt við byggð á slíkum svæðum frá því sem nú er, nema reist verði varnarvirki sem réttlæta endurmat á flokkun slíkra svæða.
5. 2. Heimilað verði viðhald núverandi mannvirkja, íbúðar- og atvinnuhúsnæðis, að því tilskyldu að slíkt leiði ekki til að fleiri dvelji að jafnaði á viðkomandi svæði. Jafnframt verði eigendum fasteigna á snjóflóðasvæðum veitt ráð um æskilega styrkingu mannvirkja og breytingar, er veitt gætu aukið öryggi gagnvart snjóflóðum.

Þegar atvinnufyrirtæki á snjóflóðasvæðum eiga í hlut, er sérstök nauðsyn að réttir aðilar (skipulags- og bygginganefnd) horfist í augu við vaxtarþörf þeirra í fyrirsjáanlegri framtíð, áður en meiriháttar viðhald eða viðbyggingar eru heimilaðar. Kemur þá til álita að stuðla að flutningi slíkra fyrirtækja eða reisa varnarvirki, er réttlæti áframhaldandi uppbyggingu þeirra á sama stað.

6.

Nefndin telur þörf á að sem fyrst verði könnuð réttarstaða aðila í sambandi við þær reglur og aðgerðir til varnar gegn snjóflóðum, sem hér er mælt með, svo og vegna annarra aðgerða, er bæjaryfirvöld kunna að ákveða.

7.

Snjóflóðanefnd telur rétt að bæjarbúum verði veittar hlutlæggar upplýsingar og fræðsla um snjóflóð og hættu af þeim og þær meginreglur, er lagðar verða til grundvallar öryggisráðstöfunum af hálfu almanna- varna vegna snjóflóðahættu. Telur nefndin, að aðeins með slíkri vitneskju almennings um forsundur varúðarráðstafana, sé líklegt að þær beri þann árangur, sem að er stefnt. Jafnframt ber að leggja áherslu á að kenna almenningsi að nýta kosti snævarins til útíllífs, enda sé þá jafnframt tekið eðlilegt tillit til snjóflóðahættu, m. a. við staðsetningu og rekstur skíðatogbrauta.

8.

Snjóflóðanefnd hefur þegar gert tillögur til almannavarnarnefndar Neskaupstaðar um samstarf almannavarna á Austurlandi við öflun og dreifingu upplýsinga um snjóflóð og æskilegar varúðarráðstafanir, svo og um aðild ýmissa aðila að því starfi, sbr. bréf snjóflóðanefndar frá 11. des. 1975.

Á sama hátt hvetur nefndin bæjaryfirvöld og almannavarnir í Neskaupstað til að leita samvinnu og hafa frumkvæði um aðgerðir til eflingar snjóflóðavarna á landsmælikvarða. Neskaupstaður býr á þessu sviði við svipaðar aðstæður og mörg önnur byggðarlög í landinu, en sú dýrkeypta reynsla sem hér hefur fengist leggur okkur nokkrar skyldur á herðar um forystu til að koma í veg fyrir, að slíkir atburðir komi mönnum aftur í opna skjöldu.

9.

Snjóflóðanefnd vekur athygli bæjarstjórnar á þeirri hættu, sem byggð getur stafað af skriðuföllum og aurflóðum og tillit þarf að taka til við skipulag byggðar. Bendir ýmislegt

til, að slík hættu sé oft á sömu svæðum og snjóflóð falla yfir. Þarf þetta sérstakrar úttektar við að mati nefndarinnar, einnig með hliðsjón af hugsanlegum varnarvirkjum gegn snjóflóðum.

10.

Snjóflóðanefnd er ljóst, að margháttadur vandi fylgir þeim aðstæðum, sem ljósar hafa orðið í framhaldi af snjóflóðunum í desember 1974. Við honum ber mönnum að bregðast af raunsei og með markvissum aðgerðum er tryggi sem mest öryggi fyrir íbúa byggðarlagsins í bráð og lengd.

Bæjaryfirvöld og almannavarnir verða því að framkvæma þær fyrirbyggjandi aðgerðir, sem tók eru á og vitneskja leyfir hverju sinni, og gera kröfur sem réttmætt er um stuðning ríkisins og annarra aðila við þær aðgerðir.

Samþykkt bæjarstjórnar Neskaupstaðar

Í samræmi við álit snjóflóðanefndar samþykkti bæjarstjórn að tillögu bæjarráðs á fundi sínum 10. des. 1976:

- a) Að athugunarmaður snjóflóða í Neskaupstað starfi áfram þar til annað verði ákveðið.
- b) Að skipulegar varúðarráðstafanir verði í höndum almannavarnarnefndar og mælist bæjarstjórn til við almannavarnarnefnd Neskaupstaðar, að eftir verði samstarf við almannavarnarnefndir á Austurlandi.
- c) Að bæjarstjóra verði falið að láta gera tillögu að eðlilegum byggðarmörkum innan núverandi lögsagnarumdæmis. Ennfremur, að svæðið innan byggðarmarkna verði flokkað með tilliti til snjóflóðahættu og gerðar verði tillögur um reglur varðandi byggingar á áður óbyggðum svæðum og snjóflóðasvæðum, þar sem þegar er komin byggð.
- d) Að fela bæjarverkfræðingi gerð frumáætlunar fyrir jarðtæknilega könnun ofan byggðar í Neskaupstað.

Að lokum þakkar bæjarstjórn Neskaupstaðar snjóflóðanefndinni og sérfræðingum NGI fyrir mikil og vel unnin störf.

Áskorun á ríkisstjórn og Alþingi

samþykkt á fundi bæjarstjórnar Neskaupstaðar 10. des. 1976:

„Bæjarstjórn Neskaupstaðar skorar á hæstvirta ríkisstjórn og Alþingi að setja lög, sem tryggja áframhaldandi snjóflóðarannsóknir og eftirlit með snjóflóðahættu, þótt snjóflóð falli ekki svo árum skipti. Í því sambandi styður bæjarstjórn þá hugmynd, að komið verði upp gagnabanka, miðstöð og landshlutastöðvum.

Jafnframt hvetur bæjarstjórn til þess, að sem fyrst verði sett lög og mótaðar reglur um, hver bera skuli kostnað og taka ákvarðanir um gerð hugsanlegra varnarvirkja.

Rétt er að undirstrika strax, að tilgangslaust er að tala um slík varnarvirki nema fyrir liggi, að ríkið eða hliðstæður aðili (viðlagatrygging) greiði kostnað við gerð þeirra að mestu eða öllu leyti.

Ennfremur hvetur bæjarstjórn til þess, að nú þegar verði könnuð

réttarstaða sveitarfélaga vegna varnaraðgerða á snjóflóðasvæðum“.

Þess er að geta, að í febrúar 1975 setti Rannsóknaráð ríkisins á fót starfshóp til að gera tillögur um fyrirkomulag rannsókna á snjóflóða-hættu og tók formaður snjóflóðanefndar Neskaupstaðar þátt í störfum hans. Starfshópurinn lauk störfum vorið 1976 og mun álit hans verða gefið út innan skamms. Sú hugmynd, sem bæjarstjórn vitnar til í áskorun til ríkisstjórnarinnar, kemur fram í tillögum snjóflóðanefndar Rannsóknaráðs.

Í gögnum snjóflóðanefndar Neskaupstaðar kemur það m. a. fram, að víða erlendis þar sem hættu er á snjóflóðum, hefur verið fylgst með þeim og metnar líkur á hvenær þau falli með allgóðum og vaxandi árangri. Viðmiðunarreglur þar sem hér hafa verið settar um snjóflóðahættu taka mið af slíkri reynslu og þeim upplýsingum um tengsl veðurfars og snjóflóða, sem unnt hefur verið að afla hér heima fyrir. Með áframhaldandi rannsóknum á að vera hægt að ná meira öryggi í slíkri forsögn til að byggja á varúðarráðstafanir almannavarna. Ljóst er að vara þarf við snjóflóðahættu mun oftast en vá ber að höndum, og verður þó seint náð fullkomnu

öryggi á þessu sviði fremur en öðrum, þar sem náttúruhamfarir eru annars vegar. Það er hins vegar bálð manna, að þær aðstæður sem skapa hér hættu á miklum snjóflóðum komi tiltölulega sjaldan, en mánari vitneskja um það mun fást með áframhaldandi rannsóknum.

Með starfi snjóflóðanefndar Neskaupstaðar og þeim athugunum sem fram fóru strax eftir að snjóflóðin féllu í desember 1974 telur bæjarstjórn, að lagður hafi verið góður grundvöllur að frekara starfi á þessu sviði, bæði á vegum almannavarna og skipulagsaðila. Mjög miklu varðar hins vegar um framhaldið, að stjórnvöld komi fastri og eðlilegri skipan á þessi mál fyrir landið í heild, og telur bæjarstjórn að þar megi taka verulegt mið af því starfi, sem hér hefur verið unnið.

Bæjarstjórn Neskaupstaðar efast ekki um fullan samstarfsvilja fólks hér heima fyrir um þær aðgerðir, sem nauðsynlegt kann að verða talið að grípa til í framtíðinni til varnar snjóflóðahættu. Mun bæjarstjórn fyrir sitt leyti stuðla áfram að fræðslu og hlutlægum upplýsingum um þessi efni, eftir því sem þörf er talin á hverju sinni, í samvinnu við almannavarnir og aðra er vinna að snjóflóðavörnum.

KORT